**NANA OG DÍSA**

*Tónleikar í eldhúsinu*

heimili tíska heilsa

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**EYDÍS BJÖRNSDÓTTIR**

*Kennir þjóðinni að stunda kynlíf*

Kallar ekki allt ömmu sínu

**FÓLK 49**









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. júlí 2006 — 186. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000




### Ofurmennið hefur sig til flugs

Brandon Routh er kominn í bláa gallann og svífur um Metropolis til að vernda ástina í lífi sínu, sjálfa Lois Lane.

**KVIKMYNDIR 48**

### Elladagur hjá Minjasafni Akureyrar

Í kvöld verður kvöldvaka í gamla bænum í Laufási þar sem sögur verða sagðar af Elísi Gíslasyni, sem var ráðsmaður þar á bæ, en hann fæddist fyrir 109 árum. Elli þessi var sérstakur kall og aðstandendur telja líklegt að Elladagur verði að árlegum viðburði.

**TÍMAMÓT 54**

### Hljóp uppi tímaþjóf

Gestum á Ölstofunni varð bylt við á dögunum þegar klukku staðarins var stolið. Barþjónninn Fabio la Marca gerði sér þó lítið fyrir og hafði upp á þjófnum og endurheimti klukkuna.



**FÓLK 46**



### Íslenska landsliðið í 107. sæti

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu hefur aldrei verið neðar á styrkleikalista FIFA. Á listanum sem gefinn var út í gær var Ísland í 107. sæti. Formaður KSÍ gefur lítið fyrir listann.

**SPORT 50**

### VEÐRIÐ Í DAG




**BJART AUSTANLANDS Í** dag verður suðvestan 5-13 m/s, hvassast norðvestan til. Bætir í vind á landinu vestanverðu með kvöldinu. Léttskýjað á austurhluta landsins en skýjað vestan til. Rigning norðvestan til í kvöld. Hiti 10-18 stig.

**VEÐUR 4**








**HELJARINNAR HÓPKNÚS** Mikil gleði var í Rúgbrauðsgerðinni í gærmorgun þegar skrifað var undir nýjan samning um kjör starfsmanna svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra. Salóme Þórisdóttir, formaður Þroskaþjálfafélags Íslands, er sátt og segir um umtalsverða hækkun að ræða. Þó mættu launin vera enn hærri. Á næstunni kemur í ljós hvort þeir þroskaþjálfar sem hafa sagt upp snúi aftur til starfa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Matarinnkaup lækka um fimmtíu þúsund

**Vörugjald á matvælum verður fellt niður og öll matvara mun bera 14 prósenta virðisaukaskatt ef tillögur nefndar um matarverð ná fram að ganga. Ekki náðist samstaða um niðurfellingu tolla á innfluttum landbúnaðarvörum.**

**MATVÆLAVERÐ** Matarinnkaup fjölskyldunnar lækka um fimmtíu þúsund krónur á ári, gangi tillögur nefndar forsætisráðherra eftir. Nefndin var skipuð í upphafi árs og var ætlað að fjalla um helstu orsakaþætti hás matvælaverðs á Íslandi og gera tillögur sem miða að því að færa matvælaverð nær því sem gengur og gerist í helstu nágrannaríkjum. Í nefndinni sátu fulltrúar fjögurra ráðherra og fimm hagsmunasamtaka.

Meðal þess sem nefndin gerir tillögur um er að vörugjald á matvælum verði fellt niður og að öll matvara beri fjórtán prósenta virðisaukaskatt en ýmsar vörur – einkum það sem kallað er munaðarvörur – bera 24,5 prósenta virðisaukaskatt.

Þau sjónarmið voru uppi í nefndinni að fella niður tolla á innfluttum landbúnaðarvörum en fulltrúi Bændasamtakanna í nefndinni lagðist alfarið gegn þeim. „Við vorum ekki tilbúin til að ræða einhliða stór skref í tollabreytingum,“ segir Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur hjá Bændasamtökunum. „Okkur komu á óvart þær hugmyndir sem ræddar voru í nefndinni um að gera miklu meira í færri og stærri skrefum heldur en áður hefur verið rætt um af hálfu stjórnvalda. Einhliða lækkun á tollum er ekki eitthvað sem þjóðir eru almennt að gera. Þetta er ákveðið samningstæki og við hljótum að vilja fá einhvern ávinning fyrir aðra atvinnustarfsemi í landinu á móti.“

Erna bendir á að Ísland hefur verið í viðræðum við Alþjóðaviðskiptastofnunina varðandi niðurfellingu tolla á landbúnaðarvörum og eðlilegra sé að láta þróunina hér miða við straumana þar.

„Alþýðusamband Íslands hefur talað fyrir ágengari málflutningi varðandi niðurfellingu á landbúnaðartollum og ég held það sé óhætt að segja að það hafi borið breiðast þar á milli.“

Nefndin mun skila skýrslu til forsætisráðherra á næstu dögum. - bþs/sdg

Tollverðir í Leifsstöð stöðvuðu ungt par við komuna frá Frankfurt:

# Með kíló af kókaíni í skónum

**SMYGL** Íslenskt par um tvítugt var stöðvað af tollvörðum í Leifsstöð á fimmtudag með kíló af kókaíni falið í skóm sínum.

Fólkið, sem er 23 og 24 ára, var að koma frá Frankfurt í Þýskalandi og hafði búið skófatnað sinn þannig að í hvern skó var hægt að koma 250 grömmum af kókaíni auðveldlega fyrir. Götuandvirði kókaínsins er samkvæmt heimildum Fréttablaðsins á bilinu tólf til fjórtán milljónir íslenskra króna.

Skórnir sem notaðir voru eru Timberland gerðar með þykkum sólum, en efnið var falið á við og dreif í skónum. Við húsleit hjá parinu fundu lögreglumenn síðan kíló af hassi.



**LEIFSSTÖÐ** Parið faldi kókaínið í skófatnaði sínum. Sýslumaður segir fólkið hafa verið stöðvað við hefðubundið eftirlit.

Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, vill ekki gefa frekari skýringar á hvernig tollgæslunni hugnaðist að leita í skófatnaði fólksins, nema að um hefðbundið eftirlit hafi verið að ræða.

„Það að efnin skyldu finnast svona vel falin er til marks um það öfluga eftirlit sem er við lýði hjá tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli,“ segir Jóhann. Hvort parið væri grunað um að vera burðardýr fyrir þriðja aðila, kvað Jóhann enn of snemmt að álykta um slíkt.

Parið var úrskurðað í tveggja vikna gæsluvarðhald og er rannsókn málsins enn í gangi. - æþe

Framboð til stjórnar Straums:

# Kosning í stjórn talin ólíkleg

**VIÐSKIPTI** Líklegast er að sjálfkjörið verði í stjórn Straums-Burðaráss á hluthafafundi 19. júlí. Framboðsfrestur rennur út klukkan tvö í dag.

Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Straums-Burðaráss og aðilar tengdir honum ráða flestum atkvæðum í félaginu. Ásamt honum bjóða þeir Birgir Már Ragnarsson, framkvæmdastjóri Samsonar, og Eggert Magnússon, stjórnarmaður í Straumi, sig fram í fimm manna stjórn.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur verið rætt um að fulltrúar FL Group verði þeir Hannes Smárason og Jón Ásgeir Jóhannesson. Talið er líklegast að sú verði niðurstaðan.

Hannes situr í stjórn Glitnis og mun, ef þetta verður niðurstaðan, ganga úr stjórn bankans þar sem hann getur ekki setið í stjórn tveggja banka. Vangaveltur voru í gær um hvort lífeyrissjóðirnir myndu tilnefna mann til stjórnarsetu, en það er talið ólíklegt og því líklegast að stjórnin verði sjálfkjörin. - eþa/hh

Zidane um orð Materazzi:

# Snerta móður mína og systur



**ZINEDINE ZIDANE**

**FÓTBOLTI** Franski knattspyrnumaðurinn Zinedine Zidane hélt blaðamannafund í gærkvöldi þar sem hann ræddi atvikið þegar hann skallaði Marco Materazzi í bringuna í úrslitaleik HM. Zidane fékk rauða spjaldið í leiknum en vildi ekki segja nákvæmlega hvað það var sem Materazzi sagði sem varð til þess að hann brást svona við. Hann sagði þó að það hefði verið mjög alvarlegt og snert móður hans og systur.

„Ég vil nota tækifærið og biðja öll börn sem urðu vitni að þessu afsökunar, svona á ekki að hegða sér,“ sagði Zidane. - egm / sjá síðu 53






## SPURNING DAGSINS

*Sveinn, er blóðugt að missa þessa fermetra?*

„Ég held þvert á móti að heilbrigðisyfirvöldum muni renna blóðið til skyldunnar og leysa þennan vanda með glæsibrag.“

Starfsmenn Blóðbankans eru ósáttir við að fá ekki allt húsið að Snorrabraut 60 til afnota, heldur missa um 150 fermetra til framkvæmdanefndar um nýtt sjúkrahús með Alfreð Þorsteinsson í fararbroddi. Sveinn Guðmundsson er yfirlæknir Blóðbankans.

Rekstrarvandi Landspítala - háskólasjúkrahúss magnast vegna gengisbreytinga:

# Lyf hækka um tugi milljóna

**HEILBRIGÐISMÁL** Lyfjakostnaður Landspítalans hækkar um sextíu til sjötíu milljónir, einungis vegna gengisbreytinga á þessu ári, ef reiknað er með að gengi helstu gjaldmiðla haldist óbreytt út árið. Þetta er mat Valgerðar Bjarnadóttur, sviðsstjóra innkaupa- og vörustjórnunarsviðs Landspítalans.

Lyfjakostnaður Landspítalans er um 2,7 milljarðar króna á ári eða tæp tíu prósent af heildarrekstrarkostnaði sjúkrahússins. Stærstur hluti þessara lyfja eru ný og dýr lyf sem aðeins eru gefin innan sjúkrahússins, sem stendur straum af kostnaði þeirra að fullu.

Magnús Pétursson, forstjóri Landspítalans, segir að allt sem er beintengt genginu eins og lyf, hjúkrunarvörur og tækjavörur skýri þann halla sem fimm mánaða uppgjörið sýni og að lyfin séu þar veigamest. Magnús býst við að sex mánaða uppgjör á rekstri sjúkrahússins muni þó ekki sýna mikið hærri tölur. „Stjórnvöldum er vel kunnugt um þennan vanda og það er heilbrigðisyfirvalda að gera eitthvað í því. Það felst ekki í því að byggja hús heldur er það rekstur-inn sem skiptir mestu máli.“ Rekstrarhalli samkvæmt fimm mánaða uppgjöri er um tvö hundruð milljónir króna.



**LANDSPÍTALINN** Gengisbreytingar eiga stærstan þátt í 200 milljóna króna halla á fimm mánaða uppgjöri.

Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndar alþingis, segir að fjárhagsstaða Landspítalans hafi ekki verið rædd innan nefndarinnar nýlega. „En það er ljóst að ríkisfyrirtæki verða, hvort sem þeim líkar það betur eða verr, að fara að fjárlögum.“ **- shá**

Hryðjuverkin í Mumbai:

# Ráðherrar votta samúð

**SAMÚÐ** Forsætis- og utanríkisráðuneyti Íslands hafa sent indverskum stjórnvöldum samúðarkveðjur vegna hryðjuverkaárásanna í Mumbai í fyrradag.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sendi forsætisráðherra Indlands, dr. Manmohan Singh, kveðjur og Valgerður Sverrisdóttir sendi sama manni, sem einnig gegnir stöðu utanríkisráðherra, sína kveðju.

Í bréfi sínu fordæmir Valgerður árásirnar og ítrekar stuðning íslenskra stjórnvalda við baráttuna gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. **- sh**

Fjárdráttur í Tryggingastofnun:

# Mæðgin laus úr varðhaldi

**FJÁRSVIK** Gæsluvarðhald yfir konunni sem grunuð er um aðild að fjárdrættinum hjá Tryggingastofnun og syni hennar rann út í gær. Jón H. B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, segir að ekki hafi þótt nauðsyn til að krefjast lengra gæsluvarðhalds.

Rannsókn málsins miðar vel og hafa á þriðja tug einstaklinga verið yfirheyrðir vegna málsins. Konan er talin hafa dregið að sér 75 milljónir króna. **- æþe**

# Sagðist nota etanól í bakstra við bakverk

**Efnafræðingur, sem vitnaði í máli tveggja Litháa sem ákærðir eru fyrir stórfellt fíkniefnabrot, sagði fyrir dómi að hann hefði aldrei séð amfetamín í fljótandi formi áður. Það var flutt inn í hvítvínsflöskum og líklega ekki í fyrsta sinn.**

**DÓMSMÁL** Tæplega fertugur Lithái má búast við rúmum tveggja ára fangelsisdómi, verði hann sakfelldur í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir innflutning á rétt um 1,8 kílóum af fljótandi amfetamíni í tveimur hvítvínsflöskum. Ákæruvaldið krefst þess einnig að 44 ára Lithái, sem er búsettur hér á landi, verði sakfelldur. Hann er ákærður fyrir að hafa átt að taka við efnunum hér á landi. Þeir neita báðir sök.

Jakob Kristinsson lyfjafræðingur vitnaði í málinu í gær og sagði að hann hefði aldrei séð amfetamín í fljótandi formi áður. Efnið væri mjög hreint, eða 77 prósent í annarri flöskunni og 89 prósent í hinni. Hann teldi að hægt væri að taka það í fljótandi formi þótt hætta væri á ofneyslu. Auk brennisteinssýru væri hægt að nota etanól til að koma amfetamíninu í fast form.

Sá sem náðist með flöskurnar sagði fyrir réttinum að hann hefði haldið að áfengi væri í þeim. Hann staðfesti að hann hefði einnig komið með tvær flöskur í desember og afhent þær þá hinum ákærða í málinu. Hann hefði ekki vitað hver ætti að fá flöskurnar í síðari ferðinni, en fengið boð um að þær yrðu sóttar á gististað hans.



**HLÉ Á STRÖNGUM RÉTTARHÖLDUM Í HÉRAÐSDÓMI** Sveinn Andri Sveinsson fyrir utan dómssalinn í gær. Hann er verjandi Litháans sem búsettur er hér. Litháinn snýr baki í myndavélina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sveinn Andri Sveinsson, verjandi mannsins sem búsettur er hér, sagði að ákæruvaldinu hafi ekki tekist að sanna neitt á skjólstæðing sinn: „Í kenningum lögreglunnar er ekki heil brú.“ Sveinn krafðist sýknu, en lögreglan komst á spor skjólstæðings Sveins, þar sem hann hafði greitt far hins frá landinu í desember með kreditkorti.

Við húsleit á heimili skjólstæðings Sveins fann lögreglan uppskrift af amfetamíni í föstu formi og etanól, ásamt tveimur e-töflum. Uppskriftina sagðist sá ákærði hafa sótt fyrir vin sin og ekki vitað að væri fyrir amfetamínframleiðslu. Etanólið sagðist hann nota í bakstra við bakverkjum og töflurnar sagðist hann hafa fundið á gólfi skemmtistaðar, tekið upp og gleymt. Hann hefði borgað farið fyrir félaga sinn af greiðasemi þar sem hann ætti krítarkort og gæti því fengið hagstæðara verð á netinu. Hann hefði fengið endurgreitt í peningum.

Ákæruvaldið telur að óþekktur vitorðsmaður í Litháen hafi starfað með ákærðu mönnunum. Lögreglan fann hann ekki. Hún fann heldur aldrei þá menn sem hinir ákærðu nefndu til sögunnar við vitnaleiðslur og taldi það ekki reynandi. Það gagnrýndu verjendurnir en Daði Kristjánsson, fulltrúi ákæruvaldsins, sagði að óglögg göng ættu ekki að fría mennina sök. **gag@frettabladid.is**



**FYRIR DÓMARA** Litháinn sem handtekinn var í Leifsstöð 4. febrúar kom fyrir dómara í héraðsdómi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**FORSETAHJÓNIN** George og Laura Bush eru í heimsókn í Þýskalandi.

Bush-hjónin til Þýskalands:

# Á heimaslóðir kanslarans

**ÞÝSKALAND, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti kom í gær til Þýskalands í boði Angelu Merkel Þýskalandskanslara. Bush verður í Þýskalandi þangað til á morgun, en þá heldur hann til Rússlands á leiðtogafund G8.

Í Þýskalandi fer Bush á heimaslóðir Merkel við strönd Eystrasalts, þar sem áður var Austur-Þýskaland.

„Mér finnst það alltaf merki um mikla gestrisni þegar einhver býður manni að koma á heimaslóðir sínar,“ sagði Bush. **- gb**



**Á BESSASTÖÐUM** Lafði Dufferin afhendir hér mynd af Dufferin lávarði sem tekin var í ferð hans hingað til lands árið 1856.

Forseti Íslands:

# Tók á móti skútukörlum

**SIGLINGAR** Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, tók í gær á móti breskum skútukörlum á Bessastöðum. Sigldu þeir hingað til lands á tíu skútum til að minnast þess að í sumar eru liðin 150 ár frá því að Dufferin lávarður sigldi til Íslands á skútu. Var Ísland fyrsti áfangastaður Dufferins á siglingu hans um Atlantshaf árið 1856, en hann sigldi einnig til Jan Mayen og Noregs. Síðar skrifaði hann bók um ferðir sínar á norðurslóðum.

Viðstödd móttökuna í dag var lafði Dufferin, síðasti núlifandi afkomandi lávarðarins. **- öhö**

Aron Pálmi í Texas:

# Lenti óvart á handtökulista



**ARON PÁLMI**

**TEXAS** Aron Pálmi Ágústsson, sem hefur afplánað betrunarvist í Texas seinustu níu árin, var næstum handtekinn á þriðjudag eftir að hafa lent á handtökulista vegna mistaka í tölvukerfi lögreglu.

Aron sendi stuðningsnefnd sinni á Íslandi SMS boð um að lögreglan væri komin að heimili hans. Skilorðsfulltrúinn fullvissaði hann síðan um að um mistök væri að ræða og kom í kjölfarið í veg fyrir handtökuna. **- sdg**




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Eftirmálar hryðjuverkanna í Mumbai á Indlandi sem urðu 200 að bana:

# Enginn hefur lýst yfir ábyrgð

**INDLAND, AP** Sérfræðingar leituðu í gær að vísbendingum í rústum lestarvagna sem sprungu í loft upp í átta sprengjum á háannatíma í Mumbai (Bombay) á Indlandi á þriðjudag. Svo virðist sem sprengjunum hafi verið komið fyrir á farangursgrindum í lestunum, en þær urðu yfir 200 manns að bana og særðu fleiri en 700.

Enginn hryðjuverkahópur hefur lýst ábyrgðinni á hendur sér.

Talsmenn tveggja herskárra hópa í Kasmír-héraði neituðu aðild að sprengjunum og fordæmdu þær. Talsmenn Indlandsstjórnar létu hafa eftir sér í gær að sprengjurnar væru of þróaðar fyrir Kasmír-hópana, og töldu líklegra að um öfgasinnaða múslimahópa væri að ræða.

Forsætisráðherra Indlands, Manmohan Singh, lýsti því yfir í gær að „enginn myndi knésetja Indland,“ og hvatti landa sína til að sýna samstöðu.

Unnið var hörðum höndum að viðgerðum og þrifum og voru samgöngur komnar í nokkurn veginn samt lag í gærdag, þó færri íbúar nýttu sér lestirnar en venjulega. Öryggisgæsla hefur verið hert til muna í öllum borgum Indlands.

Sextán milljónir manna búa í Mumbai. **- smk**



**LESTIN VÖKTUÐ** Öryggisgæsla hefur verið hert til muna í öllum borgum Indlands. Myndin er tekin í Kalkútta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




| Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10.00 - 18.30 | 10.00 - 21.00 | 10.00 - 19.00 | 10.00 - 18.00 | 13.00 - 17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

**Nýtt kortatímabil**

Kringlan

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 12.6.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 74,1 | 74,46 |
| Sterlingspund | 136,56 | 137,22 |
| Evra | 94,29 | 94,81 |
| Dönsk króna | 12,639 | 12,713 |
| Norsk króna | 11,849 | 11,919 |
| Sænsk króna | 10,287 | 10,347 |
| Japanskt jen | 0,6447 | 0,6485 |
| SDR | 109,64 | 110,3 |

*Gengisvísitala krónunnar*
130,3226

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Viðskiptabankar högnuðust verulega á mikilli verðbólgu á öðrum ársfluta:

# Verðbætur á ellefta milljarð

**VERÐTRYGGING** Talið er líklegt að hagnaður viðskiptabankanna þriggja af verðbótum hafi numið um 10,5 - 10,9 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi. Verðbólga mældist um 3,8 prósent á tímabilinu og hafði mikil áhrif á afkomu bankanna sem eiga yfir 350 milljarða í verðtryggðum eignum að frádregnum skuldum.

Verðbætur koma inn sem vaxtatekjur í bækur bankanna.

Verðtryggingajöfnuður Glitnis banka var jákvæður um 110 milljarða króna í lok fyrsta ársfjórðungs og reiknar greiningardeild Landsbankans með því að hagnaður Glitnis af verðbótum á öðrum ársfluta hafi numið rúmum þremur milljörðum króna. Þá gerir Landsbankinn ráð fyrir að hagnaður KB banka af verðbótum hafi verið sams konar.

Verðtryggingajöfnuður Landsbankans var öllu meiri í lok fyrsta ársfjórðungs en hinna bankanna, eða um 150 milljarðar króna. Af því má ætla að hagnaður bankans af aukinni verðbólgu hafi numið rúmum 4,6 milljörðum króna.

Þá er búist við að vaxtatekjur bankanna hafi aukist verulega vegna veikingar krónunnar. **- eþa**



**BANKAR GRÆÐA Á VERÐBÓLGU** Hagnaður stóru bankanna af verðbótum er áætlaður ellefu milljarðar á öðrum ársfjórðungi.

Sautján ára ökumaður:

# Á ofsahraða í Ártúnsbrekku

**LÖGREGLUMÁL** Sautján ára unglingur var stöðvaður á 125 kílómetra hraða í Ártúnsbrekkunni upp úr klukkan þrjú í gærnótt. Drengurinn hefur sjálfsagt vonast til að eftirliti lögreglunnar væri áfátt svona seint um kvöld. Hann má eiga von á hárri sekt í kjölfarið.

Þá var ökumaður bifhjóls stöðvaður á 141 kílómetra hraða á Suðurlandsvegi um miðnætti í gærkvöldi. Munaði hársbreidd upp á hraðann að hann hefði verið sviptur ökuréttindum á staðnum.

Sex ökumenn voru teknir fyrir ölvunarakstur í Reykjavík síðasta sólarhringinn. **- æþe**



**KEFLAVÍK** Lögreglumenn handtóku tvo ofbeldisseggi síðdegis í gær.

Ölvunarlæti í Keflavík í gær:

# Skemmdu bíla og slógu fólk

**LÖGREGLUMÁL** Tveir ölvaðir menn voru handteknir við Nýjung við Hafnargötu í Keflavík í gær eftir að hafa skemmt bíla og ráðist að fólki.

Mennirnir, sem eru pólskir, voru mjög ölvaðir að sögn lögreglu og hlýddu ekki fyrirmælum. Voru þeir fluttir í fangageymslur þar sem þeir voru látnir sofa úr sér svo hægt yrði að ræða við þá.

Hvorki fórnarlömb ofbeldisins né bíleigendurnir höfðu lagt fram kæru í gærkvöld. **- sdg**

Sjóræningi í Noregi:

# Norskir lesendur fylgja Einari

**SJÁVARÚTVEGUR** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra hringdi í norska kollega sinn, Helgu Pedersen, og kvartaði undan því að sjóræningjaskipi hefði verið veitt aðstoð fyrir nokkru.



**EINAR K. GUÐFINNSSON**

Vefsíða norska sjávarútvegsblaðsins Fiskaren gerði könnun á því hver skoðun lesenda væri á kvörtun Einars. Niðurstaðan var afdráttarlaus. Allir sem tóku þátt í könnuninni voru sammála sjónarmiði Einars. **- shá**

# Segir stúdentsprófið ekki ávísun á háskólavist

**Rektor Háskólans á Akureyri segir að gangi tillögur nefndar um eflingu starfsnáms eftir gæti farið svo að fólk með stúdentspróf eigi ekki lengur vísan aðgang að háskólanámi. Flestir eru þó sáttir við tillögurnar.**

**MENNTAMÁL** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra kynnti í gær niðurstöður nefndar um eflingu starfsnáms þar sem meðal annars komu fram tillögur að því að hefðbundin aðgreining starfsnáms og bóknáms í framhaldsskólum yrði afnumin og að skólum yrði veitt meira frelsi en áður til að bjóða margvíslegt nám til stúdentsprófs. Fulltrúar skóla og atvinnulífs eru misánægðir með niðurstöðuna.

Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri, segir að verði hugmyndirnar að veruleika gæti komið til þess að stúdentspróf yrði ekki lengur ávísun á að komast inn í háskólanám.

„Vissulega getur það orðið. Það virðist vera þannig að framhaldsskólarnir fái miklu meira svigrúm til að skipuleggja nám sitt og síðan munu háskólarnir bara meta það hvað af þessu námi er eftirsóknarvert fyrir þá að fá inn.“ Þorsteinn er þó jákvæður í garð tillagnanna. „Háskólanám þarf líka á starfsnámi að halda í sinni uppbyggingu, þannig að ég held að þetta geti farið vel saman.“

Jón Már Héðinsson, skólameistari Menntaskólans á Akureyri, er ánægður með niðurstöðuna. „Ég er mjög ánægður með það að það eigi að veita skólunum meira frelsi og að það eigi að hafa kjarnann tiltölulega einfaldan og rúman eins og þarna er stungið upp á.“ Hann segir að afnám aðgreiningar starfsnáms og bóknáms sé ekkert nýtt, því það hafi lengi verið stefnt undir skólunum sjálfum komið hvort þeir viðurkenni verknám sem hluta stúdentsprófs. Í Menntaskólanum á Akureyri hafi til dæmis áður verið boðið upp á það að nemendur tækju hluta af sínu stúdentsprófi í verknámi við Verkmenntaskólann á Akureyri. Það er hvergi í þessum tillögum heldur minnst á það hversu langt námið á að vera og þess vegna er þarna verið að leysa úr þeim fjötrum sem umræðan um styttingu náms til stúdentsprófs er komin í.“



**Í SKÓLASTOFUNNI** Fulltrúar skóla og atvinnulífs eru misánægðir með tillögur nefndarinnar þótt enginn sé óánægður. Skólastjóri Iðnskólans í Hafnarfirði er efins um að þær hafi mikil áhrif á starfsnám. Myndin er úr safni.

Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins og formaður menntanefndar ASÍ, segir að loksins sé stigið skynsamlegt skref í átt að því að jafna stöðu starfsnáms og bóknáms. „Hingað til hafa aðgerðir stjórnvalda frekar miðast við að gera hlut starfsmenntunar lægri en hefur verið með því að leggja niður starfsbraut og fleira í þeim dúr.“

Jóhannes Einarsson, skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði, er efins um að tillögurnar hafi mikil áhrif á starfsnám. „Starfsnámið er og hefur alltaf verið hornreka og ég efast um að þetta breyti miklu þar um. Afnám aðgreiningarinnar er jákvæð í sjálfu sér en þetta er bara á pappírum enn sem komið er.“

Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík, vildu ekki tjá sig um málið að svo stöddu þegar blaðamaður náði tali af þeim í gær.

Hagsmunaráð framhaldsskólanema mun funda um málið í kvöld og hyggst taka afstöðu að fundinum loknum. **stigur@frettabladid.is**

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar eru sammála um það að hugmyndir nefndarinnar séu góðar en hafa áhyggjur af því að ekki fáist nægt fjármagn til að framkvæma þær.



**Ágúst Ólafur Ágústsson**, varaformaður Samfylkingarinnar, segir Samfylkinguna lengi hafa talað fyrir því að auka vægi starfsnáms. „Hingað til hefur það strandað á borði ríkisstjórnarinnar. Þetta er í sjálfu sér fagnaðarefni en það þarf að koma fjármagn með þessum áherslubreytingum.“ Hann er hissa á ummælum ráðherra um að draga þurfi úr miðstýringu í menntakerfinu. „Þetta er sami ráðherra og barðist fyrir samræmdu stúdentsprófi, en hrökklaðist reyndar með það til baka, og þú finnur varla meiri miðstýringu en þann óskapnað.“



**Katrín Jakobsdóttir**, varaformaður vinstri grænna, segir tillögurnar að mestu samhljóða menntastefnu vinstri grænna. „Mér líst vel á þetta. Þetta gæti orðið til þess að minnka brottfall en hins vegar er ekki búið að útfæra hvernig á að borga fyrir þetta.“



**Guðjón Arnar Kristjánsson**, formaður Frjálslyndra, segir hugmyndirnar áhugaverðar. „Ég held að þetta gæti orðið til góðs að því leyti að fólk sjái minni þröskulda við að fara í verknám, vegna þess að það á greiða leið að stúdentsprófi að náminu loknu. Þetta er hins vegar dýrt í framkvæmd og gæti orðið flókið án samstarfs skóla.“




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

FREMUR LEIÐINLEGT

Að deginum í dag undanskildum eru veðurhorfurnar næstu daga heldur leðinilegar. Strax í kvöld fer að rigna á norðvestanverðu landinu og á morgun verður talsverð væta sunnanlands og vestan. Það eru reyndar horfur á að vætan nái vart yfir á norðausturhornið og því má segja að horfurnar þar séu betri. En á það ber þó að líta að horfurnar á morgun og hinn eru nokkuð vindasamar.

HÖFUÐBORGIN

Sunnan 5-10 m/s hvassast síðdegis eða í kvöld. Skýjað og úrkomulítið. Hiti 10-13 stig.




*um hádegi »*

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 22°C | heiðskírt | London | 22°C heiðskírt | Alicante | 30°C hálfskýjað |
| Billund | 21°C | hálfskýjað | París | 25°C heiðskírt | Mallorca | 26°C heiðskírt |
| Osló | 19°C | hálfskýjað | Frankfurt | 25°C rigning | Algarve | 29°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 20°C | skúrir | Friedrichshafen | 25°C rigning | Krít | 25°C heiðskírt |
| Gautaborg | 19°C | skúrir | Berlín | 29°C hálfskýjað | Las Palmas | 24°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Síminn
NÝ ÁSKRIFTARLEIÐ • NÝ ÁSKRIFTARLEIÐ •
NÝTT
Síminn býður
Betri leið!
Enn meiri ávinningur
Með því að skrá þig í Betri leið Símans verður allt svo miklu einfaldara. Þú velur þá áskriftarleið sem hentar þér best og færð vikulega skilaboð í símann þinn með upplýsingum um notkun. Borgaðu eitt fast mánaðargjald þar sem fyrirfram ákveðinn mínútufjöldi og fjöldi SMS skilaboða er innifalinn.*
Skráðu þig á sölustöðum Símans um allt land, í síma 800 7000 eða á Þjónustuvef Símans á siminn.is
Það besta við Betri leið!
• Meiri ávinninngur – þú sparar!
• Inneignin gildir í kerfi allra símafyrirtækja innanlands
• Meira úrval áskrifta – þú velur það sem þér hentar
• SMS tilkynningar um stöðu inneignar vikulega
Góður GSM 35
35 mín / 20 sms
990 kr. á mán.
Betri GSM 100
100 mín / 60 sms
1.990 kr. á mán.
Bestur GSM 160
160 mín / 90 sms
2.990 kr. á mán.
Langbestur GSM 280
280 mín / 180 sms
4.990 kr. á mán.
*Umframnotkun gjaldfærist samkvæmt verðskrá
Kynntu þér skilmálana á siminn.is
800 7000 - siminn.is



## KJÖRKASSINN

*Heldur þú að verðbólgan lækki á árinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 42% |
| Nei | 58% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefur þú lesið bók í sumar?*

Segðu skoðun þína á Visi.is

Vísir

Kvartað hefur verið yfir sjúkraflugi Landsflugs í Vestmannaeyjum:

# Segir félagið ekki fá vinnufrið

**SJÚKRAFLUG** „Í sjálfu sér kom ekkert merkilegt þarna upp á annað en það að við sinntum sjúkraflugi í fullu samstarfi við sjúkrahúsið í Eyjum,“ segir Rúnar Árnason, framkvæmdastjóri Landsflugs, um atvik sem kom upp í fyrradag þegar flytja átti sjúkling frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur en sjúkraflugvél Landsflugs var upptekin í farþegaflugi.

„Þarna var ekki um neyðartilvik að ræða, flugvélin var beðin um að sækja sjúklinginn klukkan sjö og hún var tilbúin til brottfarar tíu mínútur í sjö.“ Hann segir Landsflug ekki fá vinnufrið í Eyjum og telur sig vita ástæðuna: „Málið er að Flugfélag Vestmannaeyja var með þennan sjúkraflugssamning fyrir áramót. Eftir að við tókum við honum hefur verið fylgst með hverju skrefi sem við tökum og farið með það í fjölmiðla, og þar er oftar en ekki farið með rangt mál. Okkar hlið á málinu hefur ekki fengið að sérstaklega að njóta sín.“



**FLOGIÐ YFIR VESTMANNAEYJAR** Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur látið gera úttekt á sjúkraflugi á öllu landinu.

Aðspurður um hvers vegna flugvélin hafi verið í farþegaflugi segir hann að það sé ekkert nýtt, þetta um í mörg ár. „Flugið tekur tuttugu mínútur og við ákváðum að fljúga þarna með nokkra Eyjamenn til Reykjavíkur.“ **- sþs**

Breska fjármálahneykslið:

# Ráðgjafi Blairs handtekinn

**LONDON, AP** Helsti fjármálaráðgjafi breska Verkamannaflokksins, Levy lávarður, var í gær handtekinn í tengslum við rannsókn bresku lögreglunnar á ásökunum um að Tony Blair forsætisráðherra hafi með óeðlilegum hætti séð til þess að auðkýfingar, sem styrktu flokkinn, fengju sæti í lávarðadeild þingsins.

Talsmaður Blairs sagði í gær að þótt þetta mál varðaði Verkamannaflokkinn þá hefði það engin áhrif á ríkisstjórn Blairs. Handtakan gæti þó aukið mjög á pólitísk vandræði Blairs. Levy er einn af nánustu bandamönnum hans. **- gb**


BÍLL DAGSINS

NISSAN PATROL ELEGANCE 33”

Nýskr 10.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 11 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.







# Ísraelsher ræðst inn í Suður-Líbanon

**Viðbrögð Ísraelshers við handtöku Líbana á tveimur ísraelskum hermönnum hafa vakið mikil mótmæli um allan heim. Forsætisráðherra Ísraels segir viðbrögð landa sinna verði „óguð en afar, afar sársaukafull“.**

**LÍBANON, AP** Liðsmenn Hezbollah handsömuðu tvo ísraelska hermenn í gærmorgun og varð það til þess að Ísraelsher svaraði fyrir sig með umfangsmiklum árásum úr herflugvélum, skriðdrekum og fallbyssubátum í Suður-Líbanon, á meðan ísraelskir landgönguliðar flykktust yfir landamærin í leit að föngunum tveim.

Forsætisráðherra Ísraels, Ehud Olmert, kallaði handtökuna „stríðsaðgerð“ og sagði líbönsku ríkisstjórnina ábyrga. Hann sagði jafnframt að viðbrögð Ísraela „myndu verða óguð, en afar, afar sársaukafull“.

Ísraelsher á þegar í afar umdeildum átökum við Palestínumenn á Gaza-ströndinni, þar sem hermenn reyna að frelsa einn félaga sinn sem handsamaður var 25. júní af aðilum sem taldir eru tengjast Hamas-hreyfingunni. Þau átök hafa vakið mikil viðbrögð alþjóðlega, og hafa ráðamenn valdamestu ríkja heims hvatt Ísraelsher til að draga sig til baka. Einn ísraelskur hermaður hefur farist í þeim átökum, en minnst 60 Palestínumenn, þar af fjölmörg börn og unglingar. Hermaðurinn var skotinn af félögum sínum fyrir mistök.

En í stað þess að draga úr átökunum, jók Ísraelsher umfang árásanna á Gaza í gærmorgun og sprengdi heimahús skömmu fyrir dögun í þeirri trú að þar væri að finna háttsettan leiðtoga Hamas-hreyfingarinnar. Svo var þó ekki og fórust níu meðlimir einnar palestínskrar fjölskyldu í árásinni, þar af sjö börn.

Talsmenn Hezbollah segjast hafa handtekið hermennina í þeim tilgangi að fá ísraelsk yfirvöld til að leysa líbanska fanga úr haldi í Ísrael.



**BRÚ EYÐILÖGÐ** Ungur líbanskur maður sýndi friðarmerkið með fingrunum þegar ljósmyndara bar að garði. Maðurinn var að skoða rústir Qassmieh-brúarinnar sem Ísraelsher sprengdi í loft upp í gær í hefndarskyni fyrir handtöku Hezbollah á tveimur ísraelskum hermönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Uppreisnarmennirnir sem halda hermanninum í Palestínu hafa einnig farið fram á fangaskipti, en Ísraelar hafa neitað þeim skiptum, þó þeir hafi áður skipst á föngum við Hezbollah. Ísraelar halda minnst níu þúsund Palestínumönnum í fangelsi í Ísrael, körlum, konum og börnum.

Bæði talsmenn Hezbollah og heimastjórnar Palestínu sögðust í gær vonast eftir friðsamlegri lausn á deilunum.

En hernaðaraðgerðir Ísraela í gærdag sýndu enn frekar að Ísraelar hafa lítinn áhuga á samningaviðræðum um fangaskipti í þetta sinn. Fórust minnst tveir óbreyttir líbanskir borgarar í átökunum, auk sjö ísraelskra hermanna.

Talsmenn Sameinuðu þjóðanna hafa fordæmt árásir Ísraelsmanna á Gaza-svæðið og sagt þá beita of miklum herafla. Kofi Annan, framkvæmdastjóri SÞ, fordæmdi viðbrögð Ísraela gegn Líbanon, og kallaði eftir tafarlausri lausn ísraelsku hermannanna. Talsmenn Bandaríkjastjórnar sögðust halda Íran og Sýrland ábyrg fyrir handtöku hermannanna.

**smk@frettabladid.is**

Samtök atvinnulífsins um hækkun stýrivaxta:

# Undrast rökstuðning Seðlabanka Íslands

**VIÐSKIPTI** Samtök atvinnulífsins telja það undrunarefni að Seðlabankinn rökstyðji nýjustu hækkun stýrivaxta meðal annars með því að þensla í íbúðabyggingum haldi áfram og að framkvæmdir verði enn meiri árið 2007 en 2006. Á heimasíðu samtakanna segir að ef spá Seðlabankans gengi eftir yrði hér offramboð á fasteignum og hætta á verðhruni á húsnæði með ófyrirséðum afleiðingum.

Í nýjustu spá Seðlabankans er gert ráð fyrir að eftir metumsvif á þessu ári, og 14,9 prósenta aukningu frá síðasta ári, vaxi fjárfesting í íbúðarhúsnæði enn um 3,8 prósent á næsta ári.



**VILHJÁLMUR EGILSSON** Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins undrast nýjustu hækkun stýrivaxta.

Segja Samtök atvinnulífsins upplýsingar frá aðilum á byggingamarkaði benda til þess að verktakar muni draga úr framkvæmdum við íbúðabyggingar á næsta ári. Það sé í samræmi við minnkandi eftirspurn og stuðli að jafnvægi á fasteignamarkaði. **- hhs**

Sölumaður gengur í hús:

# Ekki á vegum heyrnalausra

**LÍKNARMÁL** Félagi heyrnalausra hafa borist ábendingar um sölumann á Akureyri sem gefur sig út fyrir að vera að safna á vegum félagsins. Norræn menningarhátíð heyrnalausra fer fram á Norðurlandi nú í vikunni.

„Þegar við erum með sölu í gangi þá er það alltaf í tengslum við dag heyrnarlausra og þá seljum við yfirleitt eitthvað sem snertir táknmálið. Þá höfum við einnig selt happdrættismiða,“ segir Kristinn Jón Bjarnason, framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra. Hann segir að þarna sé hins vegar á ferðinni maður sem sé að misnota góðvilja fólks.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem svona kemur upp en talið er að sami maður hafi leikið þennan leik víðar um land. **- öhö**

# HÁSUMARÚTSALA

# 20 - 50 % AFSLÁTTUR

## Í 4 DAGA
















## FEGRUNARÁTAKIÐ BYRJAR Í GARÐHEIMUM!




GARÐHEIMAR

*allt í garðinn á einum stað!*

**ÚTSÖLUTORGIÐ OKKAR**

Gerið frábær kaup
verð frá: 100 kr

Stekkjarbakka 6 - skiptiborð 540 3300 - www.gardheimar.is



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hvar voru gerðar sprengiárásir á lestarkerfi í vikunni?

2 Hvað heitir fyrrum liðsmaður Pink Floyd sem lést á dögunum?

3 Hvað heitir íslensk vinkona Robbie Williams?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 58

Vísitala neysluverðs hækkar minna en spáð hafði verið:

# Of snemmt að fagna sigri

**HAGSTOFAN** Vísitala neysluverðs í júlí hækkaði um 0,46 prósent frá því í júní, samkvæmt nýjum tölum Hagstofu Íslands. Þessi hækkun er undir væntingum greiningaraðila, sem höfðu spáð 0,55 til 0,7 prósenta hækkun.

Stefán Úlfarsson, hagfræðingur Alþýðusambands Íslands, segir hugsanlegt að nýlegar aðgerðir aðila vinnumarkaðins og ríkisstjórnarinnar séu hér að hafa áhrif en of snemmt sé að fagna sigri. „Verðbólgan er enn gríðarlega mikil, í 8,4 prósentum, og við erum rétt að byrja þessa vegferð.“

Meiningarmunur hefur verið á milli ASÍ og Seðlabankans um hversu neikvæðar verðbólguhorfurnar eru að sögn Stefáns. „Við teljum spá Seðlabankans of neikvæða, sem hafi þau áhrif að hann grípi til of harkalegra aðhaldsaðgerða. Það hefur í för með sér þyngri greiðslubyrði sem leiðir til meiri samdráttar og harðari lendingar hagkerfisins. Við teljum að við munum ná okkur á eðlilegt ról við lok næsta árs og ekki þurfi að grípa til jafn harkalegra aðgerða af hálfu Seðlabankans, eins og hann gerði í seinustu vaxtahækkun.



STEFÁN ÚLFARSSON



INGIMUNDUR FRIÐRIKSSON

Ingimundur Friðriksson Seðlabankastjóri segir óvarlegt að túlka eins mánaðar hreyfingu og þetta breyti í engu mati bankans sem birtist í Peningamálum í síðustu viku.

- sdg / sjá síðu 25

Forseti Ísraels:

# Sakaður um kynferðislega áreitni

**ÍSRAEL, AP** Orðrómur um meinta kynferðislega áreitni forseta Ísraels, Moshe Katsav, tröllríður öllum fjölmiðlum í Ísrael og gæti tímasetningin varla verið verri fyrir Ísraela, sem sæta nú miklum alþjóðlegum ádeilum vegna innrása á Gaza-strönd og í Líbanon.

Tvær konur hafa komið fram í ísraelskum fjölmiðlum og saka Katsav um að hafa áreitt þær kynferðislega.

Engin kæra hefur verið lögð fram, en forsetinn, sem gegnt hefur embættinu í sex ár, hefur verið kallaður á fund ríkissaksóknara vegna málsins. - smk





TAKTU FRÁ 7. - 11. SEPT.

Við bjóðum þér í spennandi ferðalag þar sem þú færð að kynna þér, njóta, skoða, prófa, smakka og upplifa allt það sem tengist heilsu okkar og vellíðan í víðasta skilningi.

3L EXPO er allra stærsta sýning sem haldin hefur verið á Íslandi og skipta sýnendur hundruðum. Aðeins nokkur sýningarpláss laus – gríptu tækifærið!

info@3lexpo.is | 594 9670

GOTT FÓLK McCANN




EIN BEINAGRINDANNA SEM FUNDIST HAFA Ummerki um stiga hafa fundist í húsinu, sem er mjög óvenjulegt fyrir torfhús. Klaustrið var um tólf hundruð fermetrar að stærð og rústirnar mjög heillegar.

# Fundu rústir klaustursins

**Lengi var vitað af stóru klaustri á Austurlandi en rústir þess fundust ekki fyrr en árið 2002. Uppgröftur stendur enn yfir og hefur helmingur rústanna nú verið afhjúpaður, eða um sex hundruð fermetrar.**

**FORNLEIFAR** Merkur fornleifauppgröftur stendur nú yfir á Skriðu við Lagarfljót, en þar stóð stórt klaustur fyrr á öldum. Uppgröfturinn hefur staðið yfir síðan árið 2002 og er þetta því fimmta sumarið sem þarna er grafið. Dr. Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur stendur fyrir uppgreftrinum.

„Við fórum af stað með litla könnnun árið 2000 með það markmið að finna rústir klaustursins,“ segir Steinunn. „Við vissum ekki hvar það var heldur bara að það hefði verið klaustur á þessu svæði. Þegar við fundum það að lokum kom í ljós að það var nokkuð langt frá þeim stað sem við bjuggumst við upphaflega. Nú erum við búin að afhjúpa um sex hundruð fermetra af rústunum, en það er ljóst að það var um tólf hundruð fermetrar að stærð.“

Klaustrið var sérstakt að því leyti að hönnun þess virðist hafa fylgt alþjóðlegum reglum um uppbyggingu klaustra á þeim tíma sem það var stofnað, eða árið 1493. Byggingin var ferningslaga með klausturgarð fyrir miðju og gosbrunni í miðjunni.

Steinunn segir að starfsemi klaustursins hafi einnig samræmst því sem þekktist í öðrum klaustrum, en þar hafi verið rekið eins konar sjúkrahús. „Við höfum fundið áhöld til lækninga ásamt plöntuleifum sem benda til þess að læknandi jurtir hafi verið ræktaðar hérna. Svo erum við búin að grafa upp fjörutíu grafir sem virðast allar vera af sjúklingum sem dvalið hafa hér.“

Athygli vekur að ummerki um stiga hafa fundist í húsinu sem bendir til þess að það hafi verið á tveimur hæðum. Mjög sjaldgæft er að torfhús hafi verið á fleiri en einni hæð, en líkt og flest önnur hús á þessum tíma var klaustrið byggt úr grjóti og torfi.

Fá klaustur hafa fundist á Íslandi, en tvö slík hafa verið grafin upp í Viðey og á Kirkjubæjarklaustri. Steinunn segir staðsetningu klaustursins á Skriðu vera mjög heppilega vegna þess að rústirnar hafi verið ósnertar síðan húsið var yfirgefið um siðaskiptin. Staðurinn þar sem rústirnar standa sé afskekktur nú þótt hann hafi verið í alfaraleið þegar klaustrið var stofnað.

Steinunn fékk fjárveitingu til fimm ára vegna verkefnisins, og er þetta því síðasta sumarið sem grafið verður á því tímabili. Hún segist þó vona að fjárveiting fáist til að halda verkefninu áfram, enda rústirnar heillegar og uppgröfturinn langt kominn.

salvar@frettabladid.is






QUBA Eikarhúsgögn



7 eikarlitir
Framleitt í Belgíu

Quba Eikarhúsgögn
borð 131.390
stóll 30.210
skenkur 153.330
skápur 178.130
sjónvarpsskápur 78.330

Líf & List HÚSGÖGN
Ármúla 44, sími 553 2035



FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

# BLÁA BOMBAN

NÝTT KORTA-TÍMABIL

# 20%

VIÐBÓTARAFSLÁTTUR

af allri útsöluvöru. Reiknast af við kassann.

| Upprunalegt verð: | 50% afsláttur af allri útsöluvöru: | | 20% viðbótarafsláttur á Bláu bombunni | |
|---|---|---|---|---|
| 990 kr. | -50% | 495 kr. | -20% | **396** kr. |
| 1.990 kr. | -50% | 995 kr. | -20% | **796** kr. |
| 2.990 kr. | -50% | 1.495 kr. | -20% | **1.196** kr. |
| 4.990 kr. | -50% | 2.495 kr. | -20% | **1.996** kr. |
| 6.990 kr. | -50% | 3.495 kr. | -20% | **2.796** kr. |

DEBENHAMS

SMÁRALIND

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 33478 07/2006



**Onde**
matar – og kaffistell
Franskt gæða postulín

# Gjafavara

Enn meira úrval af margskonar gjafavöru
sem prýðir heimilið

Líf&List
SMÁRALIND
sími 544 2140


Borgarstjórn Reykjavíkur efnir til hreinsunarátaks:

# Íbúarnir taki upp hanskann

**BORGARMÁL** Borgarstjórn Reykjavíkur hefur efnt til átaks til hreinsunar borgarinnar og stendur það í sumar og næstu tvö sumur. Var átakið kynnt á fundi með íbúum í Breiðholti í gærkvöldi en fer formlega af stað með hreinsunardegi í Breiðholti laugardaginn 22. júlí.

„Við ætlum að hreinsa til í öllum hverfum borgarinnar og byrjum á Breiðholtinu, þar sem fimmtungur borgarbúa býr. Þar ætlum við að fegra hverfið eins mikið og mögulegt er á einum degi, með því að fá Breiðhyltinga í lið með okkur. Allir sem vettlingi geta valdið taka upp hanskann og hreinsa til,“ segir Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfisráðs Reykjavíkurborgar. Sams konar átak verður gert í öllum hverfum borgarinnar. Í átakinu er lögð áhersla á að virkja almenning og fyrirtæki til þess að hreinsa og hugsa vel um umhverfi sitt.

„Við ætlum að tyrfa knattspyrnuvelli, skipta um grindverk, hreinsa veggjakrot, skipta út gömlum leiktækjum og svo mætti lengi telja. Við borgarfulltrúarnir og borgarstjóri verðum þarna og tökum til hendinni. Breiðholtið er yndislegt hverfi sem því miður hefur ekki fengið næga athygli undanfarin ár,“ segir Gísli og bætir við að auk þessa átaks sé mikið lagt upp úr hreinsun allrar borgarinnar í sumar.

- öhö


FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

**VINNUSKÓLAKRAKKAR** Hafa snyrt borgina í sumar og fá nú að líkindum mikinn liðsauka.

Búslóðaþjófnaður í Breiðholti:

## Enginn haft samband enn

**ÞJÓFNAÐUR** „Það hefur enginn haft samband við mig ennþá,“ segir Nói Benediktsson, sem lenti í því á laugardaginn að hluta búslóðar hans var stolið á meðan hann stóð í flutningum úr íbúð sinni. Fjallað var um málið í Fréttablaðinu í gær.

„Ég vona að það kvikni á perunni hjá einhverjum þegar hann les um þetta, en það hefur ekkert spurst til hlutanna ennþá.“ Meðal þeirra hluta sem hurfu voru tveir stólar, sófaborð, bókahilla og borðtölva. Þeir sem telja sig vita um málið eru beðnir um að hafa samband við lögregluna.

- sþs



**BJÖRG Í BÚ** Fiskafli á Íslandsmiðum dregst saman á milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/SVÞ

# Afli dregst mikið saman á milli ára

### Heildarafli þessa fiskveiðiárs er um hálfri milljón lestum minni en á sama tíma í fyrra.

**SJÁVARÚTVEGUR** Heildarafli yfirstandandi fiskveiðiárs var kominn í 1.110.764 lestir 30. júní síðastliðinn en á sama tíma í fyrra var aflinn 1.590.193 lestir. Aflinn er því tæplega 480 þúsund lestum minni, samanborið við síðasta fiskveiðiár. Minni afli uppsjávartegunda, og þá einkum loðnu, skýrir að mestu þennan samdrátt. Heildarmagn botnfiskafla er svipað á milli ára en meira hefur veiðst af úthafskarfa en í fyrra en minna af þorski og ýsu.

Heildaraflinn í júní var 133.615 lestir samkvæmt bráðabirgðatölum Fiskistofu. Það er um það bil 22 þúsund lesta minni afli en í júní í fyrra þegar aflinn var 155.385 lestir. Samdrátturinn á milli ára skýrist af minni síldar- og kolmunnaafla en afli á norsk-íslensku síldinni dróst saman um sautján þúsund tonn. Botnfiskaflinn í júní var 39.267 lestir, 9.844 lestum minni en í júní í fyrra. Þar munar mikið um 2.628 tonna samdrátt í þorskafla. Ýsu- og ufsaafli jókst hinsvegar nokkuð en mest aukning var í veiði á úthafskarfa sem fór úr 3.544 lestum í júnímánuði í fyrra í 8.787 lestir í ár.

Hagstofa Íslands greinir frá að aflaverðmæti síðasta árs var svipað og árið 2004 eða tæpir 68 milljarðar króna. Stærstum hluta fiskaflans var landað og úr honum unnið á Austurlandi en úr verðmætasta aflanum var helst unnið á höfuðborgarsvæðinu. Þorskur var helst unninn í salt árið 2005 og ýsa fryst að mestu leyti í landi. Síld er fryst í síauknum mæli, annað hvort á landi eða á sjó.

svavar@frettabladid.is

**AFLAHEIMILDASTAÐA 30. JÚNÍ 2006**

| Tegund | Aflamark alls | Afli | Eftirstöðvar |
|---|---|---|---|
| Þorskur | 167.870 | 147.271 | 20.599 |
| Ýsa | 90.347 | 69.746 | 20.601 |
| Karfi | 61.505 | 47.585 | 13.920 |
| Langa | 4.230 | 4.039 | 191 |
| Keila | 3.410 | 3.778 | -368 |
| Steinbítur | 12.019 | 12.201 | -182 |
| Grálúða | 16.143 | 9.978 | 6.165 |
| Sumargotssíld | 110.924 | 103.029 | 7.895 |
| Loðna | 194.027 | 193.538 | 489 |
| Humar (skott) | 564 | 489 | 75 |

Aflamarksstaða almanaksárstegundanna kolmunna, úthafskarfa og norsk-íslensku síldarinnar, er ekki meðtalin.


# Hagstæðustu kaupin

Hinn eini sanni íslenski **DALA FETA** nú fáanlegur á **TVENNUTILBOÐI** í næstu verslun.

Einnig með tómötum og olífum!






LYFJA
- Lifið heil



„Ég geri meira fyrir mig og mína á sumrin“



**Kids**
Hágæða húð- og hárvörur fyrir börn.



**NeoStrata sólarvörn SPF 29**
Ilmefnalaus og vatnsþolin sólarvörn gegn UVA og UVB geislum. Heldur sólarvarnarstuðlinum SPF 29 eftir allt að 40 mínútur í vatni. Má bera á börn frá 6 mánaða aldri.

**Cellolite olía með nuddbursta**
Verð áður 3.410 kr.
verð nú 2.728,- kr.*

**Cellolite olía**
**Verð áður 2.704 kr.**
verð nú 2.163,- kr.*



**Weleda - lífrænar snyrtivörur**
Mælanleg minnkun á cellolite á húðinni á 28 dögum. Niðurstaða úr faglegri rannsókn.*
* Gildir á meðan birgðir endast.

www.lyfja.is

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað
Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki
Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási


AYGO
BÝÐUR Í PARTÝ
AYGO
Það er gaman að keyra
AYGO
BY TOYOTA
AYGO
BY TOYOTA
AYGO
AYGO
SÁLIN Á NASA
14.07.06
100 fyrstu sem koma á Nýbýlaveginn föstudaginn 14. júlí og reynsluaka AYGO fá tvo miða á ballið. Einfalt mál.
AYGO – Do something memorable
20 ára aldurstakmark.
www.aygo.is
Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070



**KÆLIR SIG NIÐUR** Mótmælendur gegn nýju samsteypustjórninni í Úkraínu hafa sett upp tjaldbúðir á aðaltorgi Kænugarðs. Mikill hiti er í borginni og þessi kona ákvað að kæla sig aðeins niður í gosbrunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FL Group og Baugur telja Lífeyrissjóð verslunarmanna beita sér gegn félögunum:

# Eðlilegt að kanna umhverfið

**LÍFEYRISSJÓÐIR** „Okkur þykir Lífeyrissjóður verslunarmanna oft á tíðum hafa beitt sér með sérkennilegum hætti gegn þessum félögum,“ segir Skarphéðinn Berg Steinarsson, stjórnarformaður FL Group. Hann segir að Baugur og FL Group séu nú að kanna umhverfið og skoða þá möguleika sem séu fyrir hendi.

„Við teljum ekki sjálfgefið að starfsmenn þessara félaga þurfi að vera í Lífeyrissjóði verslunarmanna. Hagsmunir fyrirtækja og starfsmanna fara saman og okkur þykir óeðlilegt ef lífeyrissjóður er beinlínis að beita sér gegn hagsmunum launagreiðanda félagsmanna sinna. Við höfum aldrei ætlað okkur að stofna lífeyrissjóð til að ráðskast með peninga starfsmanna okkar. Þeir sem eiga aðild að sjóðnum eiga peningana og um lífeyrissjóði gilda skýr lög,“ segir Skarphéðinn.



**VILHJÁLMUR EGILSSON**



**SKARPHÉÐINN BERG STEINARSSON**

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að mestu skipti að lífeyrissjóðir séu hagkvæmir og geti tryggt ákveðna fagmennsku í stjórnun.

„Það voru margir fyrirtækjasjóðir starfandi á árum áður sem hurfu, fyrst og fremst vegna þess hversu litlir þeir voru og óhagkvæmir í rekstri.“

Þá segir Vilhjálmur einnig að sérstakir lífeyrissjóðir fyrirtækja gætu skapað flækjur við samruna og breytingar á fyrirtækjunum. - öhö

Bandarískir sérfræðingar:

# Vilja herstöð í Tékklandi

**TÉKKLAND, AP** Bandarískir sérfræðingar munu ferðast til Tékklands í næstu viku í þeim tilgan-gi að leita að hugsanlegri staðsetningu fyrir bandaríska herstöð, þar sem langdrægar eldflaugar yrðu geymdar.

Þessum eldflaugum yrði ætlað að verja Evrópu gegn hugsanlegum árásum frá Mið-Austurlöndum, að sögn talsmanns varnarmálaráðuneytis Tékklands í gær.

Finni sérfræðingarnir heppilega staðsetningu, mun tékkneska ríkisstjórnin ákveða hvort leyfa beri bandaríska herstöð í Tékklandi, að sögn talsmannsins.Þegar hafa sérfræðingar Bandaríkjahers farið í svipaða ferð til Póllands. - smk

Hið íslenska Finnair:

# Asíuflugið er mest vaxandi

**FINNLAND** Stöðugt fleiri farþegar kjósa að fljúga með finnska flugfélaginu Finnair en tekjurnar fara minnkandi. Ástæðan er sú að samkeppnin er hörð og olían verður stöðugt dýrari, að sögn Dagens Industri.

Finnair flýgur til margra Asíulanda og hefur eftirspurnin farið vaxandi á þeim flugleiðum, fjöldi farþega jókst um 24 prósent í júní og flutningagetan um tæp tuttugu prósent. Straumur og FL Group eiga yfir tuttugu prósent í félaginu á móti 55 prósentum finnska ríkisins og öðrum fjárfestum. - ghs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Bílvelta tafði umferð** Tafir urðu á umferð á Suðurlandsvegi í gær eftir að bíll valt við Lómagnúp á Skeiðarársandi. Ekki urðu nein alvarleg slys á fólki við óhappið. Eðlileg umferð var komin á að nýju á sjötta tímanum.

Andstæðingar Júsjenkos búa sig undir nýja byltingu í Úkraínu:

# Slagsmál brutust út á Úkraínuþingi

**KÆNUGARÐUR, AP** Slagsmál brutust út á þinginu í Úkraínu í gær þegar Viktor Júsjenko forseti var beðinn um að tilnefna helsta andstæðing sinn, Viktor Janúkovitsj, í embætti forsætisráðherra.

Andstæðingar Júsjenkos hafa boðað víðtækar mótmælaaðgerðir til þess að hindra að hann komist til valda á ný. Fyrir utan þinghúsið hafa nú hópar mótmælenda sett upp tjaldbúðir og búa sig undir langa baráttu, ekki ósvipað „appelsínugulu“ byltingunni haustið 2004 þegar Júsjenko fór í forystu fyrir andstæðingum Janúkovitsj, sem þá var forseti.

Allt frá þingkosningunum í mars síðastliðnum hafa flokkarnir á þingi átt í mestu vandræðum með að koma sér saman um starfhæfa meirihlutastjórn. Héraðaflokkurinn, sem er flokkur Janúkovitsj, náði í síðustu viku samkomulagi um stjórnarmyndun við tvo flokka, Kommúnistaflokkinn og Sósíalistaflokkinn, en sá síðarnefndi hafði áður lofað þátttöku í „appelsínugulri“ stjórn með Okkar Úkraínu, sem er flokkur Júsjenkos, og Flokki Júlíu Tímosjenko, sem átti að verða forsætisráðherra í þeirri stjórn.

Helsta ágreiningsefnið snýst um það hvort Úkraína eigi að halla sér meir að Rússlandi, eins og Janúkovitsj fyrrverandi forseti vill, eða sækjast eftir nánari tengslum við Evrópusambandið og Nató eins og Júsjenko forseti stefnir að.

Í austanverðri Úkraínu, þar sem iðnvæðing er mikil, hallast menn frekar að Rússlandi, enda tala flestir íbúar austurhlutans rússnesku. Í vesturhluta landsins talar fólk hins vegar úkraínsku og vill nánari tengsl við Evrópu til þess að vega upp á móti sögulega sterkum áhrifum frá Rússlandi. - gb



**GRIPINN HÁLSTAKI** Til stympinga kom á Úkraínuþingi í gær vegna deilna um stjórnarmyndun. Enginn meiddist þó alvarlega en einn þingmanna hlaut blóðnasir.FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Kjarnorkuáætlun Írana:

# Aftur fyrir öryggisráð SÞ

**FRAKKLAND, AP** Stjórnvöld sex heimsvelda ákváðu í gær að senda Íran aftur fyrir Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, sem hugsanlega gæti fyrirskipað refsiaðgerðir. Ástæðan er sú að heimsveldin telja Írana ekki hafa sýnt neina alvöru í samningaviðræðum varðandi auðgun þeirra á úrani.

Utanríkisráðherrar Bandaríkjanna, Frakklands, Bretlands, Rússlands, Kína og Þýskalands funduðu um málið í París í gær, en þeir hafa verið að reyna að fá Írana til að samþykkja pakkatilboð af viðskiptasamningum í skiptum fyrir að hætta auðgun á úrani. Íranar hafa aftur á móti sagt að of mikið í tilboðinu virki tvímælis.

- smk



**FUNDAÐ UM ÍRAN** Philippe Douste-Blazy, utanríkisráðherra Frakklands, t.h., og Condoleeza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, á fundi í París í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Enn fleiri slasast í nautahlaupinu í Pamplona:

# Einn þungt haldinn á gjörgæsludeild

**SPÁNN, AP** Tugir manna slösuðust í sjötta nautahlaupinu af átta á San Fermin-hátíðinni í Pamplona á Spáni í gær. Þó ráku vel hyrnd nautin engan í gegn og eingöngu einn maður slasaðist illa þegar nautin tróðkuðu á honum. Hann var lagður inn á sjúkrahús með nokkuð alvarlega bak- og höfuðáverka, en var þó ekki í lífshættu. Hlaupið stóð í tvær og hálfa mínútu.

Bandaríkjamaður, sem slasaðist mikið á fyrsta degi hátíðarinnar, þegar fimm ungum kúm var sleppt lausum á nautaatsvelli meðal fjölda fólks, liggur enn þungt haldinn á gjörgæslu.

Þrettán manns hafa farist í nautahlaupinu síðan árið 1924.

- smk



**NAUTAHLAUP** Tugir manna slösuðust lítillega í nautahlaupinu í Pamplona í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP





Til hamingju Ítalía !

Moschino tekur þátt í gleðinni og gefur þeim viðskiptavinum sem kaupa tvo hluti í Moschino Friends herra línuni þennann flotta HM leður fótbolta

KOSTABÓK

Allt að

11,65%

stighækkandi vextir eftir **lengd** binditíma.

Kostabók ber stighækkandi vexti eftir lengd binditíma. Hún hentar vel fyrir þá sem vilja hámarksávöxtun en ætla ekki að leggja fyrir háa fjárhæð. Hver innborgun er aðeins bundin í 10 daga en eftir það er hún alltaf laus til úttektar. Hægt er að stofna Kostabók í KB Netbanka.

Kynntu þér Kostabók og aðrar góðar sparnaðarleiðir í næsta útibúi KB banka, í síma 444 7000 eða á kbbanki.is.

KB BANKI


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Bónus býður
Lífrænt ræktað múslí
LÍFRÆNT MÚSLÍ
259 KR.
375g
Lífræn ræktun!
10 EGG í bakka
10 EGG
399 KR.
VISTVÆN
Vistvæn brún egg
454g
Lífræn ræktun!
LÍFRÆNAR GULRÆTUR
LÍFRÆNAR GULRÆTUR
159 KR.
454g
270 ml
Pipar sósa
Hvítlauks sósa
BÓNUS GRILLSÓSA
149 KR.
270 ml
175 ml
Papriku
Krydd ídýfa
BÓNUSÍDÝFA 175 ml
99 KR.
Bónusfetinn
BÓNUSFETI
198
250g
BÓNUS FETA
FRAMLEITT ÁN STYRKJA
EKKERT BRUÐL
1.5 LÍTRI TOPPUR
98 KR.
1.5 lítri
Toppur
AMERÍSKAR RISAPITSUR
McCain
CRESCENDO
RISING CRUST PIZZA
McCain risapitsa
399 KR.
770/840g
PEPPERONI
HAWAIIAN
4 CHEESE
Sjáðu verðið!
risa pitsa
770-840g
5 kíló af þvottaefni!
universal washing powder
yplon
YPLON ÞVOTTAEFNI
399 KR.
5 KÍLÓ
30° 60° 90°
5kg
TÚNFISKSSTEIKURNAR KOMNAR AFTUR!
TUNFISK
250 g
TÚNFISKSSTEIK
95 KR.
250g
Gott á grillið!
Tropisk nektar
Tropical nectar
Apelsinjuice
Orange juice
Äppeljuice
ÁVAXTASAFI
69 KR.
lítri
SÚKKULAÐIBITAKÖKUR
150g
Chocolate chip cookies
150g PAKKI
98 KR.
Komið aftur!
MYLLUSNÚÐUR
59 KR.
MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ
Sama verð um allt land!



betur og betur!
EKKERT BRUÐL
ALI svína grillkótelettur og úrbeinaður grillhnakki
ALI GRILLKÓTELETTUR/HNAKKI
1189 kg
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1699kr.
30% afsláttur við kassann
KS kryddaður lambabógur
...fyrir góðan dag!
EKKERT BRUÐL
KS LAMBABÓGUR
KS LAMBABÓGUR
899 kg KR.
KRYDDAÐUR
Írskar, frosnar svínalundir
FROSNAR SVÍNALUNDIR
1599 KR.
kílóverð
Villikryddaðar lambasneiðar
VILLI LAMBASNEIÐAR
839 kg KR.
MERKT VERÐ 1399kr.
40% afsláttur við kassann
KF londonlamb
30% afsláttur við kassann
KF LONDONLAMB
979 kg KR.
MERKT VERÐ 1399kr.
Nýtt kortatímabil!
KF FOLALDASTEIK
Frampartur úr frystinum
SPIKFEIT OG KRASSANDI RIF
259 kg KR.
MERKT VERÐ 399kr.
FOLALDASTEIK/FRAMPARTUR
399 kg KR.
MERKT VERÐ 499kr.
SPIKFEIT OG BRAGÐGÓÐ LAMBARIF
GÓUPRENNA
Prins BITAR
ÆÐI BITAR
Hraun BITAR
GÓU PRENNAN
399 KR.
PRINS/HRAUN/ÆÐI
Birgjum okkur upp í Bónus!
Coca-Cola TILBOÐ
1399 KR.
18 flöskur
18x
500 ml
18 Coca-Cola flöskur!
Örbylgjupopp
3 pakkar í kassa
ACT II
America's No1 Microwave Popcorn
Salted
ÖRBYLGJUPOPP
99 KR.
3 Í KASSA
MADAGASCAR
www.bonus.is
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



**FLUGA OG FIÐRILDI** Býfluga og kóngafiðrildi sitja hér saman í sátt og samlyndi og gæða sér á hunangi blómsins. Myndin var tekin í New Jersey í Bandaríkjunum í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vísindamenn telja að búið sé að útrýma svörtum nashyrningum í Vestur-Afríku:

# Óttast um afdrif nashyrninga

**DÝRALÍF** Vísindamenn telja að búið sé að útrýma svörtum nashyrningum í Vestur-Afríku, en margar tegundir nashyrninga standa ákaflega höllum fæti vegna aðgerða veiðiþjófa. Þetta kemur fram á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC.

Í leiðangri dýraverndunarsamtakanna IUCN fyrr á þessu ári til seinustu þekktu heimkynna nashyrninganna í Vestur-Afríku, í Kamerún, fundu leiðangursmenn engin merki um lifandi dýr, en hins vegar fjölmörg ummerki eftir veiðiþjófa, hefur BBC eftir Richard Emslie, talsmanni IUCN.

Árið 2002 töldu sérfræðingar



**SVARTUR NASHYRNINGUR** Óttast er að veiðiþjófar hafi útrýmt svörtum vesturafrískum nashyrningum. NORDICPHOTOS/AFP

að eingöngu tíu svartir nashyrningar væru enn á lífi í Kamerún, en þeir voru dreifðir yfir stórt svæði sem gerði skepnunum erfiðara fyrir að eignast afkvæmi.

Seinustu 150 ár hefur nashyrningum fækkað mjög í Afríku vegna veiðiþjófnaðar. Hefur hvítum nashyrningum í Norður-Afríku verið nær útrýmt, en talið er að eingöngu fjögur dýr séu eftir af þeim stofni.

Hins vegar hafa varnaraðgerðir yfirvalda á síðustu árum gegn veiðiþjófum í Austur- og Suður-Afríku lánast vel, og þar fjölgar bæði hvítum og svörtum nashyrningum. Sérstaklega hefur tekist vel til með hvíta nashyrninga í Suður-Afríku, en þeim hefur fjölgað úr 30 dýrum árið 1895 í nær 15.000 dýr nú. - smk

Fangar vilja styttri biðtíma:

# Segja bið eftir lækni of langa

**FANGELSISMÁL** Í könnun sem gerð var meðal fanga á Litla-Hrauni kemur fram að meirihluti þeirra er óánægður með lækna- og tannlæknaþjónustu fangelsisins og allmargir með sálfræðiþjónustuna. Þetta kemur fram í Tímamótum, fréttablaði fanga á Litla-Hrauni. Þar kemur einnig fram að bið eftir viðtali hjá lækni á Litla-Hrauni getur verið nokkrir dagar. Í könnuninni kom fram að margir fangar töldu framkomu lækna og hjúkrunarfólks oft á tíðum dónalega og niðurlægjandi. Þá óska fangar eftir auknu stöðugildi geðlæknis við fangelsið sem gæti dregið úr geðlyfjanotkun fanga. - hs

Gistinætur í maímánuði:

# 17 prósentum fleiri en í fyrra

**HAGSTOFAN** Gistinóttum á hótelum í maímánuði fjölgaði um 17 prósent á milli ára og átti fjölgunin sér stað í öllum landshlutum.

Gistinóttum fjölgaði hlutfallslega mest á Austurlandi eða um 24 prósent. Á höfuðborgarsvæðinu nam aukningin rúmu 21 prósenti. Á Suðurnesjum, Vestfjörðum og Vesturlandi fjölgaði gistinóttum um níu prósent. Á Suðurlandi var aukningin fjögur prósent og um þrjú prósent á Norðurlandi. Fjölgunina má að öllu leyti rekja til útlendinga sem voru um 23 prósentum fleiri. gistinóttum Íslendinga fækkaði. - sdg

## FERÐAÞJÓNUSTA

**Met hjá Norrænu** Norræna kom til Seyðisfjarðar í morgun eins og hennar er von og vísa á fimmtudögum. Ferðin markar tímamót því farþegar hafa aldrei verið fleiri, en 1.176 farþegar komu með skipinu og um 370 farartæki.

Félagið Ísland-Palestína mótmælir framferði Ísraelshers á Austurvelli:

# Þjóðarhreinsun í uppsiglingu

**ÍSRAEL-PALESTÍNA** „Við mótmælum framferði Ísraelshers sem bitnar á hinum almenna íbúa, körlum, konum og ekki síst börnunum, sem reyna alltént að vera úti við leik, að minnsta kosti á meðan sprengjunum rignir ekki,“ segir Sveinn Rúnar Hauksson, formaður félagsins Ísland-Palestína, sem heldur mótmælafund á Austurvelli klukkan 17.30 í dag.

Ísraelsher réðist nýverið inn á Gaza-svæðið í þeim yfirlýsta tilgangi að frelsa hermann, sem skæruliðar handtóku 25. júní.

Síðan hefur einn ísraelskur hermaður og 60 Palestínumenn fallið, þar af fjölmörg börn og unglingar. Auk þess hafa nær tvö hundruð Palestínubúar særst.

„Ísraelsher hefur rofið samgönguæðar og er svo með fáránlegar yfirlýsingar um að það eigi að hindra skæruliðahópa í að komast leiðar sinnar. Þeir sprengdu eina orkuver Gaza-strandarinnar sem sá 700 þúsund óbreyttum Palestínumönnum fyrir rafmagni og komu svo með þá fráleitu skýringu að þeir hefðu gert þetta svo skæruliðar sæju ekki til verka þegar þeir flyttu herflaugar. En slíkir hópar gera slíkt auðvitað í skjóli myrkurs,“ segir Sveinn Rúnar.

„Þetta er bara málatilbúningur, þetta gengur allt út á einhver öfugmæli og hrein ósannindi þegar þeir halda því fram að aðgerðirnar eigi ekki að beinast gegn óbreyttum borgurum, eins og sendiherra Ísraels á Íslandi hélt fram á dögunum,“ bætir Sveinn Rúnar við og vitnar í viðtal Fréttablaðsins við Miryam Shomrat, sendiherra, sem birtist í síðasta mánuði.

Málið er sérlega alvarlegt þegar



**BARN BORIÐ TIL GRAFAR** Palestínskur faðir ungabarns, sem lést af sárum sínum í þessari viku eftir árás Ísraelshers, ber barnið til grafar í Rafah í Palestínu á þriðjudag. NORDICPHOTOS/AFP

tillit er tekið til þess að vatnsdælur flestra íbúa eru knúðar áfram af rafmagni, sem nú er ófáanlegt á stórum hluta Gaza-strandarinnar.

Sveinn Rúnar, sem er læknir, hefur einnig miklar áhyggjur af eyðileggingu skolpræsa á svæðinu, því slíkt býður bara hættunni heim, og segir hann börn nú í mikilli smitsjúkdómahættu.

„Það er um líf og dauða að tefla, það verður að rjúfa þessa einangrun sem Ísraelsstjórn hefur tekist að koma palestínsku þjóðinni í á herteknu svæðunum,“ segir Sveinn Rúnar. smk@frettabladid.is


50-70% afsláttur
af öllum útsöluvörum

| | | |
|---|---|---|
| Blússur | 1500kr. | ~~4990~~kr. |
| Toppar | 1500kr. | ~~6990~~kr. |
| Gallabuxur | 2000kr. | ~~6990~~kr. |
| Hörbuxur | 2000kr. | ~~4990~~kr. |

WAREHOUSE
KRINGLUNNI
Nýtt kortatímabil


Hvúmm
Ódýrt
lambalæri
Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Sparaðu 500 kr.
LAMBALÆRI ÚR KJÖTBORÐI
998 kr. kg
Krassandi úr kjötborði
35% afsláttur
20% afsláttur
Þú sparar 600 kr. kg.
LAMBALÆRISSNEIÐAR
ÚR KJÖTBORÐI
1.298 kr. kg
MÓA KJÚKLINGALÆRI / LEGGIR
MAGNKAUP
419 kr. kg
GOURMET GRÍSAKÓTILETTUR
LÉTTREYKTAR
1.379 kr. kg
30% afsláttur
NÓATÚNS SKINKA
279 kr. pk.
HAPPY DAY 100 % HREINN SAFI
169 kr. 1 l.
GRAND' ITALIA SKRÚFUR & SLAUFUR
99 kr. pk.
GRAND' ITALIA PASTASÓSUR, 4 TEGUNDIR
199 kr. stk.
KELLOGG'S SPECIAL K 750 G
399 kr. pk.
...mmm NÓATÚN -hljómar vel!

## „ORÐRÉTT“

### Tortímandaspjall

**„Við ræddum sameiginlegan áhuga okkar á að nýta jarðhita í veröldinni og framtíð vetnissamfélagsins.“**

ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON FORSETI SPJALLAÐI VIÐ ARNOLD SCHWARZENEGGER Í HVÍTA HÚSINU Á MÁNUDAGSKVÖLD. MORGUNBLAÐIÐ, 12. JÚLÍ.

### Kemur á óvart

**„Það kemur mér á óvart að Jónína skuli gera þetta með þessum hraða í ljósi þess að fyrir liggur samkvæmt könnunum og mælingum Gallup að ég hef gríðarlega sterka stöðu í flokknum og sem ráðherra.“**

GUÐNI ÁGÚSTSSON SEGIST VERA HISSA Á FRAMBOÐI JÓNÍNU BJARTMARZ TIL VARAFORMANNS FRAMSÓKNARFLOKKSINS. FRÉTTABLAÐIÐ, 12. JÚLÍ.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** EIRÍKUR BJÖRN BJÖRGVINSSON BÆJARSTJÓRI FLJÓTSDALSHÉRAÐS

# *Mikil uppbygging á Austurlandi*



„Við erum í þessum hefðbundnu sumarverkefnum, varðandi umhirðu og ásýnd sveitarfélagsins. Hér hefur verið mjög gott veður og mikill straumur af ferðamönnum til okkar. Það má segja að Austurland sé í tísku í dag og það er mikið af fólki sem kemur hingað til að skoða framkvæmdirnar hérna. Þá er einnig mikið af fólki sem hefur áhuga á að flytja hingað og kemur til að kynna sér svæðið með það í huga. Hér er mikið af störfum og gott að búa,“ segir Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs.

„Við vorum að gera samning við golfklúbbinn um uppbyggingu á gólfvellinum í Ekkjufelli og þá var verið að taka fyrstu skólfustunguna að nýju húsnæði sem verður bæði íbúðarhús fyrir eldri borgara en einnig þjónustumiðstöð.“

Eiríkur er á faraldsfæti í sumar því hann er nýlega kominn frá Þýskalandi þar sem hann fylgdist með heimsmeistaramótinu í knattspyrnu. „Ég sá leik Brasilíu og Gana í Dortmund og það var mikil upplifun. Svo var ég staddur í París þegar Frakkar unnu Brasilíumenn. Stemningin var gríðarleg þar.“ Í lok mánaðarins fer Eiríkur til Indlands þar sem hann mun dvelja í tvær vikur á Evrópumóti Round table. „Það er hópur héðan að austan sem er að fara á þetta mót. Það er dáltið sérstakt að vera að fara á Evrópumót á Indlandi.“

Eiríkur segir að þó lítið sé að gera í skrifstofustörfum sé nóg að gera í sumar. „Andinn í bænum er góður og veðrið er búið að vera frábært. Það er búið að vera mikið að gera hjá fólki við alla þessa uppbyggingu og við horfum brosandi og jákvæð fram á veginn.“

## SJÓNARHÓLL

EINKAVÆÐING ALMANNAÞJÓNUSTU



JÜRGEN BUXBAUM

### *Varhugaverð þróun*

„Einkavæðing veltur á fjölmörgum grundvallarþáttum. Ég er ekki andvígur einkavæðingu sem slíkri, en ég óttast einkavæðingu þegar hennar er krafist á hugmyndafræðilegum forsendum, burtséð frá hagkvæmni eða nauðsyn,“ segir Jürgen Buxbaum, framkvæmdastjóri Evrópudeildar PSI, Alþjóðasamtaka starfsmanna í almannaþjónustu, en hann var hér á dögunum í boði BSRB.

„Það ætti að skoða hvert einkavæðingarferli í grunninn, áður en af stað er farið. Sérstaklega þarf að gjalda varhug við einkavæðingu almannaþjónustu sem hefur hingað til verið í umsjá ríkisins.

Við höfum reynslu af þessu frá Berlín, þar sem vatnsveita borgarinnar var að hálfu leyti einkavædd. Enginn deilir um það í Þýskalandi að afleiðing þessa hefur verið sú að fjárfesting í endurnýjun og þróun vatnsveitunnar sjálfrar hefur minnkað um helming, starfsfólki hefur verið fækkað og laun þeirra starfsmanna sem eftir sitja eru lægri en áður að meðaltali. Síðast en ekki síst hefur smásöluverð til neytenda hækkað. Þetta er óhrekjanleg staðreynd frá Þýskalandi. Því veit ég að einkavæðing er alls engin töfralausn.“



**Á BÓKASAFNINU** Fólk les frekar reyfara og spennusögur á sumrin samkvæmt Ingibjörgu Rögnvaldsdóttur, verkefnastjóra hjá Landsbókasafni Íslands. Starfsfólk bókasafna finnur áþreifanlega fyrir breyttum áherslum á þjónustu á sumrin. Minni þörf er á upplýsingaþjónustu fyrir fólk sem er til dæmis að semja ritgerðir.

# Sumarið er tími reyfara

**Útleiga á bókum dregst saman um sjö prósent yfir sumartímann. Spennubækur, svokallaðir reyfarar, eru aldrei vinsælli en á sumrin og börn eru dugleg að leigja bækur í sumarfríinu. Landsbókasafn stendur fyrir lestrarmaraþoni í sumar.**

„Helsta breytingin á lestrarvenjum landans yfir sumartímann er að fólk les þá frekar reyfara og spennusögur, fræðibækurnar nánast rykfalla á sama tíma í hillum safnsins,“ segir Ingibjörg Rögnvaldsdóttir, verkefnisstjóri hjá Landsbókasafni Íslands. „Sumarið er tími reyfaranna.“
Starfsfólk bókasafna finnur áþreifanlega fyrir breyttu áhugamynstri. „Við þurfum lítið að sinna upplýsingaþjónustu, það er lítið um að fólk leiti til okkar yfir sumartímann í leit að heimildum fyrir ritgerðarsmíð,“ segir Ingibjörg.
Vinsælustu bækurnar um þessar mundir eru, að sögn Ingibjargar, íslensku spennusögurnar sem komu út um jólin síðustu og eru margar hverjar komnar í kilju nú. Aðspurð um hver íslensku höfundanna sé vinsælastur á svar hennar ekki að koma á óvart. „Það er nú bara þannig að Arnaldur er vinsælastur í sumarbústaðinn,“ segir Ingibjörg og brosir. Hún segir starfsfólk verða vart við að fólk fái lánaðar margar spennubækur í einu til að hafa með sér upp í sumarbústaðinn. „Það er fátt betra en að sitja í sólinni með góðan reyfara og hafa það huggulegt. Svo ef



**INGIBJÖRG RÖGNVALDSDÓTTIR**
Verkefnastjóri hjá Landsbókasafni Íslands.

að rignir er hægt að leggjast undir teppi og sökkva sér í lesturinn og hlusta á regnið,“ segir Ingibjörg.

Ingibjörg segir að börn séu dugleg að fá lánaðar bækur yfir sumartímann. „Bókin stendur alltaf fyrir sínu og krakkarnir eru jafn dugleg að fá lánaðar bækur á sumrin og aðra mánuði ársins. Veðrið hér, það sem af er sumri, hefur líka ekki boðið upp á marga daga til þess að leika sér í sólinni.“ segir Ingibjörg.

Að sögn Ingibjargar eru tónlistardiskar og hljóðbækur líka vinsælar á sumrin. „Ætli fólk sé ekki að fá lánað eitthvað til að hlusta á í bílnum á leiðinni út á land.“

Borgarbókasafn stendur fyrir lestrarmaraþoni fyrir fólk á öllum aldri í sumar. „Þegar fólk skilar bók, fyllir það út umsögn um bókina á eyðublað sem er í formi fóts. Svo verður dregin út ein löpp á uppskeruhátíð Borgarbókasafnsins á Menningarnóttinni í Reykjavík þann 19. ágúst næstkomandi og eru veglegir vinningar í boði,“ segir Ingibjörg. **ægir@frettabladid.is**


Tjaldvagnar á tilboði – NÚNA!



Himinn og haf/SÍA

Montana-tjaldvagnar á sérstöku sumartilboði

Montana Easy Camp
10" dekk
Stærð 3,30 m
Heildarþyngd 395 kg
Verð 479.000

Montana Easy Camp
13" dekk/höggdeyfar
Stærð 3,25 m
Heildarþyngd 645 kg
Verð 529.000

Montana Compact m. fortjaldi
10" dekk
Stærð 3,25 m
Heildarþyngd 395 kg
Verð 529.000

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

# götu markaður

# verðhrun

## Einungis 4 verð í gangi

enn meiri verðlækkun



nú á allt að seljast

**500kr**

**1000kr**

**1500kr**

**2000kr**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# VELKOMIN Á FÆTUR

## ÚTSALAN HÓFST KL. 07.00

# 40% AFSLÁTTUR
## AF ÖLLUM VÖRUM

NEXT
KRINGLUNNI

## Svona erum við

> Nýskráningar nýrra bifreiða fyrri hluta árs 2006




Heimild: www.us.is

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** NAFNABREYTINGAR Á BORGUM

# *Bombay var nýlendunafn Mumbai*

Í fréttum af lestarslysinu hræðilega á Indlandi hefur borgin sem slysið átti sér stað í verið kölluð mismunandi nöfnum eftir fjölmiðlum. Ástæðan er sú að á Vesturlöndum er hún þekkt sem Bombay, en innfæddir kalla hana Mumbai.

### Hvernig fékk borgin nafn sitt?

Nafnið Mumbai er dregið af Mumba sem er nafn gyðju í hindúasið. Orðið þýðir „móðir“ á Marathi-máli. Á 16. öld nefndu Portúgalar borgina Bom Bahia, eða „góði flóinn,“ sem seinna varð Bombaim, sem er enn notað á portúgölsku. Þegar nýlenduyfirráð Breta hófust var nafnið enskað sem Bombay, en var þó eftir sem áður Mumbai á Marathi- og Gujarati-málum og Bambai á Hindí-máli.

Árið 1995 breytti þjóðernisflokkur Hindúa nafninu í Mumbai formlega, af þeirri ástæðu að Bombay væri nýlendunafn og bjögun á upphaflega nafni borgarinnar.

### Hvaða aðrar borgir hafa skipt um nöfn á nýliðnum tímum?

Margar þekktar borgir hafa skipt um nafn, oftast vegna pólitískra eða trúarlegra ástæðna. Meðal þeirra er til dæmis höfuðborg Noregs, Osló, sem eyddist í eldi 1624. Hún var þá endurbyggð af Kristjáni fjórða, Noregskonungi, og hlaut nafnið Kristjanía, sem hún hélt fram til ársins 1925. Nú heitir hún aftur Osló.



Hin mikilfenglega höfuðborg Býzans veldisins, Konstantínópel, féll í hendur Ottóman veldis múslima í kjölfar falls heimsveldisins árið 1453. Fyrir tíð Konstantíns keisara hafði hún heitið Byzantium. Árið 1923 var hún svo nefnd Istanbul af tyrkneskum stjórnvöldum.

Margar borgir voru endurnefndar í Sovétríkjunum sálugu. St. Pétursborg fékk nafn sitt árið 1991 en á tímum kommúnismans hafði hún heitið Leningrad, en Petrograd þar áður, í minningu keisarans Péturs mikla. Sú borg sem nú heitir Volgograd hét Stalingrad á sovéttímanum, en hét áður Tsaritsyn, til heiðurs keisurum. Kommúnistunum var mikið í mun að afmá sögu keisaranna, en nú hefur það þótt eftirsóknarvert að hvítþvo Rússland af sovéskum vísunum.

Árið 1975, í kjölfar Víetnamstríðsins, var stærsta borg Víetnam, Saigon, endurnefnd Ho Chi Minh borg. Þó er Saigon enn notað víða. Chemnitz er 250 þúsund manna borg í Þýskalandi sem áður var í Austur-Þýskalandi, en á tímum Berlínarmúrsins hét hún Karl Marx Stadt, til heiðurs höfundar kommúnismans.

## SPURT OG SVARAÐ

IGS Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI



# *Fólk kæmist ekki í flug*

Starfsfólk IGS á Keflavíkurflugvelli er óánægt með kjör sín og hefur hótað því að leggja niður störf. Gunnar Olsen er framkvæmdastjóri IGS.

**Fyrir hvað stendur IGS?**

IGS stendur fyrir Icelandair Ground Services. Það er samt í sjálfu sér bara vörumerkið, fyrirtækið er skráð sem Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf. Hjá IGS starfa um sex hundruð manns yfir sumartímann.

**Hvað gerir fyrirtækið?**

Ein rekstrareiningin sér um að innrita farþega, hlaða flugvélar, hreinsa vélarnar og annað slíkt. Önnur er flugeldhúsið sem framleiðir matinn í vélarnar og sú þriðja sér um rekstur veitingastaðanna í flugstöðinni. Fjórða einingin er fraktmiðstöðin þar sem tekið er við fraktinni og slíkt.

**Hvaða afleiðingar mundi verkfall hafa?**

Ef enginn er að innrita er það nokkuð ljóst að farþegar geta ekki innritað sig í flug. Farangurinn myndi ekki skila sér í vélarnar og svo framvegis. En þetta eru bara spekúlasjónir sem ég held að sé ekki tímabært að fara mikið út í.

# Verðið og veðrið neikvæðust

**Náttúra Íslands er sá þáttur sem erlendir ferðamenn segja jákvæðastan við dvöl í landinu. Næst á eftir nefna þeir fólkið, afþreyinguna, ferðaþjónustuna og menninguna. Verðlagið er hins vegar neikvæðasti þáttur Íslandsdvalar og veðrið kemur þar á eftir.**

Í nýrri greinargerð Bjarna Reynarssonar, landfræðings og leiðsögumanns, um þróun í ferðavenjum erlendra ferðamanna síðustu misseri eru dregnar saman niðurstöður úr fjölda fyrirliggjandi kannana og tölfræðisafna. Meðal þess sem fram kemur er að fjölgun ferðamanna hefur verið mun hraðari en fjölgun landsmanna og vöxtur bílaumferðar síðasta áratuginn. Hefur fjölgunin numið sex til átta prósentum árlega síðustu tíu til fimmtán árin, en á síðasta ári komu 424 þúsund erlendir ferðamenn til landsins. Yfirgnæfandi meirihluti kom flugleiðina og lenti á Keflavíkurflugvelli en mesta fjölgun á komum ferðamanna er með skemmtiferðaskipum.

Í greinargerð Bjarna kemur fram að ferðaþjónusta sé sú atvinnugrein sem er í hvað örustum vexti á Íslandi en árið 2004 aflaði greinin um tólf prósenta af gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Áætlað er að störf í greininni séu um sjö þúsund og árið 2004 var hlutur hennar í landsframleiðslu rúm fimm prósent.

Ferða- og dvalarkostnaður erlendra ferðamanna er að jafnaði hundrað þúsund krónur á gest en þeir sem koma hingað á eigin vegum eyða um þrettán þúsund krónum á dag. Þeir sem koma í pakkaferðir eyða um sjö þúsund krónum á degi hverjum. Algengast er að ferðamenn dvelji hér í sjö til tíu daga yfir sumartímann eða í þrjá til fimm daga yfir veturinn.

Næstum allir erlendir ferðamenn sem hingað koma dvelja um lengri eða skemmri tíma í Reykjavík. Gullfoss og Geysir eru eftir sem áður vinsælasti viðkomustaður ferðamanna utan höfuðborgarinnar en talið er að um þrjú hundruð þúsund útlendingar hafi komið að Geysi á síðasta ári. Álíka fjöldi heimsótti Bláa lónið. Aðrir helstu viðkomustaðir eru Mývatn, Þingvellir, Akureyri og Skaftafell. Þá leggur um helmingur erlendra ferðamanna leið sína inn á einhvern hluta hálendisins.

**ÞJÓÐERNI FERÐAMANNA**

**(Raðað eftir fjölda)**

- Bretar
- Bandaríkjamenn
- Þjóðverjar
- Danir
- Norðmenn
- Svíar
- Frakkar
- Hollendingar
- Ítalir
- Finnar
- Svisslendingar
- Japanir
- Spánverjar
- Kanadamenn

**KOMUR SKEMMTIFERÐASKIPA**

| | |
|---|---|
| 1996 | 49 |
| 1997 | 48 |
| 1998 | 47 |
| 1999 | 38 |
| 2000 | 48 |
| 2001 | 53 |
| 2002 | 60 |
| 2003 | 70 |
| 2004 | 81 |
| 2005 | 92 |



**ERLENDIR FERÐAMENN** Mikill vöxtur hefur orðið í ferðaþjónustunni á umliðnum árum og benda spár til þess að um ein milljón erlendra ferðamanna komi til Íslands eftir tíu til fimmtán ár. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Áður var vikið að mikilli fjölgun siglinga skemmtiferðaskipa til landsins og er viðbúið að sú þróun haldi áfram. Árið 1991 komu sautján þúsund farþegar til landsins með skemmtiferðaskipum en nú eru þeir um áttatíu þúsund. Í þessu ljósi telur skýrsluhöfundur mikilvægt að hafnaraðstaða þar sem stóru skemmtiferðaskipin leggjast að verði bætt, sem og aðkoma hópferðabíla að hafnarsvæðum, enda fer mikill fjöldi farþega í styttri skoðunarferðir með rútum.

Athyglisvert er að heldur hefur dregið úr notkun erlendra ferðamanna á innanlandsflugi og eru talin sóknarfæri fyrir flugfélögin og aðra til að auka þátt sinn á ný.

Um fimmtungur erlendra ferðamanna hefur komið til landsins áður og fjórir af hverjum fimm segjast áhugasamir um að koma hingað fljótlega á ný.

Líkt og áður sagði er hátt verðlag það sem flestir erlendir ferðamenn nefna sem neikvæðasta þátt Íslandsheimsóknar. Langt á eftir koma veðrið, ferðaþjónustan, slæm upplifun og samgöngur. „Ekki getur ferðaþjónustan breytt veðurfarinu, en hún getur reynt að hafa áhrif á verðlags- og samgönguyfirvöld til umbóta í þeim þáttum, sem og að skoða hvað í ferðaþjónustunni helst er kvartað yfir,“ segir í skýrslu Bjarna Reynarssonar. Eru það orð að sönnu.

### SÖGUBROT

**(Úr greinargerð Bjarna Reynarssonar)**

Á seinni hluta 18. aldar fóru útlendir ferðamenn að koma til Íslands sér til skemmtunar. Þetta voru iðulega þekktir landkönnuðir og fræðimenn, aðallega breskir aðalsmenn, sem þekktu til náttúru Íslands og bókmenningar. Einna fyrstir voru Joseph Banks, árið 1772, og John Stanley árið 1789. Fjöldi erlendra ferðamanna jókst hægum skrefum á 19. öld og þar sem ekki voru til ferðaskrifstofur tóku menntaðir menn eins og Jón Hjaltalín landlæknir og Geir Zoega útgerðarmaður að sér að leiðbeina þessum ferðalöngum. Á seinni hluta aldarinnar voru komin nokkur veitinga- og gistihús í Reykjavík en úti á landi var gist í tjöldum eða á bóndabæjum.



**ÚLFAR JACOBSEN**

Í byrjun 20. aldar voru reknar tvær ferðaskrifstofur í Reykjavík. Ekki var fjöldi erlendra ferðamanna mikill á fyrstu áratugum 20. aldar og höfðu heimskreppan og tvær heimsstyrjaldir mjög hamlandi áhrif. Fyrstu skemmtiferðaskipin komu hingað til lands 1938-1939 en í stríðinu tók fyrir allar slíkar ferðir. Fljótlega eftir seinni heimsstyrjöldina rofnaði einangrun landsins með reglubundnu áætlunarflugi og frumkvöðlar í ferðaþjónustu, Guðmundur Jónasson og Úlfar Jacobsen, fóru að bjóða upp á skipulagðar rútuferðir um hálendi Íslands. Á fimmta áratugnum komu um fjögur þúsund erlendir ferðamenn að meðaltali á ári og jókst fjöldinn smám saman og var kominn upp í þrettán þúsund manns um 1960. Síðan þá hefur fjöldi erlendra ferðamanna vaxið hratt.

VIÐSKIPTAVINIR LAGNA OG LEIGU NÝHERJA TAKIÐ EFTIR!

Ný nöfn, ný aðsetur!

Við viljum vekja athygli ykkar á því að starfsemi Lagna og leigu Nýherja hefur verið skipt upp og er nú rekin undir nýjum nöfnum á tveimur stöðum:

TÆKJALEIGA
er með aðsetur hjá Nýherja við Borgartún.

TÖLVULAGNIR
eru fluttar að Köllunarklettsvegi 2, 104 Reykjavík.

Með auknu rými og betri aðstöðu munum við kappkosta að bjóða upp á enn betri þjónustu en áður.
Verið velkomin.
Nýherji

NÝHERJI
Nýherji hf. Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

# TILBOÐ

# ACER 5601

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

| | |
|---|---|
| **Örgjörvi** | 1.6GHz Intel Core Duo T2050<br>Intel 945PM Express 533FSB-2M |
| **Minni** | 1GB Dual DDR2 533MHz<br>Einfalt að stækka minnið |
| **Harðdiskur** | 80GB 5400RPM Ultra ATA<br>5400RPM hraður harðdiskur |
| **Skrifari** | 8xDVD±RW DL skrifari<br>Skrifar DVD diska og CD-RW |
| **Skjár** | 15,4" WXGA WideScreen skjár<br>Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| **Skjákort** | 128MB ATI Radeon X1300<br>Sjálfst.minni, PCI-Express 16x, TV-út |
| **Hátalarar** | Hljóðkerfi með 2 hátölurum<br>Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| **Netkort** | Gigabit 10/100/1000 netkort<br>Einnig innbyggt 56k mótald |
| **Þráðlaust** | 54Mbps þráðlaust netkort<br>Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá |
| **Stýrikerfi** | Windows XP Home - SP2<br>Á íslensku eða ensku |
| **Annað** | Vefmyndavél og kortalesari<br>Hvoru tveggja innbyggt í tölvu |

## ACER 5601AWLMi 1.66GHz DUO T2050 FERÐAVÉL

**INTEL CORE DUO**
Intel Core Duo er með tvo örgjörva fyrir enn meiri afköst og vinnslu í mörgum forritum í einu án vandræða

**15,4" CRYSTALBRITE**
Nýjasti 15,4" WXGA CrystalBrite skjárinn, 16ms viðbragðstími með ótrúlegri dýpt og skerpu

**8xDVD± SKRIFARI**
Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska

**128MB ATI X1300**
Nýjasta PCI-E 16X ATI skjákortið með sjálfstætt 128MB minni og möguleika á 512MB HyperMemory

**KORTALESARI**
Acer 5601 kemur með 5 í 1 kortalesara fyrir öll helstu minniskort úr stafrænum myndavélum

**VEFMYNDAVÉL**
1.3 Megapixel Acer Orbicam vefmyndavél innbyggð í skjáinn með 225° snúningsmöguleika

# VERÐ 144.900

VL15
* Samtals kr. 149.993
9.660

## SÚPERTURN 6

# 3500+

- 3500+ AMD Athlon64 HT - S939
- 1GB Dual DDR 400MHz minni
- 250GB WD SATA2 7200RPM -8MB
- 256MB GeForce7 7300GS skjákort
- Dolby Digital 7.1 EAX2 hljóðkerfi
- Gigabit netkort, 4x SATA RAID
- Dragon Middle Tower Deluxe turn
- Ofur hljóðlátur Fortron aflgjafi

VL9
* Samtals kr. 72.357
7.767

# VERÐ 69.990

## LOGITECH EX110

Logitech

**ÍSLENSKIR STAFIR**
Loksins á íslandi er hægt að fá fullkomið þráðlaust Logitech lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum

**ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ**
Vandað þráðlaust lyklaborð með frábærum multimedia flýtihnöppum ásamt auðveldri stjórn á hljóði og vöfrun.

**ÞRÁÐLAUS GEISLAMÚS**
Engar snúrur og ekkert vesen með þessari frábæru þráðlausu geislamús, skrunhjól flýtir fyrir allri vinnslu

# VERÐ 4.990

Öll verð eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

## SÚPERTILBOÐ 3

# 3000+

- 3000+ AMD Sempron 64Bit HT
- 512MB DDR400 Corsair minni
- 128MB ATI Radeon X300 skjákort
- Dolby Digital 5.1 EAX2 hljóðkerfi
- 10/100 netkort, SATA og FireWire

## VERÐ 24.900

## ÞJÓNUSTUBORÐ

- Uppsetning á vélbúnaði
- Ísetning á vélbúnaði
- Ókeypis ráðgjöf
- Opið á milli 9-15

Eingöngu fyrir vélbúnað keyptan í Tölvulistanum. Aðeins einfaldar ísetningar og uppsetningar á reklum. Miðast við hámark 15 mín.

## FRÍTT FRÍTT

## ICYBOX HÝSING

ICY BOX

Raidsonic USB 2.0 utanáliggjandi harðdiskahýsing úr áli fyrir hámarks kælingu, hægt er að stafla saman

## VERÐ 4.990

## 250GB HARÐDISKUR

WD Western Digital

# 250GB

250GB Special Edition harðdiskur frá Western Digital sem er 7200RPM og með 8MB buffer

## VERÐ 8.990

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántöku-gjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann

# TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

**1 REYKJAVÍK**
Nóatúni 17
Sími 562 6730

**2 AKUREYRI**
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

**3 KEFLAVÍK**
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.367 **-0,42%**

**Fjöldi viðskipta:** 271
**Velta:** 3.137 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Bakkavör** | 3,13% | **Dagsbrún** | 0,89% |
| **Avion** | 3,13% | **Össur** | 0,46% |
| **Alfesca** | 1,71% | **KB banki** | 0,41% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 63,00 +0,00% ... Alfesca 4,17 +1,71% ... Atlantic Petroleum 572,00 +0,70% ... Atorka 6,18 +0,49% ... Avion 33,00 +3,13% ... Bakkavör 46,10 +3,13% ... Dagsbrún 5,60 -0,89% ... FL Group 17,00 +0,59% ... ... Glitnir 16,70 +0,60% ... KB banki 730,00 -0,41% ... Landsbankinn 20,10 +1,52% ... Marel 71,00 +1,14% ... Mosaic Fashions 15,50 +0,00% ... Straumur-Burðarás 16,40 +0,61% ... Össur 108,00 -0,46%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Úr lauginni á leikinn

Forkólfar íslensks viðskiptalífs dvöldu í Berlín um síðustu helgi og horfðu á úrslitaleik heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu. Frítt föruneyti KB banka kom snemma og kíkti út á lífið daginn fyrir stórleikinn. Símamenn dvöldu sömuleiðis yfir helgina. Bjarni Ármannsson, bankastjóri Glitnis, mátti þó ekki vera að neinum léttúðugum leikaraskap heldur flaug út á leikdag. Bjarni brá hvergi út af hinni hefðbundnu sunnudagsrútínu; tók góðan skokkhring um morguninn og skellti sér síðan í heitu pottana í nýuppgerðri Seltjarnarneslaug. Bjarni var þó ekki lengi í paradís því sundlaugarvörðurinn kom fljótlega og tilkynnti honum að fluginu til Berlínar hefði verið flýtt. Bjarni dreif sig þá upp úr en ekki fylgdi sögunni hvort sundlaugarvörðurinn keyrði hann á flugvöllinn.



### Þrjár vaxtagreinar

Titringur er í atvinnulífinu yfir stýrivöxtum Seðlabankans. Ljóst er að bankinn þarf að gæta að hverju skrefi nú, enda ekkert grín að stýra fyrirtækjum í slíku árferði. Í fjármálaheiminum er haft í flimtingum að aðeins þrjár atvinnugreinar þoli það vaxtastig sem nú ríki í landinu. Þetta eru vændi, fíkniefnasala og fjárhættuspil. Alþjóðavæðingin hefur gert það að verkum að sérhæfing þjóða hefur aukist, en það er tæplega stemmning fyrir því að þessar þrjár atvinnugreinar verði framtíðar framlag íslendinga til alþjóðaviðskiptanna.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Landsvirkjun hefur nánast lokið fjármögnun ársins 2006 með útgáfu skuldabréfs til tuttugu ára fyrir 150 milljónir evra sem samsvarar um 14,4 milljörðum króna. Franski bankinn IXIS hafði umsjón með útgáfunni og fjárfestirinn er erlendur.

Í júní voru 44.720 skráðir atvinnuleysisdagar á landinu öllu. Það jafngildir því að 2.029 manns hafi verið á atvinnuleysisskrá að meðaltali í mánuðinum eða 1,3 prósent af áætluðum mannafla á vinnumarkaði.

Útlán Íbúðalánasjóðs námu 4,3 milljörðum í síðasta mánuði. Hlutdeild Íbúðalánasjóðs í nýjum lánum hefur aukist eftir að bankarnir hækkuðu vexti á íbúðalánum umfram vexti sjóðsins, hertu á útlánareglum og lækkuðu viðmiðanir varðandi hámarksveðhlutföll.



**KAUP HANDSÖLUÐ** Alls námu fjárfestingar Íslendinga erlendis 439 milljörðum árið 2005.

# Metfjárfestingar erlendis

### Fjárfestingar Íslendinga erlendis hafa fimmtánfaldast á þremur árum.

Erlendar fjárfestingar Íslendinga námu 439 milljörðum króna í fyrra og hafa aldrei verið meiri. Fjárfestingin ríflega tvöfaldaðist frá árinu áður og hefur fimmtánfaldast frá árinu 2003.

Fram kemur á vef greiningardeildar Glitnis að þessar miklu beinu fjárfestingar Íslendinga erlendis skýrist að mestu leyti af sókn íslenskra fjármálafyrirtækja inn á erlenda markaði. Á síðasta ári hafi verið mikið um stórar fjárfestingar, til að mynda kaup Kaupþings á Singer & Friedlander banka og Bakkavarar á Geest. Þá hafi Actavis verið umsvifamikið.

Ísland var í fyrra í sextánda sæti á lista OECD yfir beinar fjárfestingar erlendis, ofar en til að mynda Finnar og Norðmenn. Þykir það tíðindum sæta í ljósi þess að Ísland er langminnsta OECD-ríkið. **- jsk**

# Þrír milljarðar króna í gulli

Gulleign Seðlabanka Íslands nam þremur milljörðum króna þann 30. júní samkvæmt efnahagsyfirliti sem bankinn hefur sent frá sér. Frá áramótum hefur virði gullsins hækkað um 940 milljónir króna.

Um síðustu áramót átti Seðlabankinn 64.179 únsur af gulli og stóð gullverð í 513 dölum á únsu í lok árs. Gullverð hefur hækkað ríflega á árinu eða yfir fimmtung.

Gullið er varðveitt í Englandsbanka og er heimilt að leigja það út gegn tekjum í gulli. **- eþa**

# Ósamstíga í spánum

### Töluverðu munar á afkomuspám viðskiptabankanna til FL Group, Landsbankans og Straums. Munur gæti falist í mismunandi mati á hlutabréfaeign eða gjaldeyrisstöðu.

Greiningardeildir bankanna eru ekki alltaf sammála þegar þær spá fyrir um hagnað félaga í Kauphöll Íslands. Í nýútgefnum afkomuspám fyrir annan ársfjórðung greinir þær mjög á um hver hagnaður Dagsbrúnar, FL Group, Landsbankans og Straums-Burðaráss verði.

Allnokkur munur er á spám bankanna gagnvart FL Group en 3.482 milljónum króna munar á hæsta og lægsta gildi. Þar gerir KB banki ráð fyrir tæplega 1.398 milljóna króna hagnaði, Glitnir reiknar með 721 milljón króna tapi en Landsbankinn með 2.084 milljóna tapi.

**ÓLÍKAR SPÁR GREININGARDEILDA Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI**

(Í milljónum kr.)

| | Glitnir | KB banki | Landsbankinn | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|
| Dagsbrún | -101 | 328 | -60 | 56 |
| FL Group | -721 | 1.398 | -2.084 | -469 |
| Landsbanki | 2.934 | 7.382 | 0 | 5.158 |
| Straumur | -1.435 | -3.100 | -2.197 | -2.244 |



**STRAUMI SPÁÐ TAPI** Greiningardeildir eru ósammála um hvert tap félagsins verði á öðrum ársfjórðungi.

Haraldur Yngvi Pétursson, sérfræðingur hjá KB banka, telur að frávikin í spánum um afkomu FL Group liggi að stærstum hluta í mismunandi forsendum á því hvernig þróun á gjaldeyrisstöðu FL Group á öðrum ársfjórðungi varð. Hún var jákvæð í erlendri mynt um 93 milljarða króna við loks fyrsta ársfjórðungs. „Þetta er eitthvað sem þeir hafa ekkert tjáð sig um á opinberum vettvangi.“

Landsbankinn spáir ekki fyrir um sína eigin afkomu en KB banki spáir honum um 7.382 milljóna hagnaði en Glitnir aðeins 2.934 milljónum. Þarna munar 4.448 milljónum króna. KB banki reiknar með því að hreinar rekstrartekjur LÍ verði 5,5 milljörðum meiri en það sem Glitnir ráðgerir.

Þótt allir aðilar spái Straumi tapi á öðrum ársfjórðungi munar nokkru á spánum eða 1.600 milljónum króna á hæstu og lægstu spá. Munar þar mestu um hvernig gengistap af hlutabréfaeign er metið. „Með jafnstórt hlutabréfasafn og Straumur-Burðarás hefur, sem þannig séð liggja ekki nákvæmar upplýsingar fyrir um samsetningu og hreyfingar, er ekki við öðru að búast en að menn meti stöðuna misjafnt,“ segir Davíð Rúdolfsson, sérfræðingur hjá KB banka. Hann á allt eins von á að stjórnendur Straums nýti sér tækifærið og færi niður viðskiptavild er myndaðist við samruna Burðaráss og Straums.

Þá spáir KB banki því að Dagsbrún hagnist um 328 milljónir króna á fjórðungnum en bæði Glitnir og Landsbankinn reikna með sextíu til eitthundrað milljóna króna tapi. **eggert@frettabladid.is**




Himinn og haf / SÍA


# Engin þörf á hærri vöxtum

Sadakazu Tanigaki, fjármálaráðherra Japans, sagði í dag litla sem enga þörf á því að hækka stýrivexti seðlabanka landsins. Stýrivextir í Japan hafa staðið í núll prósentum í sex ár og hefur lengi verið spáð um hugsanlega hækkun þeirra.

Tanigaki sagði ennfremur að seðlabankinn ætti að slá á spár manna um hækkun stýrivaxta og gefa skýrar í skyn hvað bankinn ætli að gera og hvort hann hyggist gera breytingar á vaxtastefnu sinni.

Fjármálasérfræðingar spá því að seðlabanki Japans tilkynni um 25 punkta stýrivaxtahækkun á föstudag. **- jab**



**SADAKAZU TANIGAKI** Fjármálaráðherra Japans segir enga þörf á að hækka stýrivexti í landinu. MYND/AFP

# Mæla með bréfum í Netia

CA IB Securities mælir með kaupum á hlutabréfum í pólska fjarskiptafyrirtækinu Netia. Býst verðbréfafyrirtækið við því að Novator, sem er að stærstum hluta í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, auki hlut sinn á næstu tólf mánuðum en hlutur Novators í Netia fór upp í 23 prósent í janúar.

Novator hefur lýst yfir áhuga sínum að auka hlut sinn í pólska símafélaginu í þriðjungshlut.

CA IB setur verðmiðann 5,05 zloty á hvern hlut í Netia en síðasta gengi félagsins var 4,75. **- eþa**

# Útsölur lækkuðu verðbólguna

Vísitala neysluverðs í júlí hækkaði um 0,46 prósent frá fyrri mánuði og mælist verðbólgan nú 8,4 prósent.

Þetta er nokkuð minni hækkun en greiningardeildir viðskiptabankanna þriggja bjuggust við en spá þeirra hljóðaði allt frá 0,55 til 0,70 prósenta hækkunar vísitölu neysluverðs.



INGVAR ARNARSON HJÁ GLITNI

Hefði hæsta spá bankanna gengið eftir hefði verðbólgan mælst 8,7 prósent. Greiningardeild KB banka hafði spáð 0,4 prósenta hækkun en taldi líkur á 0,55 prósenta hækkun í endurskoðaðri spá sinni á föstudag í síðustu viku og 8,5 prósenta verðbólgu á ársgrundvelli.

**SPÁR BANKANNA**

| Banki | Hækkun |
|---|---|
| KB banki* | 0,55% |
| Glitnir | 0,7% |
| Landsbankinn | 0,7% |
| Verðbólguhækkun | 0,46% |

*Greiningardeild KB banka spáði 0,4 prósenta hækkun vísitölu neysluverð en taldi líkur á 0,55 prósenta hækkun í endurskoðaðri spá sinni.

Ingvar Arnarson, sérfræðingur hjá greiningardeild Glitnis, segir spáskekkjuna skýrast að stærstum hluta af meiri útsöluáhrifum en reiknað hafi verið með. Þá hafi verð á nýjum bílum, húsgögnum og fleiru reynst óbreytt milli mánaða. Kostnaður við íbúðakaup jókst hins vegar talsvert eða um 1,5 prósent, bæði vegna verð- og vaxtahækkunar.

Ingvar sagði ennfremur að þegar komi að útsölulokum megi búast við verulegri hækkun vísitölunnar eða jafnvel yfir eins prósents hækkun í byrjun september. Lækkun á íbúðaverði á haustmánuðum geti þó vegið á móti og dregið úr verðbólgunni.

Deildin spáir um níu prósenta verðbólgu í árslok en býst við að verðbólga minnki verulega á næsta ári þegar úr þenslunni dregur í efnahagslífinu. - jab

# ESB sektar Microsoft

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) hefur sektað bandaríska hugbúnaðarrisann Microsoft um 280,5 milljónir evra, jafnvirði 26,9 milljarða íslenskra króna, fyrir að framfylgja ekki samkeppnislögum.

Málið snýr að sölu á Windows-stýrikerfi Microsoft í Evrópu en ESB komst að þeirri niðurstöðu fyrir tveimur árum að hugbúnaðarrisanum bæri að gefa samkeppnisaðilum sínum í álfunni upplýsingar um innviði stýrikerfisins svo þeir geti búið til hugbúnað sem vinnur betur með stýrikerfinu.



BILL GATES, STOFNANDI MICROSOFT MYND/REUTERS

Stjórnendur Microsoft segja fyrirtækið hafa brugðist við ákvæðum ESB með viðunandi hætti.

Framkvæmdastjórn ESB er á öðru máli og greindi forsvarsmönnum Microsoft frá því í desember á síðasta ári að fyrirtækið myndi verða sektað um tvær milljónir evra, jafnvirði rúmlega 191 milljón íslenskra króna, á dag verði það ekki við ákvæðum sambandsins.

Þá komst ESB jafnframt að þeirri niðurstöðu fyrir tveimur árum að Microsoft bæri að skilja spilarann Windows Media Player frá stýrikerfinu og sektaði fyrirtækið um 47,6 milljarða íslenskra króna. - jab



**FRÁ BRETLANDI** Atvinnuleysi hefur ekki mælst meira í Bretlandi síðastliðin sex ár. MYND/REUTERS

# Mikið atvinnuleysi í Bretlandi

Atvinnulausum fjölgaði um 5.900 í Bretlandi í síðasta mánuði og eru þeir sem eru án vinnu í landinu tæplega 957 þúsund talsins. Atvinnuleysi í Bretlandi mælist nú 5,4 prósent og hefur ekki verið meira síðan á vordögum árið 2000, samkvæmt upplýsingum bresku hagstofunnar.

Þá hefur atvinnulausum fjölgað um 93.000 frá sama tíma í fyrra.

Fjármálasérfræðingar segja upplýsingar um atvinnuleysi í landinu slá á ótta manna um aukna verðbólgu í landinu og búast því við óbreyttum stýrivöxtum út árið. - jab



SAMDRÁTTUR Í FISKAFLA SKÝRIST AF MINNI SÍLD- OG KOLMUNNAVEIÐUM.

# Fiskafli minnkar

Fiskafli dróst saman um fjórtán prósent í júní miðað við sama tíma í fyrra samkvæmt bráðabirgðatölum Fiskistofu. Heildarafli í mánuðinum var tæplega 134 þúsund tonn.

Samdrátturinn skýrist af minni síld- og kolmunnaveiði en í fyrra. Botnfiskafli jókst lítillega þrátt fyrir samdrátt í þorskafla.

Fram kemur í Morgunkornum Glitnis að aflaverðmæti hafi líklega ekki dregist mikið saman milli ára í ljósi mikilla hækkana á heimsmarkaðsverði sjávarafurða. -jsk

# Bankar græða á verðbólgunni

Greiningardeild Landsbankans reiknar með að hagnaður Glitnis og KB banka af verðbótum á öðrum ársfjórðungi hafi numið samanlagt rúmum sex milljörðum króna eða þremur milljörðum á hvorn banka.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 3,8 prósent á öðrum ársfjórðungi.

Glitnir býst við góðum vexti í vaxtatekjum Landsbankans á nýliðnum fjórðungi vegna hárrar verðbólgu og lækkunar á gengi krónunnar. - eþa




BÍÓMIÐI Á VENJULEGA SÝNINGU




# neytendur
hagur heimilanna

**NEYTANDINN:** KOLBRÚN BJÖRNSDÓTTIR DAGSKRÁRGERÐARKONA

## *Bronslitaðir íþróttaskór fulláberandi*

Kolbrún Björnsdóttir er snögg að svara þegar blaðamaður slær á þráðinn og spyr hver séu bestu og verstu kaupin hennar.

„Mín verstu kaup eru „rosalega smart“ bronslitaðir Stellu McCartney íþróttaskór sem ég keypti á útsölu núna í janúar og taldi mig vera að gera gífurlega góð kaup.“ Kolbrún segir að skórnir, sem séu mjög pæjulegir, hafi verið hugsaðir í ræktina en þegar málið var ígrundað nánar voru þeir heldur áberandi fyrir hennar smekk. „Þetta eru ábyggilega mjög góðir skór en ég vil ekki alveg vekja svona mikla athygli í ræktinni,“ segir Kolbrún hlæjandi.

Spurð um bestu kaupin nefnir Kolbrún tvennt sem standi upp úr. „Í fyrsta lagi eru bestu svona jarðbundnu kaupin íbúðin sem við Árni keyptum í lok árs 2004. Við náðum að kaupa á réttum tíma áður en markaðurinn fór á enn meira flug og ég efast um að við hefðum efni á að kaupa hana í dag miðað við það verð sem eru í gangi.“



Kolbrún nefnir einnig önnur, ekki jafn jarðbundin, kaup og segir þau dæmi um hreina og klára neyslu. „Ég er ótrúlega ánægð með að hafa náð miðum á Madonnu-tónleika í sumar á tíu þúsund krónur. Ég hef frétt af fólki sem borgaði 50 þúsund fyrir svipaða miða en þetta var afrakstur góðrar netleitar. Og ekkert plat þar sem ég er nú þegar búin að fá miðana senda til mín.“

Kolbrún vinnur sem dagskrárgerðarkona í Síðdegisútvarpinu á Rás tvö sem er fréttatengdur útvarpsþáttur en hún var áður á fréttadeild Ríkisútvarpsins meðfram námi. „Ég er búin að vera í þessu frá því ég kláraði skólann í vor,“ segir Kolbrún sem er á seinustu metrunum í stjórnmálafræði í Háskóla Íslands. „Ég verð í þessu út ágúst og fer svo aftur í skólann að klára námið. Það verður ekkert sumarfrí frekar en í fyrra en ég hef nú að minnsta kosti Madonnu-tónleikana til að hlakka til.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### ÞRÁÐLAUS HITAMÆLIR

■ *Sigurður Flosason er mikill grillmeistari og notar þráðlausan hitamæli til að losna við að hanga yfir kjötinu.*



Ég lifi á grillmat á sumrin og þráðlaus kjöthitamælir getur sparað mikið vesen. Maður stingur mælinum í það sem maður er að grilla úti og stillir á ákveðið hitastig. Á sumum mælum er meira að segja hægt að stilla eftir hvaða kjöttegund maður er að grilla. Maður situr svo bara inni hjá sér og drekkur bjór eða vín og hefur lítið þráðlaust tæki inni hjá sér. Þegar þrjár til fjórar gráður vantar upp á til að kjötið nái réttu hitastigi pípir tækið. Þannig getur maður komist hjá því að van- eða ofelda kjötið.

■ **Hvað kostar... í rútu**

## Helmingsafsláttur fyrir börn 4-11 ára



Þrátt fyrir vaxandi vinsældir innanlandsflugs fara rútur enn með farþega í stærstu byggðarlög landsins. Þó að flugvélin sé fljótari að komast á leiðarenda og í mörgum tilfellum ódýrari farkostur þá eru samt margar ástæður fyrir að taka rútuna. Rútuferð milli Reykjavíkur og Akureyrar kostar 6.600 krónur hvora leið fyrir fullorðinn, en 4-11 ára börn greiða helmingi minna. Ferð á Egilsstaði kostar 11.100 krónur fyrir fullorðinn og 5.550 krónur fyrir barn. Rútuferðir eru einnig til helstu ferðamannastaðanna, en að fara með rútu að Gullfossi kostar 2.200 krónur fyrir fullorðinn og 1.100 krónur fyrir barn.

■ **Verslun og þjónusta**

## 10-11 verslun opnuð í komusal Leifsstöðvar



Ný 10-11 verslun var opnuð í komusal Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar fimmtudaginn 6. júlí. Verslunin er svipuð öðrum 10-11 verslunum en þó nokkuð minni. Hún verður opin allan sólarhringinn og er áttunda 10-11 verslunin sem hefur þann opnunartíma. Þessi nýbreytni ætti að auka þjónustu við þá sem eiga leið um flugstöðina, en fyrir er fjöldi verslana í komusalnum. Kaffibar er í versluninni og gefst gestum kostur á að gæða sér á kaffi og öðrum veitingum á meðan beðið er eftir flugi.

■ **Nýtt þjónustu- og íbúðarhús fyrir eldri borgara**

Á þriðjudaginn var tekin fyrsta skóflustunga að nýju þjónustu- og íbúðahúsi á Egilsstöðum. Húsið rís á svokölluðum ráðhússreit en í því verða 24 íbúðir fyrir aldraða. Á jarðhæð verður svo 900 fermetra verslunarrými. Þá verður í húsinu félagsaðstaða fyrir aldraða í bænum. Í húsinu verður einnig 1100 fermetra bílageymsla.

Það er byggingafélagið Rendita sem byggir húsið og er áætlað að það verði tilbúið í desember 2007. Er þetta eitt af fyrstu húsunum sem reist er samkvæmt nýju miðbæjarskipulagi á Egilsstöðum. Soffía Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar, tók fyrstu skóflustunguna.




# Lampasjónvörp duga enn

**Flestar raftækjabúðir eru hættar að selja gömlu lampasjónvörpin, en notkun þeirra hefur tíðkast allt frá upphafi almennrar sjónvarpstækjaeignar. Þó nú séu nær einungis seld LCD- og plasmatæki þýðir það ekki að þau henti betur til sjónvarpsáhorfs nú til dags, því stafræna öldin er enn ekki runnin upp.**



**LAMPASJÓNVARP** Gömlu sjónvarpstækin duga enn í nokkur ár, en verða þó úrelt þegar háskerpusjónvarp kemst í almenna notkun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þegar kaupa á sjónvarpstæki þarf að huga að ýmsu. Sérfræðingar segja enn vera um tvö ár þar til sjálfsagt verði að kaupa sér LCD- eða plasmatæki, því lampatækin gömlu séu jafnvel betur í stakk búin til að sýna gömlu loftnetsútsendingarnar en þau sem nýrri eru. Einnig eru þau talsvert ódýrari á þeim stöðum þar sem þau eru fáanleg og talið er að nýju gerðirnar muni lækka talsvert í verði næstu ár.



Fáir þekkja hver munurinn er á LCD- og plasmasjónvörpum. Þumalfingurreglan er sú að plasmasjónvarp er betra að kaupa ef maður vill stórt sjónvarpstæki, 42 tommur og upp úr, en LCD eru betri af minni gerðinni. Þróunin er þó sú að minna og minna skilur þessar tvær tegundir að. Þar sem flestar verslanir hafa hætt innflutningi á lampatækjum ber að varast nokkur atriði við kaup á LCD- eða plasmasjónvarpi.

Mikilvægt er að tækið sé háskerpusjónvarp og með nógu góða upplausn. Besta leiðin til að skoða gæði myndarinnar er einfaldlega að horfa á sjónvarpið, þar sem mismunandi fyrirtæki nota mismunandi staðla yfir birtu, svartíma og fleira. Léleg tæki geta haft háar tölur yfir myndgæði, en betri tæki hafa lægri tölur.

Annað sem hafa ber í huga er að tækið sé endingargott og standist þær kröfur sem gerðar verða eftir nokkur ár þegar háskerpusjónvarpsútsendingar munu ryðja sér til rúms. Þá verður að vera öruggt að tækið hafi stimpilinn „HD ready“. Sá stimpill gefur til kynna að tækið sé tilbúið fyrir háskerpuútsendingar. Varast ber stimpla sem gefa annað í skyn, til dæmis „HD compatible“.

Háskerpusjónvarp verður einnig notað á næstu kynslóð mynddiska, HD-diska og Blu-Ray. Því verður að skoða vel hvort sjónvarpstækið sé samhæfanlegt næsta tækniskrefi, eða hvort maður neyðist til að kaupa sér nýtt innan fárra ára.

steindor@frettabladid.is

**MATUR OG NÆRING** | ÁGÚST ÓSKAR SIGURÐSSON MATVÆLAFRÆÐINGUR

## Þróun á drykkjarvörumarkaðinum

Ekki hefur farið framhjá mörgum að vaxandi fjöldi fólks er farinn að huga betur að eigin heilsu og mataræði. Á drykkjarvörumarkaðnum hefur þessi þróun lýst sér á þann veg að neyslan er að færast frá sykruðum drykkjum í átt að orkusnauðari drykkjum, sykurskertum eða sykurlausum. Einnig hefur ásókn í vítamínbætta drykki aukist.
Á íslenskum matvörumarkaði má finna mikinn fjölda mismunandi svaladrykkja auk hreinna safa. Í matvöruverslunum er safnað upplýsingum um sölu þessara drykkja sem og annarra matvara. Samkvæmt þeim upplýsingum hefur sala þessara drykkja þróast á eftirfarandi hátt á síðustu árum.
Árið 2005 má segja að ákveðin vatnaskil hafi orðið á þessum markaði þegar sykraðir drykkir fóru niður fyrir 50 prósenta markaðshlutdeild. Athygli vekur hve sala á kolsýrðu vatni og vatnsdrykkjum með vítamínum hefur aukist mikið síðastliðin þrjú ár.
Nemur hlutdeild þessara drykkja nú þriðjungi af drykkjarvörumarkaðnum og fer vaxandi.
Drykkjarvöruframleiðendur hafa leitast við að verða við eftirspurn eftir þessum drykkjum, meðal annars með því að þróa vítamínbætta drykki. Þá er sérstaklega haft að leiðarljósi að bæta í drykkina vítamínum sem eru af skornum skammti í fæði Íslendinga, samkvæmt neyslukönnunum.
Fram að þessu hafa engar reglur verið til um vítamínbætingu á Íslandi en nýverið setti umhverfisráðherra reglugerð sem bannar alla vítamínbætingu matvæla nema með leyfi Umhverfisstofnunar.



Einnig eru í reglugerðinni ákvæði um að sækja þurfi um leyfi fyrir allar vítamínbættar vörur sem þegar eru hér á markaði. Engar samræmdar reglur gilda um þessi mál í Evrópu, sem gerir vöruflæði milli landa flókið, en gert er ráð fyrir að Evrópusambandið setji samræmdar reglur um vítamínbætingu fyrir lok þessa árs. Mjög brýnt er orðið fyrir alla sem að þessum málum koma að settar séu um þau skýrar reglur bæði framleiðendum og neytendum til hagsbóta.

www.mni.is

Verslanir þurfa ekki að fara eftir verklagsreglum um skilarétt frekar en þær vilja:

# Ráða hvort þær fylgja reglum

Skilaréttur neytenda er mismunandi eftir því í hvaða verslun varan var keypt, en verslunum er í sjálfsvald sett hvort þær vinna eftir leiðbeinandi verklagsreglum um skilarétt sem viðskiptaráðuneytið setti í samráði við Neytendasamtökin og fleiri. Reglurnar fjalla meðal annars um rétt neytenda til að skila ógallaðri vöru innan fjórtán daga frá því að kaup voru gerð.

Ásamt ákvæðinu um skilarétt eru önnur meginatriði reglanna að gjafir eigi að vera hægt að fá með gjafamerki svo ekki sé þörf á að framvísa kassakvittun þegar vöru er skilað, að inneignarnótur skuli miðast við upprunalegt verð vöru og að gjafabréf og inneignarnótur gildi í allt að fjögur ár frá útgáfudegi.



**ÚTSALA Í FATAVERSLUN** Tuttugu og átta verslanir og verslanakeðjur hafa tekið upp leiðbeinandi verklagsreglur um skilarétt á vörum.

Skilaréttur gildir ekki um vöru sem keypt er á útsölu nema um annað sé sérstaklega samið, hvort sem verslunin vinnur eftir verklagsreglunum eða ekki.

Tuttugu og átta verslanir og verslanakeðjur hafa tekið upp þessar leiðbeinandi verklagsreglur um skilarétt frá því reglurnar voru settar í janúar 2001. Þær má þekkja á límmiða við inngöngudyr sem segir að þar sé farið eftir þessum reglum.

- sþs



**SITUR SEM FASTAST** Sawyer Robertson heitir þessi ungi piltur sem tók þátt í óvenjulegri keppni á skemmtun í Laramie í Wyoming í Bandaríkjunum í gær. Þar var ekki keppt í því að sitja yfir ánum, heldur að sitja sem lengst á ánum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR** Þráðlaust net er nú aðgengilegt í flugstöðinni.

## Þráðlaust net í Leifsstöð

Nú geta gestir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar tengst þráðlausu neti í flugstöðinni. Fyrst um sinn er netaðgengi aðeins í suðurbyggingu flugstöðvarinnar, eða nýju byggingunni eins og hún er oftast kölluð. Innan skamms verður komið upp sendum í norðurbyggingu en það er ekki hægt að svo stöddu vegna framkvæmda í þeim hluta stöðvarinnar.

Það er stefna Flugstöðvarinnar að þráðlaust net verði á öllum helstu biðsvæðum og veitingasvæðum flugstöðvarinnar. Netinu er komið upp í samstarfi við TM software. ■

## Jurtir hafa lækningamátt

Náttúrulækningafélag Reykjavíkur stendur fyrir grasaferð fyrir félagsmenn á morgun.

„Þetta er í fimmta skipti sem farið er í svona ferð og aðsóknin hefur verið mjög góð. Í fyrstu ferðinni voru í um sjötíu þátttakendur en síðan hefur fjöldinn verið takmarkaður svo hver og einn njóti sín betur," segir Ásthildur Kristín Einarsdóttir grasalæknir.

„Tilgangur ferðarinnar er sá að leiðbeina fólki hvernig það á að týna jurtir án þess að skemma rætur og að geta búið sér til gott jurtate. Margar af þessum jurtum hafa mikinn lækningamátt." Ásthildur hefur unnið lengi með jurtir en hennar fjölskylda hefur stundað grasalækningar um aldir.

Eftir ferðina verður boðið upp á jurtate og lífrænt brauð frá Brauðhúsinu í Grímsbæ. Áætlað er að ferðin taki um tvo klukkutíma.

- öhö

### VIÐSKIPTI

**Nýr fjármálavefur** Vefurinn m5.is hefur tekið til starfa, en á honum má finna ýmislegt um hlutafélög, gjaldmiðla og ýmislegt sem ekki hefur sést áður hérlendis í tengslum við fjármál. Fyrirtækið Vefmiðlun ehf. rekur vefinn.






**HESTAKONURNAR:** KARIN, PERNILLE OG NANA

# *Fengu hjartslátt á opnunarhátíðinni*

Annað hvert ár flykkist til Íslands fjöldi útlendinga með það eitt í huga að sjá og upplifa íslenska hestinn í sínu náttúrulega umhverfi á Landsmóti hestamanna.

Mæðgurnar Karin Rahbek Jensen og Pernille Rahbek Jensen voru staddar á Landsmótinu um síðustu helgi ásamt vinkonu þeirra Nönu Kjer. Jensen fjölskyldan hefur átt íslenska hesta á bóndabæ sínum nálægt Árhúsum í Jótlandi í um fimmtán ár en áður áttu þau stóra hesta. „Íslenski hesturinn er betri reiðhestur, hann er geðprúðari og hefur mikla orku. Þá er heillandi hvað þeir virðast vel tengdir náttúrunni," segir Karin, sem hefur áður komið til Íslands en elsta dóttir hennar stundaði nám í Reykjavík. Þetta er hins vegar fyrsta heimsókn þeirra mæðgna á Landsmót. „Ég hefði gjarnan viljað taka alla fjölskylduna með en það tókst ekki í þetta sinn," segir Karin sem vonast til að geta látið verða af því síðar. „Ástæðan fyrir því að við erum hér er auðvitað áhugi okkar á íslenska hestinum, við keppum báðar og ríðum út okkur til yndisauka auk þess sem við stundum hrossarækt í litlum mæli. Þess vegna hef ég sérstakan áhuga á að fylgjast með kynbótahrossunum," segir Karin og lítur upp til að fylgjast með einum af fjölmörgum stóðhestum sem verið er að dæma á vellinum.



**GLAÐAR Á LANDSMÓTI** Karin og Pernille Rahbek Jensen ásamt vinkonu þeirra Nönu Kjer.

Þær mæðgur höfðu ekki verið lengi á Landsmóti þegar blaðamaður náði tali af þeim. Þær voru samt búnar að mynda sér skoðun á því. „Þetta er yndislegt því umhverfið er ægifagurt, opnunarhátíðin var með þeim hætti að ég fékk hjartslátt og þar spilaði saman sýningin, náttúran og söngurinn."

### Vissir þú?

*Að hin 14 vetra Vigdís frá Feti hefur verið eigendum sínum notadrjúg? Hún á átta skráð afkvæmi og af þeim eru þrjú komin með fyrstu einkunn. Nú síðast hlaut sonur hennar Vilmundur frá Feti hæstu einkunn í flokki fimm vetra stóðhesta með 8,56 í aðaleinkunn. www.worldfengur.com*

# Fákar *og fólk*

## Íslandsmótið hefst á morgun



Íslandsmót fullorðinna verður haldið í hestamannafélaginu Gusti í Glaðheimum nú um helgina. Mótið hefst klukkan tíu á föstudagsmorgni á keppni í 150 og 250 metra skeiði og lýkur klukkan fjögur á sunnudag en þann dag verða A-úrslit í öllum flokkum. Sjónvarpið mun senda beint út frá kl. 14.00 til 16.15 á sunnudag. Íslandsmót barna og unglinga verður síðan haldið í hestamannafélaginu Sleipni í Hafnarfirði dagana 10. til 13. ágúst.



ÍTALÍA



FRAKKLAND

## Fótboltafolaldið Ítalía

Fyrir stuttu kom jarpskjótt meri í heiminn á Lækjamóti í Húnaþingi vestra. Folaldið er undan Jarlhettu frá Neðra-Ási og Þristi frá Feti, en hann er jarpskjóttur eins og afkvæmið. Svo skemmtilega vill til að merin litla er með tvo hvíta bletti, sinn í hvorri hliðinni. Líktist bletturinn hægra megin Frakklandi en sá vinstra megin var eins og Ítalía í laginu. Þótti mörgum knattspyrnuáhugamanninum þetta skemmtileg tilviljun, en kastið átti sér stað stuttu fyrir úrslitaleik Ítala og Frakka í HM í fótbolta.

Beðið var með nafngift folaldsins þar til úrslitin voru ljós og verður folaldið prúða að öllum líkindum nefnt Ítalía.

Á Lækjamóti búa hjónin Þórir Ísólfsson og Elín R. Líndal oddviti. Þórir er eigandi Ítalíu ásamt Vigdísi Gunnarsdóttur en dóttir Þóris, Sonja Líndal, heldur í móður Ítalíu á myndunni.


VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com

Hrein Fjárfesting ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar




**YFIR ÓFÆRUR** Íslenski hesturinn er mikið notaður í ferðalögum um hálendið. MYND/ANNA FJÓLA GÍSLADÓTTIR

# Í fylgd guðlegra hesta

**Anna Fjóla Gísladóttir ljósmyndari hefur tekið myndir af hestum frá því hún man eftir sér. Hún hefur nú tekið saman það besta úr safni sínu og gefið út bókina Hestur guðanna.**

„Þetta er bara árátta," segir Anna Fjóla um ástæður þess að hún tekur myndir af hestum. „Ég starfa sem ljósmyndari og hestamennskan er áhugamálið þannig að svona sameina ég þetta tvennt," útskýrir Anna Fjóla, sem valdi nafnið á bókina eftir lestur bókarinnar Faxi eftir Brodda Jóhannesson. Þá hafði hún einnig kynnt sér Hávamál og gamla speki en þar er oft minnst á hesta.

Anna Fjóla segir það allt öðruvísi að taka myndir af hestum en fólki eða landslagi. „Það er miklu meira ögrandi," segir Anna Fjóla og líkir því við veiði í laxveiðiá.



**MEÐ BÓKINA GÓÐU** Anna Fjóla Gísladóttir gaf nýlega út ljósmyndabókina Hestur guðanna og er ánægð með útkomuna. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



**ALVEG EINS OG MAMMA** Hryssa og folald við Langholtspart í Flóa brokka glöð í haganum. MYND/ANNA FJÓLA GÍSLADÓTTIR

„Þetta er eins og spennan yfir því hvort áin gefi eða ekki. Maður kemur kannski að stóði í fallegu landslagi og stóðið rýkur í burtu, kemur allt of nálægt manni eða maður þarf að liggja og bíða. Maður stillir hestum ekki upp heldur þarf að vera tilbúinn," segir Anna Fjóla sem finnst þó mun auðveldara að taka myndir á sumrin þegar birtu nýtur og hrossin með fallegan, snöggan feld.

Hesti guðanna er skipt í fimm kafla. Þann fyrsta prýða stemningsmyndir af hestum. Annar kaflinn heitir Gangur lífsins þar sem folöld, stóðhestar og merar skipa stóran þátt. Þriðji kaflinn fjallar um hestinn og landið þar sem lögð er áhersla á ferðalög sem eru stór hluti íslenskrar hestmennsku. Göngur og réttir nefnist fjórði kaflinn. Þar má sjá hestinn í sínu gamla hlutverki sem þarfasti þjónn bænda enda hentar hann vel til ferðalaga um erfið landsvæði. Lokakaflinn heitir Hesturinn og mannlífið. Anna Fjóla segist hafa í lengstu lög reynt að forðast að sýna myndir af einstökum hestum í keppni heldur vildi halda bókinni almennri.

Eftir vinnslu og útgáfu bókarinnar fann Anna Fjóla fyrir nokkrum tómleika og hafði enga löngun til að taka myndir af hestum og var farin að hafa áhyggjur af því að þörfin væri horfin.

„En síðan fór ég á Landsmót hestamanna og sá flottan regnboga og stúlku á hvítum hesti. Ég náði mynd af henni þar sem hún reið á móti mér með regnbogann yfir sér og það var rosalega góð tilfinning að finna að ég var komin í gang á ný," segir Anna Fjóla sem mun líklega taka ófáa hestamyndina í framtíðinni.

*solveig@frettabladid.is*

# Ótrúlegt verð

grandhall
living style



Brennarar: 4 brennarar úr ryðfríu stáli + hliðarbrennari.
Heildargeta: 18,5kWh/60.000BTU (4,5kWh/15.000btu hliðarhella).
Grillflötur: 64 x 48 cm, hitaplata úr pottjárni 64 x 9 cm
Elektrónísk kveikja.

## Grandhall Premium

Postulínhúðaðar grillgrindur, hitamælir, áhaldakrókar, eldtemjari úr ryðfríu stáli (hindrar að fita og olíur komist að brennurum).

TILBOÐ
69.900kr
Verð áður 96.000,-



## Grill

Grillflötur: 48 x 30 cm.
Grind: Krómuð.
Kveikja: Neistakveikja.
Brennari: Breiður I-brennari.
Steinar og grind fyrir ofan brennara til að jafna hitadreifingu í grillinu.
Hliðarborð úr viði.
Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu.

TILBOÐ
7.999kr
Verð áður 19.999,-

grandhall
living style



Brennarar: 5 brennarar úr ryðfríu stáli + hliðarbrennari.
Heildargeta: 22kWh/75.000btu (4,5kWh/15.000btu hliðarhella).
Grillflötur: 80 x 48 cm, hitaplata úr pottjárni 80 x 32 cm.
Elektrónísk kveikja.
Yfirbreiðsla fylgir.

## Grandhall Professional

Grillgrindur úr massífu ryðfríu stáli, hitamælir, áhaldakrókar, eldtemjari úr ryðfríu stáli (hindrar að fita og olíur komist að brennurum).

TILBOÐ
109.900kr
Verð áður 144.000,-

BBQ MASTER

## BBQ Master 2300



Brennari: 3 brennarar úr ryðfríu stáli með sér stillingum hver.
Heildargeta: 9kwh/30.000BTU.
Eldtemjari úr ryðfríu stáli.
Grindur: Eldunargrindur úr massífu pottjárni.
Grillflötur: 55 x 43 cm, hitaplata 55 x 19 cm.
Efri grind: 55 x 13 cm.
Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli, innbyggður hitamælir. Riotisserie grillteinn.
Elektrónísk kveikja. Útdraganleg hliðarborð.
Breidd: 149 cm. Dýpt: 60 cm.
Læsanleg hjól. Yfirbreiðsla fylgir.

Verð aðeins
39.990kr
3.999kr
vaxtalaust í 10 mánuði*
*stimpil- og seðilgjald ekki innifalið

BBQ MASTER

## BBQ Master 2301



Brennari: 4 brennarar úr ryðfríu stáli með sér stillingum hver.
Heildargeta: 15kwh/52.000BTU (3,5kwh/12.000BTU hliðarhella).
Eldtemjari úr ryðfríu stáli.
Hliðarbrennari út steyptu brassi.
Grindur: Eldunargrindur úr massífu pottjárni.
Grillflötur: 68 x 42 cm, hitaplata 30 x 42 cm.
Efri grind: 68 x 14 cm.
Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli, innbyggður hitamælir.
Riotisserie grillteinn. Elektrónísk kveikja
Útdraganlegt hliðarborð. Skápur með

Verð aðeins
49.990kr
4.999kr
Verð áður 69.990,-
*stimpil- og seðilgjald ekki innifalið

Gildir til 17. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

ODDI VOB4282

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Ekkert Norðurlandanna dregur að sér viðlíka fjölda ferðamanna og Ísland miðað við höfðatölu.

## Þrekvirki ferðaþjónustunnar

Svo lengi sem ekki verða einhverjar stórkostlegar náttúruhamfarir munu fleiri erlendir ferðamenn heimsækja Ísland í ár en samanlagður íbúafjöldi landins. Verður það þá þriðja árið í röð sem íslensk ferðaþjónusta fagnar þeim glæsilega árangri að laða hingað fleiri en 300 þúsund ferðamenn.

Full ástæða er til að staldra við og velta fyrir sér hversu mikið þrekvirki þetta er. Til samanburðar dregur ekkert Norðurlandanna að sér viðlíka fjölda miðað við íbúa. Þar er hlutfall árlegs fjölda erlendra gesta yfirleitt í kringum helmingur af landsmönnum. Og sé miðað við eitt mesta ferðamannaland heims, Frakkland, þá koma þangað á hverju ári um það bil 15 prósent fleiri erlendir gestir en franska þjóðin telur. Allt bendir til þess að í árslok megi bæta 30 prósentum við íbúatölu Íslands þegar ferðamannabókhaldið verður gert upp.

*Þetta eru ævintýralegar tölur og mikið er í húfi að uppbygging á innviðum ferðaþjónustunnar verði þannig að hún geti annað öllum þessu mikla gestagangi.*

Í nýrri skýrslu um um ferðavenjur erlendra ferðamanna, sem samgönguráðuneytið lét taka saman, kemur fram að ferðamönnum mun halda áfram að fjölga hratt á næstu árum. Er spáð að með sömu þróun og hefur verið undanfarin ár, megi búast við allt að einni milljón ferðamanna hingað til lands árið 2015. Verður það þá meira en tvöfaldur fjöldi landsmanna miðað við mannfjöldaspár.

Þetta eru ævintýralegar tölur og mikið er í húfi að uppbygging á innviðum ferðaþjónustunnar verði þannig að hún geti annað öllum þessu mikla gestagangi. Ef rýnt er í fyrrnefnda skýrslu virðast þau mál vera í góðu lagi um þessar mundir, og reyndar rúmlega það, því um 20 prósent erlendra ferðamanna hafa komið hingað einu sinni eða oftar, og 80 prósent geta hugsað sér að koma aftur til landsins.

Í viðtali við Ríkisútvarpið í gær benti Magnús Oddsson ferðamálastjóri hins vegar á að ekki væri til nógu mikið af menntuðu fólki í ferðaþjónustunni til að sinna þeim mikla fjölda ferðamanna sem spáð er að heimsæki Ísland á næstu árum. Augljóst er að ekki þolir bið að taka á því vandamáli; eins og allir vita kemur fólk sjaldnast aftur þangað sem ekki er tekið vel á móti því.

Annað ekki síður aðkallandi mál er fyrirséður stóraukinn ágangur við náttúruperlur landsins. Náttúran er viðkvæm og mikil og óheft umferð getur haft í för með sér eyðileggingu sem ekki er hægt að bæta. Í skýrslu samgönguráðuneytisins er ekki eytt mörgum orðum í þessa hlið ferðamennskunnar, en þó er bent á að álagið á fjölsóttustu ferðamannastaði landsins sé mikið og að mikilvægt sé að fara eftir ábendingum þolmarkarannsókna um viðeigandi ráðstafanir og áætlanir um úrbætur. Æskilegt er að ferðamálayfirvöld marki afdráttarlausa stefnu í þeim efnum.




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Byrjað heima

Nýr borgarstjórnarmeirihluti ætlar að standa við kosningaloforðin og sjást fyrstu merki þess laugardaginn 22. júlí þegar viðamiklu hreinsunarátaki verður ýtt úr vör. Borgin verður hreinsuð og fegruð undir yfirskriftinni: Tökum upp hanskann fyrir Reykjavík og vonast borgaryfirvöld til að borgarbúar leggi sitt af mörkum og liðsinni borgarstarfsmönnum við verkefnið. Hreinsa á öll hverfi borgarinnar stig af stigi en byrjað verður á Breiðholtinu. Það kemur kannski ekki á óvart að það ágæta hverfi skyldi verða fyrir valinu enda búa bæði borgarstjóri og formað í Breiðholtinu.



### Annar hver hugsi

Hálfur þingflokkur Framsóknarflokksins veltir nú fyrir sér framboði til forystu í flokknum. Jónína Bjartmarz, Hjálmar Árnason og Valgerður Sverrisdóttir hafa þegar ákveðið sig og eðli máls samkvæmt eru Halldór Ásgrímsson og Jón Kristjánsson ekki að íhuga framboð. Það gera hins vegar Guðni Ágústsson, Birkir Jón Jónsson, Kristinn H. Gunnarsson, Siv Friðleifsdóttir og Magnús Stefánsson. Eftir standa Dagný Jónsdóttir og Guðjón Ólafur Jónsson, sem þykja ekki hafa ástæðu til að velta málunum sérstaklega fyrir sér.



### Vinsælt starf

Finnbogi Jónsson, sem nýlega var ráðinn framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, er fjórði framkvæmdastjóri sjóðsins í tæplega níu ára sögu hans. Páll Kr. Pálsson var fyrsti framkvæmdastjóri NSA og gegndi starfinu í eitt og hálft ár. Úlfar Steindórsson tók við af Páli og var framkvæmdastjóri í þrjú og hálft ár. Gunnar Örn Gunnarsson var svo eftirmaður Úlfars og sat í starfi í tæp þrjú ár. Athyglivert er hve stutt menn staldra við í þessu starfi en ekki síður hve það er vinsælt. Í þau fjögur skipti sem það hefur verið auglýst laust til umsóknar hafa samtals 114 umsóknir borist.

bjorn@frettabladid.is

# Mafía skal hún heita

Í DAG
BIRTING DÓMA



ÞORVALDUR GYLFASON

*Dómar í undirrétti ættu að réttu lagi að vera aðgengilegir á vefnum eins og dómar Hæstaréttar. Vefsetur Hæstaréttar er til fyrirmyndar: þar er án nokkurrar fyrirhafnar hægt að slá upp gengnum dómum mörg ár aftur í tímann.*

Mig minnir, þótt þetta sé svolítið óljóst í minni mínu, að dómsmálaráðherrann hafi staðið þykkjuþungur í ræðustól Alþingis og sagt: Mafía er hún, og mafía skal hún heita. Þetta var einhvern tímann á árunum eftir 1970, ég bjó þá í útlöndum og fylgdist með málinu úr fjarlægð. Ráðherrann steig síðan út á tröppur alþingishússins, út fyrir þinghelgi, til þess var leikurinn gerður, og endurtók ummælin: Mafía er hún, og mafía skal hún heita. Hann átti við Vísismafíuna, sem hann nefndi svo, Þorsteinn Pálsson var þá ritstjóri Vísis, ef mig misminnir ekki, og þeir Vísismenn stefndu ráðherranum, hann var dæmdur fyrir meiðyrði og greiddi sektina, hún var ekki mjög há, án þess að áfrýja málinu til Hæstaréttar. Þetta var Ólafur Jóhannesson, fyrrum lagaprófessor og forsætisráðherra.

Það er talsverð fyrirhöfn að grafa upp skriflegar heimildir til að sannreyna þessa sögu. Það er þó hægt með því að fara á safn og fletta upp í dagblöðunum frá þessum tíma. Blöðin frá þessum árum eru ekki tiltæk á vefnum, ekki enn, og þau eru kannski ekki heldur að öllu leyti óbrigðular heimildir um mál sem þetta. Samt hefur Þjóðarbókhlaðan lyft Grettistaki undangengin ár með því að tölvutaka mikinn fjölda gamalla blaða og tímarita, svo að nú geta menn setið heima hjá sér eða hvar sem er og lesið aldamótablöðin, ég er að tala um aldamótin 1900, og ýmislegt fleira, en ýmis yngri blöð og tímarit vantar enn á vefinn. Það væri einnig hægt að fara í Héraðsdóm Reykjavíkur og biðja menn þar að grafa upp dóminn yfir dómsmálaráðherranum, en einnig það er umtalsverð fyrirhöfn.

Og þá er ég kominn að efni þessa máls. Dómar í undirrétti ættu að réttu lagi að vera aðgengilegir á vefnum eins og dómar Hæstaréttar. Vefsetur Hæstaréttar er til fyrirmyndar: þar er án nokkurrar fyrirhafnar hægt að slá upp gengnum dómum mörg ár aftur í tímann. Málverkafölsunarmálið? Dómur Hæstaréttar birtist á skjánum eftir andartak. Dómarnir í kvótamálinu? Sama þar: þeir eru á sínum stað. Dómurinn í öryrkjamálinu? Sama saga.

Öðru máli gegnir um vefsetur Héraðsdóms Reykjavíkur og annarra héraðsdómstóla. Þar eru birtir dómar aðeins nokkrar vikur aftur í tímann. Hvernig var hann aftur dómurinn gegn Davíð Oddssyni þáverandi forsætisráðherra? Fékk hann fjársekt eða ekki? (Svar: nei, hann var ekki sektaður, en ummæli hans voru dæmd dauð og ómerk.) Og hvernig var dómurinn gegn fyrrverandi aðstoðarmanni hans í forsætisráðuneytinu? Fékk hann fangelsisdóm eða ekki? (Svar: já, hann fékk auk annars óskilorðsbundinn fangelsisdóm.) Svörin innan sviga er ekki að finna á vefsetri Héraðsdóms Reykjavíkur, en þar ættu þau að vera. Og hvernig var hann aftur dómurinn yfir bankastarfsmanninum, sem sveik fé út úr Landsbankanum á viðreisnarárunum? Hverjir aðrir komu þar við sögu? Þannig gæti ég spurt of daginn, og upplýsingarnar eru sem sagt ekki aðgengilegar á vefsetri Héraðsdóms Reykjavíkur, enda þótt fallnir dómar séu opinberir úrskurðir og allir eigi jafnan rétt á að lesa þá. Í réttarríki eiga menn ekki að þurfa að velkjast í vafa um fallna dóma.

Lögfræðingar eru sumir þeirrar skoðunar, að héraðsdómar hafi yfirleitt takmarkað heimildargildi, þar eð mikilvæg lögfræðileg álitamál í undirrétti komi oftast nær til kasta Hæstaréttar, og hæstaréttardómar eru aðgengilegir á vefnum. Við þessi rök er það að athuga, að sumir héraðsdómar eru svo skýrir og afdráttarlausir, að hinir dæmdu sjá sér ekki hag í að áfrýja þeim, eins og til dæmis dómarnir gegn ráðherrunum tveim, sem nefndir voru að framan. Hitt skiptir einnig máli, að héraðsdómstólar fella stundum vel smíðaða og merka dóma um ýmis mál, sem vert er að halda til haga, hvort sem slíkum dómum er áfrýjað til Hæstaréttar eða ekki. Allir hæstaréttardómar og valdir héraðsdómar í Svíþjóð eru birtir á vefnum, svo að dæmi sé tekið frá nálægu landi.

Að öllu samanlögðu sýnist mér því rökrétt að hvetja Héraðsdóm Reykjavíkur og aðra dómstóla til að taka vefsetur Hæstaréttar sér til fyrirmyndar og birta gengna dóma aftur í tímann, helzt marga áratugi. Það kostar ekki mikið með nútímatækni. Það kemur ekki heldur að sök, þótt gagnslitlir dómar fljóti með inn á vefinn, því að nýjar leitarvélar gera það kleift að greina hismið frá kjarnanum á leifturhraða. Birting allra dóma á vefnum myndi greiða fyrir hollri umræðu um ýmis dómsmál frá fyrri tíð og þétta þjóðarsöguna.

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni.
Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871

## ALLT HITT

[ TÍSKA HEIMILI HEILSA ]



**Ashlee Simpson** er nýtt andlit nærfataframleiðandans Victoria's Secret. Hún mun auglýsa nýja tískulínu sem kallast Pink.

**Norska listakonan** Ingrid Larsen er með sýningu á hálsskarti á Skriðuklaustri.

**Ný rannsókn** þykir sýna að hægt væri að draga úr HIV-smiti í Afríku til muna með því að umskera karlmenn.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 13. júlí, 194. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.34 | 13.33 | 23.31 |
| Akureyri | 2.46 | 13.18 | 23.47 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími **550 5000**

Auglýsingasími Allt **550 5880**

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Dísa varð himinlifandi þegar hún fékk þetta flotta bongó-trommusett í jólagjöf frá foreldrum sínum fyrir nokkrum árum. Hún heldur á údu-trommu frá Indlandi. Skenkurinn til vinstri er ættargripur frá Dísu sem henni þykir mjög vænt um. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR VILHELMSSON

# Tónleikar í eldhúsinu

***Arndís Hreiðarsdóttir og Guðrún Lára Alfredsdóttir felldu hugi saman þegar þær spiluðu saman í hljómsveitinni Homos with the Homies fyrir tveimur árum og í kjölfarið hófu þær sambúð á Sólvallagötu.***

Sumir myndu segja að íbúð þeirra Arndísar og Guðrúnar, eða Dísu og og Nönu eins og þær eru betur þekktar, væri fremur óhefðbundin, meðal annars þar sem hún er uppfull af hljóðfærum á ólíklegustu stöðum. Í eldhúsinu er til að mynda Yamaha-hljómborð, sem stelpurnar segja að skapi rífandi stemningu.

Dísa og Nana segja töluverða vinnu hafa farið í íbúðina. „Hún var í slæmu ástandi þegar við fluttum inn," segir Dísa og bætir við að allir veggir hafi verið málaðir og skipt um lagnir og gólf á nokkrum stöðum.

„Iðnaðarmenn gengu frá lögnunum, gólfinu og vegg, sem var rifinn til að opna á milli stofanna, en hitt gerðum við mestmegnis sjálfar og lærðum heilmikið af því," bætir Nana við.

Framhald á síðu 6

## Ferskur blómailmur

NÝI ILMURINN FRÁ CACHAREL BYGGIR Á ANAIS ANAIS.



Margir þekkja ilminn Anais Anais frá Cacharel en nú er kominn nýr ilmur; Anais Anais Eau Légére.

Ilmurinn er sem fyrr blómailmur en í Eau Légére er það liljan, jasmín, geitatoppur og blóm appelsínutrés sem fá að njóta sín.

Ilmurinn er léttur og ferskur og hentar einstaklega vel í sumarið. Hvort sem sólin skín eða ekki er alltaf gott að hafa sumarilm í vitunum. - lkg


Opið 17-23 í dag fimmtudag

5 ÁRA AFMÆLISÚTSALA

NÚ BREYTUM VIÐ TIL OG HÖFUM LOKAÐ Í DAG TIL KLUKKAN 17, EN ÞÁ BYRJAR AFMÆLISÚTSALAN OG VIÐ TÖKUM Á MÓTI ÞÉR MEÐ LÉTTUM VEITINGUM, LIFANDI TÓNLIST OG SÉRLEGA GÓÐUM TILBOÐUM.

EINNIG VERÐUR LAGERSALA Í KJALLARANUM Í KVÖLD FIMMTUDAGSKVÖLD OG EINUNGIS Í KVÖLD. EKKI MISSA AF TÆKIFÆRINU AÐ FÁ LÍTIÐ ÚTLITSGÖLLUÐ HÚSGÖGN Á FRÁBÆRU VERÐI.



20% afsláttur af nýjum vörum aðeins í kvöld*

Nýtt kortatímabil

*Öllum nema pöntunarvöru

UNIKA
Fákafeni 9 Sími: 568 6700
mán-fös. 10-18 og laug. 11-16
www.unika.is

Gullið fer aldrei úr tísku. Dásamlega klassískt.


LUCKY WANG NYC
Allur barnafatnaður á 50% afslætti
Sipa
Laugavegi 67
Sími: 551 8228


Flottir leðurjakkar
á góðu verði
Drangey
Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is

Trind handsnyrtivörur alltaf no. 1
Nú Nýtt
Nail Antibite til að Hætta að naga neglur.
For Girls Only Aðeins fyrir stelpur
Traveling set ferða sett

Þú verður að eignast
trippen

trippen
Skóverslun, Rauðarárstíg 14, 101 Reykjavík. trippen.is

belladonna
REGNBOGADAGAR
Núna er hægt að gera frábær kaup
20%-50%
afsláttur af völdum vörum
Vertu þú sjálf
– vertu Bella Donna
RÉTTU STÆRÐIRNAR (st. 38-60)
Hlíðarsmára 11 • Kóp • S: 517 6460
Opið mán. - fös. 11-18, lau. 11-15 • www.belladonna.is

# Tískuveisla fyrir augað

***Dýrustu og íburðarmestu kjólar í heimi voru sýndir í París í síðustu viku þar sem „haute couture" línur stærstu tískuhúsanna fyrir næsta haust og vetur prýddu sýningarpallana í tískuhöfuðborginni.***

Það var mikið um dýrðir þegar meistarinn sjálfur John Galliano opnaði þriggja daga tískuveisluna á miðvikudaginn í síðustu viku með hönnun sinni fyrir Christian Dior.

Galliano brást ekki bogalistin frekar en fyrri daginn og kynnti línu sem var undir miklum áhrifum af hinum myrku miðöldum. Sumir kjólanna jöðruðu við að vera búningar í leiksýningu þar sem fígúrur á borð við hafmeyjur, hirðfífl og riddara stigu á stokk. Samt sem áður fór Galliano ekki alveg yfir strikið og komust nokkrir kjólarnir mjög nálægt því að sóma sér vel á rauða dreglinum.

Valentino brást ekki aðdáendum sínum, en hann er þekktur fyrir að klæða allar helstu stjörnurnar vestan hafs þegar mikið stendur til. Hann klikkar aldrei á flottum smáatriðum og kvenlegri hönnun og notaði rússnesk munstur á skemmtilegan hátt. Bólerójakkar kórónuðu flotta kokkteilkjóla og var litapalletan mjög ljós - kampavínsgult, drapplitað, grátt, gyllt og svart.

Karl Lagerfeld hjá Chanel var með smá uppsteyt og poppaði annars hefðbundna Chanel-hönnun með stígvélum sem minntu helst á gallabuxur. Hjá Lacroix var einnig eitthvað um nýjungar þar sem efnum, litum og áferð var blandað saman á ýmsa vegu.

Fyrst og fremst voru þessir þrír dagar algjör veisla fyrir augað og því ættu myndirnar að segja miklu meira en nokkur orð fá lýst.

*lilja@frettabladid.is*


Gjörsamlega geðveikur kjóll hjá John Galliano fyrir Dior. MYNDIR/GETTY IMAGES


Ein af fjölmörgum fígúrum sem prýddu pallana í sýningu John Galliano.


Lag eftir lag af fallegum efnum var áberandi hjá Christian Lacroix.


Þessi kjóll frá Chanel á eflaust eftir að sjást á rauða dreglinum í nánustu framtíð.


Valentino er ekki vinsæll meðal stjarnanna fyrir ekki neitt og sýnir hér að hann er einn sá fremsti í bransanum.


Drungaleg stemning hjá Givenchy.


Kvenlegt og glæsilegt frá Giorgio Armani.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Hanafjaðrir og útsaumur í hátísku

Hátískusýningarnar fyrir veturinn 2006-7 fóru fram í París í síðustu viku með tilheyrandi fjaðrafoki í orðsins fyllstu merkingu, þar sem fjaðrir eru oft fylgifiskar hátískunnar. Haute couture-tískuhúsin, sem aðeins framleiða eftir pöntunum skipta á milli sín um tvö hundruð viðskiptavinum. Og þó að tískuhúsunum hafi jafnt og þétt fækkað virðist sköpunargleðin enn lifa hjá þeim fáu sem eftir eru. Almennt er hægt að segja um sýningarnar að stíllinn og hönnunin yngist. Þetta á til dæmis við um hönnun Karls Lagerfeld hjá Chanel þar sem fljótt á litið virðist ekki svo mikill munur á hátískunni og fjöldaframleiddu tískulínunni sem seld er í búðunum. Það væri hægt að spyrja hvers vegna viðskiptavinur ætti að kaupa dragt á 30.000 evrur þegar hægt er að fá eina á 4.000? Samt sem áður gengur hátískuhús Chanel mjög vel. Karl Lagerfeld heldur áfram að skapa hreinar línur og um leið að yngja upp ímynd tískuhússins. Hann notar mikið gallaefni og skósíðir kvöldkjólar voru ekki áberandi. Hins vegar var útsaumur frá Lesage í hávegum hafður til að skreyta hin einföldu form. Eftir hina glæsilegu sýningu í Grand Palais fyrir sumarið 2006, með tugum fyrirsæta, var það einfaldari umgjörð sem gaf tóninn á St. Cloud-flötinni í útjaðri Parísar í Boulogne-skógi. Tónlistin gerð af Michel Gaubert aðal „dj“ tískuheimsins.

Christian Lacroix virðist blómstra eftir að hann skildi við LVMH (Louis Vuitton Moey-Hennesey-lúxussamsteypuna) fyrir tveimur árum. Lacroix er frjáls og það sést á hönnun hans sem enn líkist búningum undir áfrifum spænsku „renaissance-stefnunnar“.

Önnur sýning sem líktist leiksýningu var hjá Dior þar sem John Galliano sótti í miðaldir með áhrifum frá fjórða áratug 20. aldar. En hönnun Gallianos er nánast ómögulegt að nota, svo ýkt er hún. Hugsanlega er hver kjóll endurhannaður fyrir viðskiptavinina því ekki get ég ímyndað mér að þessir kjólar sjáist á Óskarsverðlaunahátíðinni eða kvikmyndahátíðinni í Cannes.

Ein fallegasta hátískusýningin var tvímælalaust hjá tískuhúsi Jean-Paul Gaultier, þar sem fór saman glæsileiki og draumkennd veröld þar sem fyrirsæturnar báru nöfn ævintýraprinsessa og hins vegar tískuhönnun sem vel er hægt að nota. Gaultier hefur kannski séð úrslit heimsmeistarakeppninnar fyrir því franski haninn, tákn Frakklands, hefur verið notaður í jakka. Einnig notar hann loðfeldi í kápur, kjólar eru úr sléttflaueli og lífstykki útsaumuð með kristöllum.

Tískuhönnuðurnir eiga þó flestir sammerkt að leita jafnvægis milli draums og veruleika, þess sem er hátíska og hins sem er nothæft.

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr












## Brúðkaupskjólar

**Ótrúlegt úrval af kjólum í brúðkaupsveisluna.**
**Verð frá 3990**

FLASH
Laugavegi 54,
sími 552 5201






**Blanx tannhvíttunartyggjó***

**Tyggðu blettina burt og verðu þig gegn tannskemmdum**

*Inniheldur m.a. xylitol, natron og heimskautamosa, sem vinna á tannblettum eftir matarleifar, kaffi, te og nikótín, draga úr tannskemmdum og gefa ferskan andardrátt.

**Fæst aðeins í verslunum Lyf og Heilsu og Lyfjavals**



## Útsalan hefst í dag!

30-60%

**afsláttur af skóm og töskum**

- Athugið nýtt kortatímabil –

Gull í Grjóti

Gull í Grjóti • Skólavörðustígur 4 • 101 RVK • s. 551-5050
***www.gulligrjoti.is***
Opið virka daga 11-18 og laugardaga 11-16





# Hattar og höfuðskraut

***Við hátíðleg tækifæri getur flottur hattur eða fallegt höfuðskraut fullkomnað útlitið.***

Á sumrin gefast flestum einhver tækifæri til þess að fara í sitt fínasta púss þar sem brúðkaupsvertíðin stendur sem hæst.

Á landi þar sem allra veðra er von er oft tilgangslaust að eyða löngum tíma í flóknar hárgreiðslur þar sem óvænt rigning og rok gera verkið að engu á augabragði.

Fullkomin lausn getur hins vegar verið að skarta flottum hatti eða festa hárið kirfilega niður með einhverju fallegu höfuðskrauti.

Alvöru gellur og gaurar vita líka að vel valinn hattur setur alltaf punktinn yfir i-ið og fullkomnar flott útlit.

- eö







Hattabúð Reykjavíkur. 8.750 kr.


*Gentle Exfoliating* | *Deep Cleansing* | *Age Defying* | *Herbal Cleansing*



**Frískandi skrúbbandlitshreinsiklútar.** Klútarnir fjarlægja dauðar húðfrumur og hreinsa húðina án þess að þurrka hana. Kjarni úr greipávöxtum frískar upp á húðina og kjarni úr sítrónugrasi tónar og örvar húðina. Klútarnir innihalda einnig B5 próvítamín og kamillukjarna sem gefa húðinni raka og róa hana. Húðsjúkdómafræðilega prófaðar.

**Mildir en áhrifaríkir andlitsdjúphreinsiklútar sem fjarlægja andlitsfarða og eru góðir fyrir húðina.** Náttúrulegir ávaxtakjarnar (AHA) djúphreinsa húðina, B5 próvítamín vernda hana og næra og Kamillukjarni róar húðina. Klútarnir innihalda enga olíu og stífla þar af leiðandi ekki svitaholurnar. Ofnæmisprófaðir.

**Andlitshreinsiklútar sem innihalda sérstaka blöndu af andoxunarefnum til þess að hægja á öldrun húðarinnar:** Coensím Q10, beta glucan, vínberjakjarnaolía, kjarni úr grænu te og E vítamín. Sæt möndluolía og B5 próvítamín gefa húðinni raka og vernda hana. Klútarnir eru mildir en áhrifaríkir og henta sérstaklega til hreinsunar á augnfarða.

**Andlitshreinsiklútar sem innihalda blöndu af lækningajurtum og vítamínum til þess að hreinsa, fjarlægja farða og vernda húðina.** B5 próvítamín verndar og gefur húðinni raka, kamillukjarni róar hana. Húðin verður fersk og heilbrigð útlits. Ofnæmisprófaðir.

cu2 *Fást í öllum helstu apótekum landsins* Dr. Fischer


## Nýtt frá Naomi



Nýi ilmurinn frá ofurfyrirsætunni Naomi Campbell heitir Cat Deluxe. Ilmurinn er blómkenndur ávaxtailmur með ívafi kýprusviðar. Séreinkenni ilmsins er fjólan sem ætti að vera Íslendinum vel kunnug en ilmvatnið er bleikt að lit. Glasið er með hlébarðamynstri og rúsínan í pylsuendanum er klemman á glasinu sem er með bleikum dúski.

Hönnun umbúðanna er mjög kvenleg.

Auk ilmvatns er hægt að fá húðmjólk, sturtugel og lyktareyði í línunni.



Valentino er stoltur yfir því að hafa aldrei fylgt tískunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Móðgar aldrei konur

***Ítalski fatahönnuðurinn Valentino fékk á dögunum frönsku heiðursorðuna Légion d'honneur. Verðlaunin fékk Valentino fyrir 45 ára feril í hátísku.***

Valentino, sem heitir fullu nafni Valentino Garavani, er 74 ára en það stoppaði hann ekki í að halda glæsilega veislu í tilefni athöfnarinnar í Wideville-kastala sínum rétt fyrir utan París.

Valentino þakkar velgengnina því að hann hafi alltaf hunsað strauma og stefnur í tískubransanum. „Ég móðga aldrei konu né læt hana líta fáránlega út," segir goðið og bætir við að glæsilegur fataskápur innihaldi aðeins fáar flíkur. „Stuttur jakki, pils, einlitar buxur í stíl við jakkann, einfaldur stuttur kjóll og síður kvöldkjóll sem er ljós og einfaldur."

Valentino klæðir allar helstu stjörnurnar í Hollywood en meðal frægustu viðskiptavina hans gegnum tíðina eru Joan Collins, Grace Mónakóprinsessa, Díana prinsessa af Wales, Elizabeth Taylor, Audrey Hepburn og Sophia Loren.

*- lkg*




- 100% náttúrulegir jurtalitir
- Engin skaðleg aukaefni
- Ekkert ammóníak
- Laust við festiefni (Resorcinol)
- Þægilegt og fljótlegt í notkun
- 30 litir (Hægt að blanda fleiri)

**Einnig sjampó, hárnæring o.fl.**

*Fæst í heilsubúðum, apótekum, og heilsuhornum verslana*

DREIFING: JÓN KARLSSON • SÍMI: 5610570




allt matur
Alla föstudaga

GÁMASALA

FIMMTUDAGINN 13. JÚLÍ KL:15:00 – 18:00

LYNGHÁLS 4 (við hliðina á Hestar og menn)

SJÓÐHEITIR MEXIKÓSKIR GARÐOFNAR TILVALDIR Í PIZZUGERÐINA Á PALLINUM



Nóra – Lynghálsi 4, s:517 7727

WWW.NORA.IS








Það er ekki erfitt að geta sér til um hvar áhugasvið Dísu og Nönu liggur, þar sem íbúðin þeirra á Sólvallagötunni er uppfull af hljóðfærum, sem eru eins og hverjar aðrar mublur. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR VILHELMSSON

# Tónleikar í eldhúsinu

***Arndís Hreiðarsdóttir og Guðrún Lára Alfredsdóttir, eða Dísa og Nana eins og flestir þekkja þær, búa saman á Sólvallagötu. Þær hafa gert íbúðina sína mikið upp á þeim tveimur árum sem þær hafa búið í henni en hafa nú sett hana á sölu.***



Nana bjó áður í kommúnu með fimm manns. Dísa flutti tímabundið inn til hennar og þær áttuðu sig þá fljótlega á því að betra væri að búa í eigin húsnæði og fluttu á Sólvallagötuna.



Myndir af Marilyn Monroe prýða fataherbergi stelpnanna. Þær segja hana ekki vera í neinu sérstöku uppáhaldi, þótt hún sé vissulega töffari í ætt við Madonnu og Elvis Presley, sem Nana fílar. Nana segir Madonnu hafa sýnt sér að það skipti ekki máli að vera besta söngkonan í bransanum heldur góður listamaður.



Dekurrófurnar á heimilinu. Kettlingarnir heita Marley í höfuðið á átrúnaðargoði Dísu, Bob Marley, og Presley, eftir kónginum sem er í miklu eftirlæti hjá Nönu.



Bassi (til hægri), sem Dísa eignaðist á tónleikaferðalagi í Bandaríkjunum, og bleikur gítar (til vinstri), sem Nana keypti á eBay. Á gólfinu er gamalt plötusafn frá Dísu en í því er að finna margar perlur. Sjálf heldur hún mest upp á plötu með Minipops, en eftirlætistónlistarmenn hennar eru Ani Di Franco og Bob Marley.

Íbúð þeirra Dísu og og Nönu eins er uppfull af hljóðfærum á ólíklegustu stöðum. „Það er frábært að fá gesti í heimsókn og leyfa þeim að heyra tónlistina sem er vinnslu," segir Nana kampakát. „Núna erum við að vinna í efni frá Dísu, sem til stendur að gefa út um jólin 2007. Það á eftir að útsetja lögin og því mætti segja að þau eigi eftir að eignast eigið líf. Mér finnst frábært að fá tækifæri til að syngja frumsamið efni," bætir hún við.

„Það er síðan ekki verra ef vinir okkar úr tónlistargeiranum kíkja á okkur," segir Dísa og hlær. „Þá er hljóðfærum dreift á mannskapinn, en það kemur margt skemmtilegt út úr því."

Á einum veggnum hanga síðan bassi, sem Dísa keypti í Nashville þegar hún var á tónleikaferðalagi með Brúðarbandinu, og gítar sem Nana fékk á netinu. „Ég spila á gítar og finnst gaman að safna þeim. Þessi er mjög góður, en það var bleiki liturinn sem réði því að hann varð fyrir valinu," útskýrir Nana. „Ég legg mikið upp úr útlitinu þegar ég treð upp, á sérstaka búninga sem ég kem fram í og bleiki gítarinn er hluti af ímyndinni."

Dísa og Nana segja töluverða vinnu hafa farið í íbúðina enda var hún í slæmu ástandi þegar þær fluttu inn fyrir tveimur árum. Þær eru nú að leita að nýrri íbúð og hafa sett þá gömlu á sölu. En hvers vegna að flytja þegar allt er komið í gott stand? Nana verður fyrri til að svara þeirri spurningu. „Ég er áhugasöm um hönnun og finnst gaman að breyta til, en í nýju íbúðinni verður til dæmis allt í nýtískulegum stíl. Eigum við ekki bara að segja að við séum að hefja nýjan og spennandi kafla," segir hún full eftirvæntingar.

*roald@frettabladid.is*








# Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

# Víðitegundirnar - brautryðjendurnir í garðinum

Í nýjum görðum er venjulega lítið um skjól og jarðvegur er þar að auki fremur hrár og líflaus. Þess vegna þarf að byrja á því að koma upp einhverjum gróðri sem er fær um að vaxa upp við erfiðar aðstæður og þola skjólleysið. Þá koma víðitegundirnar að góðum notum. Íslenskir garðyrkjumenn hafa verið duglegir að leita að og finna víðitegundir sem henta íslenskum aðstæðum og í íslensku garðplöntustöðvunum er hægt að velja hátt í sjötíu mismunandi víðitegundir og víðiafbrigði frá ýmsum stöðum þar sem loftslag og vaxtarskilyrði líkjast því sem hér gerist. Það er samt ekki svo að skilja að allar þessar tegundir séu samtímis falar í öllum garðplöntustöðvum á Íslandi. En með dálítilli leit má samt finna hátt á fimmta tug mismunandi víðiklóna á íslenska markaðinum á hverju sumri. Þetta mikla úrval víðitegunda á sér enga hliðstæðu í nágrannalöndum okkar, en skýrir nokkuð vel við hvaða aðstæður við eigum að etja hér á landi.

**Mikið úrval**

En svo sannarlega eigum við þessu mikla úrvali víðitegunda að þakka hversu vel okkur gengur að koma görðunum okkar í rækt og skapa skjól fyrir okkur sjálf. Með því að planta hraðsprottnum víðitegundum, hvort sem það er nú í heimagörðum í nýjum íbúðahverfum ellegar við sumarbústaði úti á víðavangi, flýtum við fyrir þróuninni og sköpum skilyrði fyrir mildara „nærveður" sem okkur er svo mikils virði í þeim veðrabeljanda sem annars hefur hér yfirhöndina.

Hér mun ég nefna nokkrar víðitegundir sem segja má að séu nauðsynlegar hvarvetna sem ætlunin er að skapa skjól með trjágróðri. En það verður að hafa í huga að þær eru fyrst og fremst ætlaðar sem undanfarar sem síðan verða að víkja þegar annar og viðkvæmari gróður, hvað vind- og veðursveiflur varðar, hefur vaxið upp í skjóli þeirra.

**Tröllavíðirinn - þolgóð fóstra**

Fyrstan ber að nefna alaskavíði, einkum þann klón hans sem kallaður hefur verið „tröllavíðir" en er líka seldur undir yrkisheitinu „Gústa". Tröllavíðirinn er afar hraðvaxta, fremur grófgerður og hefur því harla lítið skrautgildi einn og sér. Kostir hans eru þeir að hann virðist pluma sig ágætlega um allt land og standa af sér allt það álag sem það inniber. Til að halda honum nettum og þéttum þarf að klippa hann a.m.k. tvisvar á sumri og taka burtu um tvo þriðju af nýjum greinavexti í hvort sinn. Fyrsta sumarið skal þó aðeins stýfa hann niður strax eftir gróðursetningu svo að aðeins standi eftir um 20-30 sentimetra langir sprotar. Þessi niðurstýfing er sú nauðsynlegasta, því hún eflir rótarmyndun plantnanna og myndar stofninn að þeim greinum sem síðan eru beinagrindin í plöntunum. Sprotavöxtur tröllavíðis getur farið upp í rúman metra á sumri þar sem vel er að honum búið með frjórri og jafnrakri mold. Og það er galdurinn; nefnilega að undirbúa jarðveginn vel fyrir gróðursetningu, losa hann í a.m.k. 50 sentimetra dýpt og um eins metra breiðar ræmur og helst bæta í hann góðri gróðurmold og eins miklu af lífrænum áburði og hægt er að komast yfir. Gamalt hrossatað, hænsnadrit eða kúamykja, molta, fiskimjöl eða þvíumlíkt kemur lífi í moldina og er lykillinn að því að vel takist til. Við gróðursetningu víðis ætti ekki að nota tilbúinn áburð, þótt óhætt sé að bera vel á hann á öðru vori og síðan alla tíð. Þessi undirbúningur á við allan trjágróður sem gróðursetja á í garða eða skjólbelti. Tröllavíðirinn fer að gefa umtalsvert skjól á öðru til þriðja sumri og eftir sjö til tíu ár má fara að fella hann og fjarlægja til að gefa öðrum og fallegri trjágróðri, sem hefur fengið að vaxa upp í skjóli hans, rými og birtu.

**Þrjár íslenskar og einn innflytjandi**

Ef menn setja fyrir sig grófleika og groddaáferð tröllavíðisins er um aðrar og nettari tegundir að velja, þótt þær vaxi kannski ekki alveg eins hratt á hæðina og séu í þéttari kvarða. Dökkvíðir og viðja gefa tröllavíðinum ekkert eftir hvað veðurþolið varðar, þótt þau fari ekki að skila skjóli fyrr en svo sem þrem til fjórum árum eftir gróðursetninguna. Reyndar eru þau tvö afbrigði sömu tegundar og er viðjan norðlægara form. Bæði afbrigðin eru fullgildir landnemar hér og orðin býsna áberandi meðfram þjóðvegunum hér og hvar um landið.

Enn fíngerðari eru svo hin íslensku ræktunarform íslenska gulvíðisins, svo sem brekkuvíðir, strandavíðir og hreggstaðavíðir. Sá síðastnefndi er talinn blendingur milli brekkuvíðis og viðju. Hann er afar harðger og blaðfallegur víðir sem virðist þrífast áfallalaust um allt land. Brekkuvíðirinn var lengi vel vænsti kosturinn þegar valið var í limgerði. Hann er með snotru laufi og fallegri greinasetningu, en hefur þann ókost að á hann vill sækja bæði maðkur og lús auk þess sem plantan er kvenkynsklónn sem fær dálítið sóðalega frærekla, að því er mörgum finnst, upp úr miðju sumri. Strandavíðirinn aftur á móti er karlkynsklónn og þess vegna alveg laus við slík lýti og er líka lítt næmur fyrir óværu. Uppruni hans er norður í Tröllatungu við Steingrímsfjörð, það segir nokkuð til um hörkuna. Strandavíðirinn er með gljágrænt, smágert lauf og þétta greinabyggingu. Hann hentar vel í limgerði sem og reyndar allar tegundirnar í þessum kafla. En það er gott að muna að öll víðilimgerði vaxa úr sér og gisna með aldrinum. Sé vel um þau hirt standast þau fegurðarprófið kannski í tíu til tólf ár en eftir þann tíma þarf að endurnýja þau, ýmist með vægðarlausri niðurklippingu niður að rót og nýrri uppbyggingu ellegar að þeim er skipt út fyrir aðrar tegundir sem þykja betur eiga við eftir að garðurinn er orðinn „gróinn".



Hreggstaðavíðir er bráðfallegur.



Gylltur tebolli með undirskál og loki yfir.

Þessi lampi lítur út eins og taílenskt hof.



Glæsileg gyllt súpuskál.



Nokkrar gerðir glæsilegra postulínsvasa er að finna í versluninni.

# Taílenskir munir í Mai Thai

*Verslunin Mai Thai á Laugavegi 118 býður upp á mikið úrval af taílenskri mat- og gjafavöru.*

Hjónin Linda og Egill hafa í meira en áratug rekið heildsöluna Eir við Bíldshöfða sem sérhæfir sig einnig í taílenskri matog gjafarvöru en það var ekki fyrr en á síðasta ári sem þau ákváðu að opna verslunina Mai Thai.

Í versluninni eru fallegir taílenskir munir sem þau flytja sjálf inn til landsins. Fréttablaðið kíkti við og mynduðu nokkra fallega muni í versluninni.



Falleg gjafavara úr Mai Thai.



Taílensk dýna sem hægt er að fá í nokkrum stærðum og gerðum. Verð frá 3.990 krónum.



Mikið úrval af fallegum áklæðum á kodda er að finna í búðinni. Verðið er á bilinu 1.500-1.700 krónur.





VORUM AÐ TAKA INN NÝJA SENDINGU AF BAÐKÖRUM INNRÉTTINGUM OG HANDKLÆÐAOFNUM, MIKIÐ ÚRVAL, GOTT VERÐ. EIGUM EINNIG RAFMAGNSHANDKLÆÐAOFNA.



BAÐHEIMAR
Fosshálsi 1
s: 525 0800




Íslensk list er góð gjöf
Gallerí Fold · Kringlunni og Rauðarárstíg
Opið í Kringlunni laugardaga kl. 10-18,
Opið á Rauðarárstíg laugardaga kl. 11-16,
Sjáumst í Gallerí Fold
LISTMUNASALA fold
Rauðarárstíg 14, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is

allt bílar
Alla laugardaga


# Sterk og vönduð leikföng

***Verslunin Völuskrín á Laugavegi 116 selur leikföng fyrir börn á aldrinum 0-99 ára.***

Völuskrín er fyrir ýmsar sakir frábrugðin öðrum leikja- og leikfangaverslunum hérlendis.

Í fyrsta lagi fer ekki mikið fyrir hefðbundnum plastleikföngum í búðinni, heldur er þar að finna gott úrval vandaðara tréleikfanga sem njóta mikilla vinsælda. Margt fleira er boði fyrir börn, svo sem rúmföt, handklæði, tuskudýr og spiladósir.

Í öðru lagi eru þar seldar ýmsar gerðir leikja og spila handa börnum jafnt sem fullorðnum, svo sem tafl, púsluspil, rúllettur, póker og spilastokkar, sum hver með eindæmum vönduð, þannig að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Eins og áður sagði er vöruúrval í Völuskrín einstaklega gott, þar sem 1.400 vörutegundir eru í boði. Varan er flutt inn frá sjö löndum en hver hlutur valinn af kostgæfni og með það í huga að bjóða neytendum upp á sterka, vandaða og endingargóða vöru. *- rve*




Gigamic, stórskemmtilegt spil fyrir tvo til fjóra leikmenn. Auðu hliðar kubbanna eru látnar snúa upp en markmiðið er að velta upp sama tákninu fimm sinnum í röð.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Leðurblöku-bókahilla með snögum fyrir föt eða lykla.
MYND/VÖLUSKRÍN



Ef togað er í spottann á þessari skemmtilegu maríubjöllu kemur spegill í ljós.
MYND/VÖLUSKRÍN



Með þessum hæðarmæli fylgja þrjár klemmur til að merkja hæð barnsins, sem kemur sér til dæmis vel ef fleiri en eitt barn er á heimilinu eða til að mæla vöxt barns á ákveðnu tímabili.
MYND/VÖLUSKRÍN



Band til að þræða hluti á, tilvalið til að þjálfa fínhreyfingar barna.
MYND/VÖLUSKRÍN



Þetta skemmtilega leikfangateppi fæst í versluninni.
MYND/VÖLUSKRÍN



Fatahengi fyrir börn (og fullorðna).
MYND/VÖLUSKRÍN



Í Völuskríni má meðals annars finna taflborð og -menn í hæsta gæðaflokki.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Mósaík á blómapottinn

***Það er ekki flókið að breyta einföldum blómapotti í sannkallað listaverk.***

Mósaíkblómapottar eru fallegir fyrir heimilið og það er gaman að breyta einföldum blómapotti í einstakan grip. Í verslunum er hægt að kaupa fallegar flísar sem gaman er að nota en eins má nota gamalt leirtau og brjóta það niður í litla hluta. Svo er bara að hefjast handa.

**1.** Veldu góðan leirpott. Keramikpottar duga einnig en það er ekki hægt að nota plastpott.

**2.** Hannaðu munstrið með því að leggja flísarnar niður fyrir framan þig. Ákveddu hvernig flísarnar eiga að raðast áður en þú byrjar að festa þær á pottinn.

**3.** Festu flísarnar eða brotin á pottinn með flísalími. Best er að festa nokkrar í einu og leyfa líminu að þorna.

**4.** Berðu fúguna á pottinn og gættu þess að hún smjúgi vel inn í glufurnar á milli flísanna. Farðu vel yfir allar brúnir og passaðu að botninn sé sléttur.

**5.** Þurrkaðu fúguna af mósaíkflísunum með rökum klút.

**6.** Leyfðu fúgunni að þorna og jafna sig í að minnsta kosti eina viku áður en þú setur eitthvað í pottinn.



Munstrið getur verið alls konar og það er um að gera að prófa sig áfram með liti og lögun flísanna.






Margt fallegt er að finna í versluninni Unika. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Afmælisútsala í Unika

Í DAG HELDUR VERSLUNIN UNIKA UPP Á FIMM ÁRA AFMÆLI SITT.

Verslunin Unika í Fákafeni 9 heldur upp á fimm ára afmæli sitt í dag. Verslunin verður lokuð í dag en opnar klukkan 17.00 með afmælisútsölu.

Starfsmenn verslunarinnar bjóða gestum og gangandi upp á ljúfa tónlist á útsölunni sem og eitthvað fyrir bragðlaukana.

Mjög góður afsláttur verður á útsölunni og sérstakur afmælisafsláttur verður veittur af nýrri vöru. Verslunin er með fjölbreytt úrval af húsgögnum, gjafa- og heimilisvöru ásamt miklu úrvali af ljósakrónum og lömpum þannig að margir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Verslunin er opin til klukkan 23 í kvöld. *- lkg*



## Endurkoma dósapressunnar

Vegna fjölda áskorana hefur verslunin Pfaff-Borgarljós, Grensásvegi 13, hafið aftur sölu á dósapressunni vinsælu. Pressan er hönnuð fyrir áldósir og hefur það umfram aðrar pressur hér á markaði að geta einnig tekið stærri dósir. Með einu auðveldu handtaki pressast hver dós niður í tæpa 2,5 cm þannig að allt að 80 prósent geymslurýmis geta sparast með notkun pressunnar. Við það má bæta að lítið fer fyrir dósapressunni, sem er upplögð í sumarbústaðinn, bílskúrinn, geymsluna og bátinn.



**Æfingafötin** þurfa ekki að vera í nýjastu tísku og rándýr. Það er mun mikilvægara að fjárfesta í góðum skóm og láta gamlar joggingbuxur duga.




alvöru orkudrykkir




þessi gamli góði... þessi rauði ...og sá sykurlausi


## engifer styrkir }



Engifer vex í suðaustanverðri Asíu og hefur um langt skeið verið notað í austurlenskri matargerð, bæði þar sem stöngullinn þykir bragðgóður og eins af því að plantan er talin búa yfir lækningamætti. Það þykir til dæmis ljót að engifer hefur róandi áhrif á meltingarveg, hann virkar vel gegn liðabólgu og fyrirbyggir hjartasjúkdóma og heilablóðfall. Sumir telja að engifer sé líka gott meðal við höfuðverkjum, getuleysi, kvefi og hafi hreinsandi áhrif. Tilvalið er að blanda engiferi saman við epli og gulrætur til að búa til góðan safa.

## grasaferð NLFR }



FÖSTUDAGINN 14. JÚLÍ EFNIR NÁTTÚRULÆKNINGAFÉLAG REYKJAVÍKUR TIL GRASAFERÐAR FYRIR FÉLAGSMENN SÍNA.

Markmið ferðarinnar er að tína holl grös sem eru góð fyrir heilsuna og njóta sín í fallegri náttúru og góðum félagsskap.
Grasatínslan hefst klukkan sex annað kvöld og að þessu sinni er það Ásthildur Einarsdóttir, grasalæknir og fegrunarsérfræðingur, sem hefur umsjón með ferðinni. Að tínslu lokinni verður boðið upp á jurtate og hollt meðlæti. Áætlað er að ferðin taki um tvær klukkustundir. Skráning og nánari upplýsingar fást í síma 565 6133 og 692 8151.



Meðgöngusund felur í sér hreyfingu, slökun og góðan félagsskap. MYND: ÚR EINKASAFNI

# Styrkjandi og bætir líðanina

***Líkaminn gengur í gegnum miklar breytingar á meðgöngu. Þegar grindin byrjar að gliðna finna sumar konur fyrir verkjum í baki eða mjaðmagrind og eiga efitt með að stunda líkamsrækt eða hreyfa sig eðlilega. Meðgöngusund er tilvalin hreyfing fyrir þessar konur því líkaminn verður léttur í vatninu og hreyfingarnar mjúkar.***

Konum er oft bent á meðgöngusund af heilbrigðisstarfsfólki og leiðbeina faglærðir sjúkraþjálfarar í sundinu. Það geta þó allir sem vilja farið í sundið en það er sérstaklega hentugt fyrir þær sem geta ekki nýtt sér aðra hreyfingu, eins og meðgöngujóga eða venjulega leikfimi. „Konurnar eru miklu léttari í vatninu þannig að það er auðveldara að gera æfingarnar,“ segir Sandra Dögg Árnadóttir, sjúkraþjálfari, sem er leiðbeinandi í meðgöngusundi í sundlaug Hrafnistu og á Reykjalundi. „Það losnar um liðböndin hjá öllum konum á meðgöngu en það er misjafnt hvort konur fái verki í kjölfarið. Það getur komið til vegna mismunandi ástæðna, til dæmis út frá vandamálum í beinum, liðum eða skekkju í bakinu. Við gerum stöðugleikaþjálfun fyrir mjóbak og mjaðmagrind sem styrkir vöðvana á því svæði og hjálpar þannig konunni að hreyfa sig eðlilega á meðgöngu. Hreyfing í vatni minnkar líka verki, bætir svefn og þrýstingurinn í vatninu dregur úr bjúg,“ segir Sandra Dögg.

Það er góð aðsókn í sundtímana enda konur orðnar meðvitaðri um að láta sér líða vel á meðan á meðgöngu stendur. „Maður er ekki svo oft óléttur og því um að gera að hugsa vel um sig meðan á því stendur og njóta þess í botn. Félagsskapurinn er líka skemmtilegur. Konurnar spjalla í pottunum eftir tímana og halda oft sambandi eftir að meðgöngu lýkur og hittast með litlu krílin. Óléttar konur eru svo æðislegar og það er svo gaman að kenna þeim. Jafnvel þó þær séu með verki í líkamanum þá leggst það ekki svo þungt á þær því að flest þessi vandamál lagast eftir meðgönguna. Svo er bara um að gera að hætta að vinna fyrr og passa upp á heilsuna. Þetta eru bara nokkrir mánuðir og engin ástæða til þess að keyra sig út,“ segir Sandra Dögg, nokkuð ákveðin, í lokin.

Frekari upplýsingar um skráningu og tímasetningar fást á heimasíðunni www.medgongusund.is

*erlabjorg@frettabladid.is*





allt atvinna
Alla sunnudaga

www.canderel.is



Léttar, sykurlausar uppskriftir og fróðleikur
CANDEREL

Hrein lífræn jógúrt!




Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd **án sykurs**.
Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.
Bio·Bú
Biobu ehf. • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is



Superman* iðkar böndin daglega, en hvað með þig?
Nýr DVD diskur með öllum æfingunum fylgir með Rope Yoga æfingatækjum.
Rope Yoga ferðasett kr. 24.900 -
Rope Yoga æfingastöð kr. 69.800 -
* Brandon Routh, hinn nýi Superman, ástundar Rope Yoga til að öðlast styrk og fimi.
ROPE YOGA WORKOUT
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
ropeyoga.is • hreysti.is

### Cafe Victor
Cafe Victor óskar eftir starfsfólki í sal í vaktavinnu.
**Uppl. veitir Baldur í s. 692 0735 eða á email baldur@victor.is**

### Galileó
Pizzamakers - assitance in kitchen an chef's wanted. Day and night shifts. Good salary for the right people.
**Information Helgi í s. 820 4381.**

### Glaumbar auglýsir
Glaumbar auglýsir eftir barþjónum, aðstoð í sal. Góð laun í boði fyrir duglega einstaklinga.
**Allar nánari upplýsingar í síma 896 8596 eða á staðnum eftir kl. 19.**

### Bakaríið hjá Jóa Fel
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi og Smáralind, óskar eftir hressu og duglegu fólki í afgreiðslu.
**Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152 og Smáralind.**

### Sumarafleysingar á smurstöð 17. júlí til 18. ágúst
Viljum ráða 2 starfsmenn til sumarafleysinga á smurstöð Skeljungs hf. við Skógarhlíð. Störfin felast í smurningu bifreiða og öðrum tengdum verkefnum. Samviskusemi og áhugi á bílaviðgerðum er skilyrði.
**Umsóknir berist Skeljungi hf., Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík, fyrir 14. júlí n.k. Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu Skeljungs www.skeljungur.is en einnig er hægt að senda umsóknir á netfangið ri@skeljungur.is.**

### Sportbar.is
Starfsfólk óskast í kvöld og helgarvinnu á Sportbar Breiðholti. 20 ára og eldri.
**Upplýsingar gefur Óli í síma 844 1431.**

### Síld og Fiskur.
Starfsmaður óskast til starfa á dreifingu á vörum á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingar í síma 863 1938 Sófus.

### Foldaskálinn Grafarvogi
Foldaskálinn sem er grill og söluturn í Grafarvogi óskar eftir starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Gott starf með námi í vetur.
**Áhugasamir hafi samband við Óskar í síma 897 7466.**

### Flísalagningamaður.
Óskum eftir múrara, flísalagningamanni eða mönnum vönum múrverki. Mikil vinna og góðir tekjumöguleikar. Uppl. í síma 699 1434.

### JC Mokstur
Óskum eftir vönum gröfumönnum. Næg vinna og góð laun í boði. Uppl. í s. 693 2607.

Óska eftir mönnum í húsviðgerðir. Reynsla æskileg, mikil vinna framundan og góð laun í boði fyrir rétta menn. Uppl. í s. 869 1578 Þórður.

Starfsfólk óskast á skemmtistað í allar stöður, einnig í dyravörslu. Nánari uppl. í s. 893 3600.

Aðstoðar rekstrarstjóri, matreiðslumaður, framtíðarstarf, The Deli Bankastræti.

Duglegan strák á aðldrinum 20-30 ára vantar í slátt og garðvinnu. Reynsla á orfi æskileg. Einnig vantar duglega stelpu 18-30 ára í beðavinnu. Fín laun í boði s. 824 1238.

### Járnsmíði
Óskum eftir mönnum vönum járnsmíði og astoðarmönnum. Upplýsingar í síma 692 8091.

Húðun verktakar óska eftir starfsfólki vönu múrverki. Uppl. í s. 898 5594, Einar.

Veitingarst. Rosso Pomodoro vantar pizzabakara í fullt starf. Uppl. í s. 893 7599.

## Atvinna óskast

Kk. 40 óskar eftir framtíðarvinnu á höfuðborgarsvæði allt kemur til greina, er ýmsu vanur (reyklaus) upplýsingar í gsm 696 0048 olajon@simnet.is get byrjað strax.

## Viðskiptatækifæri

### Splunkunýtt viðskiptatækifæri
www.splunkunytt.com Kíktu á mig!

## TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

### Engar skuldir - Hærri tekjur
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál













Símaspjall 908 2020. Halló yndislegastur ég er Sigrún mig langar til að vera vinkona þín langar þig í hressandi símaspjall við mig? Látið drauma ykkar rætast. Opið allan sólahringin, engin bið.

Til Sölu Polo '96 1400, ek. 135 þ. D.Grænn Verð 280.000 Uppl. 694 7846.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Til sölu Palomino Yearling fellihýsi 11 fet árg. 99, upphækkað. Nýl. fortjald, svefntjöld, 220 v. Sími 896 9712.


Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ


## FASTEIGNIR

# LYNGVÍK FASTEIGNASALA
Síðumúla 33 - Sími 588 9490 - www.lyngvik.is - lyngvik@lyngvik.is
Sigrún Gissurardóttir, löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS Í DAG fimmtudag milli kl 18-19**
**BORGARHOLTSBRAUT 72 - esturbæ Kópavogs**



UM ER AÐ RÆÐA MJÖG VEL STAÐSETTA OG MIKIÐ ENDURNÝJAÐA 4RA HERBERGJA SÉRHÆÐ ÁSAMT 34 FM SÉRSTÆÐUM BÍLSKÚR, Í ÞRIGGJA ÍBÚÐA HÚSI VIÐ BORGARHOLTSBRAUT 72. STUTTUR AFHENDINGARTÍMI.
**ERÐ 25,9 M.**

EIGNASTÝRING EHF FASTEIGNAMIÐLUN
Erlendur Davíðsson löggiltur fasteignasali
www.eignastyring.is
Síðumúli 27 • 108 Reykjavík • Sími 534 4040 • Fax 534 4044

### Kringlumýri 3 – Selfossi
### Opið hús í dag milli kl 18:00–19:30





Glæsilegt fullfrágengið 136 fm raðhús. Stór rúmgóð stofa, útgengt á stóra verönd. Eldhús með fallegri innréttingu. Hjónaherbergi með útg. útí garð. Baðherbergi stórt og veglegt. Flísar á öllum gólfum. Plan upphitað steypt og stimplað. Bílskúr flísalagður. Sérlega glæsileg eign fyrir vandláta. **Verð 26.900.000.**

**Atli sölufulltrúi s: 899-1178 tekur á móti gestum.**

# LYNGHAGI 14



## Opið hús í dag milli kl. 17 og 19

**Lynghagi 14 – Glæsileg sérhæð.**
Mjög glæsileg og björt 4ra herbergja 114 fm sérhæð á 1. hæð í fallegu steinhúsi í þessari eftirsóttu götu í Vesturbæ Reykjavíkur. Íbúðin er mjög björt og skiptist í tvö stór svefnherbergi, tvær samliggjandi stofur, eldhús með nýlegum og fallegum innréttingum og endurnýjað baðherbergi að hluta með opnanlegum glugga. Fallegt parket á gólfum og skápar endurnýjaðir.
Frá stofu er gengið út á suður svalir. Hér er um að ræða frábæra staðsetningu í mjög barnvænu umhverfi. Góð bílastæði
**ÍBÚÐIN ER LAUS Á NÆSTU DÖGUM.**
Verð 33,3 millj. (286)

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA
Reynir Björnsson, lögg. fasteignasali
Sími 510-3800

**Einar og Hafdís taka vel á móti gestum milli kl. 17 og 19. Fremri dyr. Teikningar á staðnum.**



Sveinbjörg Sveinbjörnsd.
Löggiltur fasteignasali

domus FASTEIGNASALA

# Glæsileg heilsárshús til sölu í Grímsnes- og Grafningshreppi í Kerhrauni II











78,1 m² heilsásrhús, auk 33,5 m² svefnlofts og 12 m² útigeymslu. 2 svefnherbergi, stór stofa, eldhús og baðherbergi. Eldhús með fallegri viðarinnréttingu frá „HTH". Keramikhellur, ofn, örbylgjuofn, háfur, ísskápur og uppþvottavél fylgja. Fullbúið baðherbergi með nuddsturtuklefa, þvottavél og þurrkara. 97 m² verönd með heitum potti.

114,6 m² heilsárshús á einni hæð auk 12 m² útigeymslu. 3 svefnherbergi, stór stofa, eldhús, baðherbergi og þvottahús. Eldhús með fallegri viðarinnréttingu frá „HTH", keramikhellur, ofn, örbylgjuofn, háfur, ísskápur og uppþvottavél fylgja. Þvottahús með þvottavél og þurrkara. Fullbúið baðherbergi ásamt sturtuklefa með nuddbúnaði. 97 m² verönd með heitum potti.

Frum

- Um 70 km frá Reykjavík
- 5000-6500 m² eignarlóðir með hverju húsi
- 97 m² verönd með heitum potti
- Þrefalt gler í gluggum og tvöfalt hitakerfi
- Einangrun þeirra er mun meiri en almennt gerist
- Lánsfyrirgreiðsla til staðar fyrir þá sem þess óska
- Svæðið er skipulagt með þjónustumiðstöð og útileikjaðstöðu
- Framtíðareign í sumarparadís

## Sölusýnig
í dag milli 19 og 21



Halldór Jensson
Viðskiptastjóri
halldor@domus.is
símar 840 2100/440 6014

Domus fasteignasala • laugavegi 97 • 101 Reykjavík • Sími 440-6000 • www.domus.is


allt hús
Alla mánudaga

allt brúðkaup
Alla miðvikudaga

# HÚSA NAUST
FASTEIGNASALA
Borgartúni 29 - Sími 530 7200
*Ásgeir E. Gunnarsson lögg. fasteignasali*

## LYNGHOLT - ÁLFTANESI



**Fallegt, einnar hæðar einbýlishús með tvöföldum bílskúr, samtals 300 fm. Húsið afhendist fullbúið að utan, rúmlega fokhelt að innan, þak er einangrað og frágengið, þ.m.t. rör fyrir raflagnir. Hvítir furugluggar. Hurðir og opnanleg fög úr Oregon pine, bílskúrshurðir eru úr áli. Frábærlega staðsett hús. Teikningar á skrifstofu Húsanausts Borgartúni 29, Reykjavík.**

## TIL SÖLU - Kleifakór 5
FOLKHELT EINBÝLI





Skemmtilegt og stílhreint einbýlishús 263 fm í Kórahver í Kópavogi. Húsið er 2 hæðir og bílskúr. Vandað hús, með möguleika á sér íbúð. Stórkostlegt útsýni í nánast allar áttir. Nánari lýsing á heimasíðu Hóls **www.holl.is** Sölum. Margrét í s.693[illegible]90. **Tilboð óskast í eignina.**

Hóll fasteignasala
Franz Jezorski lögg.fasteignasali
Skúlagata 17
101 Reykjavík

## Skrifstofu og / eða Verslunarhúsnæði til leigu við Holtasmára í Kóp



80 fm skrifstofur eða verslunarhúsnæði á jarðhæð til leigu. Plássið skiptist í eitt stórt rými, tvær minni skrifstofur, eldhús og snyrtingu. Góð bílastæði og góðir útsýnisgluggar.

**Upplýsingar í símum 693 4490 Margrét og Þórey 699 1988**


TILKYNNINGAR

## AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU

**Bláskógabyggð,Grímsnes-og Grafningshreppi,Hrunnamannahreppi og Skeiða-og Gnúpverjahreppi.**

**Samkvæmt 1.mgr. 25.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:**

**1 Krókur í Grafningi, Grímsnes- og Grafningshreppi. Víðihlíð, frístundabyggð.**
Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í Víðihlíð í landi Króks í Grafningi. Gert er ráð fyrir 5 frístundahúsalóðum á bilinu 6.000 til 6.500 $m^2$, Víðihlíð 5-9, á svæði austan Ölfusvatnsár með aðkomu frá Víðihlíðarvegi. Hús eru þegar risin á þremur lóðanna. Heimilt verður að reisa allt að 120 $m^2$ frístundahús og allt að 25 $m^2$ aukahús.

Samkvæmt 1.mgr. 26.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

**2 Hæðarendi í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafnings hreppi. Frísundabyggð við Selhól**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar við Selhól í landi Hæðarenda. Gert er ráð fyrir að fyrirhugað skógræktarsvæði minnki úr tæpum 11 ha í tæpa 9 ha og í staðinn bætast við tvær um 1 ha frístundahúsalóðir syðst á svæðinu. Einnig breytist afmörkun og stærð tveggja frístundahúsalóða norðan við skógræktarsvæðið, þ.e. önnur stækkar á kostnað hinnar. Skilmálar deiliskipulagsins breytast ekki.

**3 Kiðjaberg í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi. Breyting á skilmálum frístundabyggðar.**
Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags í Kiðjabergi, orlofs- og sumarhúsasvæðis Meistarafélags húsasmiða. Í tillögunni felst að gerð er breyting á skilmálum er varða stærð og útlit húsa, h. liður í greinargerð. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að reisa allt að 250 $m^2$ frístundahús og allt að 25 $m^2$ geymsluhús/gestahús auk breytinga er varða meðal annars mænishæð og þakhalla.

**Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 13. júlí til 10. ágúst 2006. Athugasemdum við skipulagstillöguna skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 24. ágúst 2006 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests, telst vera samþykkur henni.**

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu**

**7. júlí 2006**


# Það er gott að búa á Egilsstöðum

Egilsstaðir eru hjarta austurlands, miðstöð þjónustu við fjórðunginn. Sólríkur og veðursæll bær þar sem mikil gróska er í öllu atvinnulífi. Verið velkomin til Egilsstaða.



## Kaupvangur 41, Egilsstaðir



## OPIÐ HÚS
### SUNNUDAGINN 16. JÚLÍ
### 14:00 - 16:00



Fasteignafélag Austurlands kynnir glæsilegar, rúmgóðar 2. & 3. herbergja íbúðir í sjö hæða lyftuhúsi á frábærum stað í sólríkum bæ. Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.
Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Lóð verður skilað fullfrágenginni. Sérafnotaréttur á lóð, fylgir íbúðum á jarðhæð með hellulagðri verönd. **Íbúðir eru tilbúnar til afhendingar.**
FFA og Fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

Nánari upplýsingar á netinu: **www.nmedia.is/ffa**

**2 herb. verð frá KR. 12.850.000***
TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

**3 herb. verð frá KR. 16.450.000***
TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)

ffa FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS — 567 3400
FASTEIGNA- OG SKIPASALA AUSTURLANDS EHF. — 580 7905
domus — 545 0555

Fasteignafélag Austurlands ehf · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

# Starfsnám, stytting og uppgefinn ráðherra

UMRÆÐAN
STARFSNÁM



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON
ALÞINGISMAÐUR

Það var merkilegt að hlusta á menntamálaráðherra taka undir ágætar hugmyndir starfsnámsnefndar um fyrirkomulag framhaldsskólans, bæði bóknáms og starfsnáms. Niðurstöður nefndarinnar fara mjög nærri málflutningi Samfylkingarinnar um uppbyggingu framhaldsskólans þar sem áherslan er á þarfir og getu hvers nemanda fyrir sig og sjálfstæði skólanna til að skipuleggja námið og þróa sérstöðu innan kerfisins. Ekki miðstýrðan niðurskurð og skerðingu á námi einsog Þorgerður Katrín menntamálaráðherra og Sjálfstæðisflokkurinn hafa barist fyrir um árabil.

Allt frá því að Tómas Ingi Olrich kynnti afleitar tillögur um styttingu á námi til stúdentsprófs hefur Sjálfstæðisflokkurinn tapað hverri orrustunni á fætur annarri í málinu og virðist nú fyrst í skjóli nefndarinnar játa sig sigraðan í skerðingarmálinu. Það er mikill áfangasigur í baráttu fyrir betri framhaldsskóla þar sem áherslan er lögð á að efla verknám, laga námið að þörfum hvers og eins, minnka skil á milli skólastiga og útrýma brottfalli úr skólunum. En brottfallið er séríslenskt vandamál sem fer vaxandi, sérstaklega á meðal drengja sem oft lenda á vergangi í kjölfarið.

Þá leggur nefndin til að skil á milli verknáms og bóknáms verði afmáð að mestu og staða þess jöfnuð með ýmsum hætti. Þetta eru jákvæðar tillögur sem ber að skoða vandlega við mótun framhaldsskólans til framtíðar. Brottfall er með eindæmum hátt á Íslandi og dreifing nemenda á milli bóknáms og verknáms ójöfn miðað við t.d. hin Norðurlöndin. Þessu þarf að breyta og eru tillögur nefndarinnar gott innlegg í þá umræðu.

Ef marka má viðbrögð menntamálaráðherra við tillögum nefndarinnar, sem eru um margt ágætar og athyglisverðar, hefur hún nú loks og endanlega viðurkennt ósigur sinn í því að skerða nám til stúdentsprófs. Fyrir því barðist ráðherrann af hörku og hefur hrakist undan á fótta frá málinu um misseraskeið. Styttingin á stúdentsnámi átti að verða stóra verkefni Sjálfstæðisflokksins í menntamálaráðuneytinu post Björn Bjarnason.

Þetta mistókst herfilega og því ber að fagna. Hugmyndirnar voru vondar og til þess fallnar að skaða og gengisfella íslenska framhaldsskólann og stúdentsnámið sem slíkt. Framhaldsskólinn okkar hefur nefnilega talsverða sérstöðu sem ber að halda í og efla ef eitthvað. Atlögu menntamálaráðherra hefur nú verið hrundið og eru það tíðindi út af fyrir sig. Sjálfsagt uppgefinn eftir langa og vonlausa baráttu fyrir vondum málstað og vonlausum.

Styttra stúdentspróf á ekki að grundvallast á niðurskurði á námi og 20% sparnaði í kerfinu heldur getu og þörfum hvers nemanda fyrir sig. Sumum henta fimm ár, öðrum tvö eða þrjú. Valfrelsi fyrir nemendur og skóla til að skipuleggja og setja saman nám sitt eiga að vera útgangsatriði. Nám sem er sniðið að þörfum hvers og eins. Ekki pólitískum þörfum menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins til að reisa sér minnisvarða.

# Félagsleg vandamál

HRUND MAGNÚSDÓTTIR OG BERGLIND SUNNA STEFÁNSDÓTTIR
SKRIFA UM ÚTIHÁTÍÐIR

Undirritaðar fóru á Hróarskelduhátíðina í ár og urðu margs vísari um samskipti fólks í Evrópu. Við undirbúning ferðar lýstu vinir og vandamenn yfir áhyggjum sínum á yfirvofandi ferðalagi enda virðist hátíðin hættulegri en hún er. Fólk sem ekki þekkir til Hróarskeldu heldur að á hátíðinni sé hinn mesti soralýður, en raunin er önnur.

Andrúmsloftið á hátíðinni var friðsælt og allir virtust reiðubúnir til að hjálpa hver öðrum og gera það sem hægt var til að allir gætu notið sín þar.

Það er þekkt staðreynd að notkun vímuefna er nokkur á hátíðinni og með fólksfjölda sem er næstum helmingur íslensku þjóðarinnar myndi maður telja það vera ávísun á vandræði. Önnur var raunin og kom það okkur Íslendingunum á óvart hvað fólk var í miklum friðar- og skemmtanahugleiðingum þar sem við þekkjum fátt annað en að drykkja þýði dauði og slagsmál.

Við höfum áralanga reynslu af útihátíðum á Íslandi og því miður virðast Íslendingar óhæfir til að skemmta sér í stórum hópi ef vímuefni eru höfð við hönd. Nauðganir og barsmíðar þykja óhjákvæmlegir fylgifiskar útihátíða. Hvað gerir það að verkum að fyrsta líkamsárásin á Hróarskeldu í ár var framin af Íslendingi?

Sögur herma að eina nauðgun síðasta árs og eina manneskjan sem var rekin af svæðinu hafi verið Íslendingur. Þetta er óhugnanleg vitneskja og leiðir til þess að maður veltir því fyrir sér hvaða félagslegu vandamál það eru sem Íslendingar þjást af?

Hvað veldur því að drykkjumenning landans er jafn frumbyggjaleg og raun ber vitni? Mikilvægt sé að breyta þeirri staðreynd að drykkja sé notuð sem afsökun fyrir kjánalegum og jafnvel skaðlegum gjörðum fólks.

Hátíðin er ekki einvörðungu hátíð ungs fólks þar sem mikið var um fullorðið fólk. Hérlendis ríkir sá siður að formæla ungu fólki og er því yfirleitt kennt um það sem miður fer. Því þótti okkur það áhugavert að benda á það að sá hópur fólks sem við urðum fyrir mestu ónæði frá var miðaldra fólk á Roger Waters.

Miklum tíma, peningum og pælingum hefur verið eytt í forvarnafræðslu hérlendis en hverju skilar það ef fordæmi þeirra fullorðnu er ekki betra en raun ber vitni.

Ekki er þessi grein ásökun heldur er hún frekar hugsuð sem vangaveltur.

*Höfundar eru starfsmenn Jafningjafræðslunnar í Hafnarfirði.*

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



# Matarverð á Íslandi

UMRÆÐAN
MATARVERÐ



SIGURGEIR ÞORGEIRSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI BÆNDASAMTAKA ÍSLANDS

*Landbúnaðurinn býr vissulega við mikla vernd, en hún er m.a. til að varðveita þessi gildi, tryggja matvælaöryggi þjóðarinnar og líf í byggðum landsins, sem skapar grunn fyrir fjölbreytilegri atvinnuhætti og gerir eftirsóknarverðara að búa í landinu.*

Í umræðum um matarverð á undanförnum vikum hefur ýmislegt komið fram, sumt rétt, annað óljóst og enn annað beinlínis rangt eða villandi.

Óumdeilt er, að matarverð er hátt hér á landi. Það sýnir samanburður Hagstofu ESB (EUROSTAT) en þetta háa verðlag er ekki einskorðað við matvöru. EUROSTAT hefur sýnt, að fatnaður er hér álíka mikið dýrari en í Evrópu og matur. Ætli það sé ekki sannast sagna, að verðlag sé almennt hátt hér á landi miðað við „meðaltal“ í ESB.

Hitt er svo rétt að undirstrika, að það er ekkert til sem hægt er að kalla Evrópuverð; breytileikinn er svo mikill milli landa, sérstaklega milli Suður- og Norður-Evrópu. Þannig mælist verðlagið í Danmörku 133 miðað við 100 í ESB (15 ríki), en á Spáni er þessi tala 79. Matur og drykkjarvörur mælast sem sagt 68% dýrari í Danmörku en á Spáni. Á Íslandi er vísitalan 148 eða 11% yfir Danmörku og 26% yfir Svíþjóð en nánast jafn há og í Noregi. Við getum svo velt því fyrir okkur hvert eðlilegast er að sækja samanburð. Dettur nokkrum í hug í alvöru, að við á Íslandi getum vænst þess í framtíðinni að borga lægra verð fyrir matinn en Danir. Hvaða markaðslegar forsendur væru fyrir því, þegar við horfum til staðsetningar, fámennis og almennra lífsgæða?

Í tveggja ára skýrslu Hagfræðistofnunar eru helstu ástæður hás matarverðs á Íslandi taldar vera lega landsins, markaðsaðstæður, launastig og kaupmáttur, skattlagning og innflutningsvernd. Rétt er að undirstrika, að það er jafnan sterkt samhengi milli verðlags og kaupmáttar, þannig að þar sem kaupmáttur er hár er verðlag að jafnaði hátt líka. Kaupmátturinn endurspeglast í framleiðslu- og þjónustukostnaði. Þótt matarverðið mælist 148 hér en 79 á Spáni, verja Spánverjar mun hærra hlutfalli tekna sinna til matarkaupa en Íslendingar.

En hvað með innlendu búvörurnar? Eru það fyrst og fremst þær sem valda háu matarverði hér, eins og margir halda fram? Búvörur eru vissulega dýrar í framleiðslu hér vegna náttúrulegra aðstæðna og vegna þess að hér er áhersla lögð á hágæðaframleiðslu, og hér er ýmislegt bannað í framleiðslu, sem stundað er þar sem búvörur eru framleiddar með minnstum kostnaði. T.d. er íblöndun fúkkalyfja í fóður bönnuð hér svo og öll notkun hormóna til vaxtar- eða afurðaauka. Ylræktin notar eingöngu lífrænar varnir gegn skordýrum. Þetta kostar sitt og þýðir, að við getum aldrei keppt í verði við það sem ódýrast er. En viljum við breyta þessu? Viljum við stefna þessum framleiðsluháttum í hættu? Landbúnaðurinn býr vissulega við mikla vernd, en hún er m.a. til að varðveita þessi gildi, tryggja matvælaöryggi þjóðarinnar og líf í byggðum landsins, sem skapar grunn fyrir fjölbreytilegri atvinnuhætti og gerir eftirsóknarverðara að búa í landinu. En vissulega kostar það sitt.

Hvað sem því líður, er það einnig staðreynd, að innlendu búvörurnar skera sig ekki sérstaklega úr hvað verðlag varðar samkvæmt mælingu EUROSTAT. Þar mælist kjötið 143, mjólk, ostar og egg 146, sem hvort tveggja er undir meðaltali matar og drykkjar, ávextir, grænmeti og kartöflur 151, brauð og kornvörur 167, aðrar matvörur 149, drykkjarvörur 155, og loks má nefna föt og skó sem, eins og áður sagði, eru álíka mikið dýrari hér og maturinn að meðaltali og mælast 149 á sama skala.

Það er eðlilegt að þeir sem vinna að hagsmunamálum almennings, hvort sem er í stéttarfélögum eða á öðrum vettvangi, horfi til þess hvernig megi lækka mtvælaverð í landinu. Bændur víkja sér ekki undan þeirri umræðu og hafa ekki setið með hendur í skauti undanfarin ár, heldur þvert á móti unnið stíft að hagræðingu á búum sínum og í afurðavinnslunni. Þeir eiga sinn þátt í því, að útgjaldahlutfall venjulegrar fjölskyldu til matarkaupa hefur á tæpum áratug lækkað úr 17% í 13%, og við skulum ávallt hafa í huga, að minna en helmingur af mat okkar eru íslenskar búvörur; við flytjum nú þegar flestum




# *Til varnar sakleysinu*

UMRÆÐAN
SYNT GEGN MANSALI



BENEDIKT S. LAFLEUR
LISTAMAÐUR OG SJÓSUNDMAÐUR

*Ljótasti blettur mansals er trúlega verslun með börn sem gerð eru að kynlífsþrælum, börn sem oft eru munaðarlaus og hvergi skráð í heimalandi sínu, börn sem enginn saknar og sem hverfa sporlaust af jörðu hér.*

Í fréttum síðastliðnar vikur hefur verið rætt um mansal og aðra fylgifiska alþjóðlegrar klámvæðingar. Á meðan lögreglan í Keflavík stöðvar tilraunir til mansals færir bandaríska sendiráðið fram óyggjandi sannanir um mansal á Íslandi. Enginn Íslendingur getur lengur fullyrt í hjarta sínu að mansal sé aðeins til í útlöndum. Einnig á hinu saklausa Íslandi höfum við verið vitni að nútímaþrælahaldi sem hefur verið uppvíst af dómstólum. Hve mörg eru dæmin sem aldrei komast upp?

Smygl á fólki er kannski ekki algengt hér á landi, en vitað er að konur komi til landsins, sjálfviljugar eða blekktar, til að dansa á súlustöðum og bjóða stundum blíðu sína í kjölfarið. Aðrar eru misnotaðar með öðrum hætti. Sjálfur rakst ég einu sinni á konu frá einu Norðurlandanna sem flakkaði á milli landa, dvaldi 3 vikur á hverjum stað, stundaði súludans hér á landi og stundaði vændi. Í annað skipti keyrði ég af næturvakt framhjá fáklæddri austurlenskri konu rétt hjá Bústaðaveginum bjóða sig þeim sem leið áttu hjá. Hin alþjóðlega klámvæðing hefur fyrir löngu teygt sig hingað til lands og enginn getur firrt sig ábyrgð í þeim efnum. Erlendis er vændi víða talið sjálfsagt og sums staðar hefur það verið lögleitt til að hafa betra eftirlit með því og vernda vændiskonurnar. Flestir vita að vændi er aðeins ein grein af hinni alþjóðlegu klámvæðingu. Mansal er einn hluti þessarar klámvæðingar og getur verið hluti af skipulagðri verslun með kynlíf.

Ljótasti blettur mansals er trúlega verslun með börn sem gerð eru að kynlífsþrælum, börn sem oft eru munaðarlaus og hvergi skráð í heimalandi sínu, börn sem enginn saknar og sem hverfa sporlaust af jörðu hér. Fæstir kaupendur kláms á Íslandi átta sig á þeim hættum sem kláminu fylgja og fæstir bera saman venjulega klámmynd á spólu og mansal raunveruleikans. Samt fylgir allri verslun með klám ákveðin firring. Sú firring stafar af því að maðurinn er gerður að söluvöru, líkami hans er boðinn út, ekkert er lengur heilagt - sakleysið er fyrir bí. Neytendur kláms vita venjulega ekkert um sögu þess sem selur klámið. Þeir vita ekkert um aðstæður þeirra sem leika hlutverk í klámmynd og þeim er alveg sama. Neytandinn er fastur í sinni eigin sálarfirringu, þar sem tilfinningar eiga ekki lengur nokkra samleið með líkamlegri fýsn. Hann tekur þátt í leiknum, er í senn fórnarlamb aðstæðna en ber ævinlega jafnmikla ábyrgð og seljandinn, stundum meiri. Í þeim löndum þar sem kaupandinn hefur verið dreginn til ábyrgðar, eins og í Svíþjóð, hefur það dregið úr eftirspurn kynlífsverslunar.

Eina svar okkar hlýtur því að vera að spyrja okkur sjálf með hvaða móti við getum betur spornað gegn mansali og öðrum skuggahliðum hinnar alþjóðlegu klámvæðingar - hvernig við getum varðveitt betur sakleysið í okkur sjálfum og umhverfi okkar og sem vegið er að úr öllum áttum. Spurningin sem við hljótum að spyrja okkur er eftirfarandi: Viljum við vændi á Íslandi eða ekki og erum við tilbúin að sporna gegn því af fullum krafti? Ríkisstjórn landsins hefur sýnt lit í þessum efnum og undirritað að minnsta kosti tvo sáttmála á alþjóðlegum vettvangi, sáttmála Sameinuðu þjóðanna og sáttmála Evrópuráðs sem lúta m.a. að glæpastarfsemi, vændi og nú síðast mansali. Ísland hefur þó ekki ennþá fullgilt þessa sáttmála með því að lögfesta þá á Alþingi og enn vantar mikið upp á að aðrar þjóðir geri það jafnframt. Þess vegna eru þeir enn máttlaus plögg sem sýna vilja þjóða ekki í verki. Íslendingar eiga sögulegt tækifæri til að sýna að þeir vilji vera í fararbroddi þjóða sem varðveita sem best sakleysið og virða einstaklinginn, sjálfstæði hans og reisn til að lifa mannsæmandi lífi ofar öllu.

Ég skora á stjórnvöld að fullgilda samninga sína í haust þegar Alþingi kemur saman. Um leið leitast ég við að greiða leið sakleysisins með sjósundi mínu og vekja um leið fólk til vitundar um gildi sakleysisins og styrk. Á næstu vikum mun ég standa fyrir áheitasöfnun, bæði í kringum Reykjavíkursundið 22. eða 23. júlí og Ermarsundið 30. ágúst - 5. september gegn mansali til styrktar sakleysinu. Ágóðinn rennur í Sjóð sakleysis sem er ætlað að styrkja þau samtök og félög sem best sporna gegn mansali og alþjóðlegri klámvæðingu. Um það er fjallað á heimasíðunni: www.ermasund.is og verður auglýst betur síðar. Lifið heil!

## AF NETINU

### Annað framboð Jónínu

Úff, það er ljóst að við fréttaáhugafólk eigum ekki sjö dagana sæla á næstunni fyrir frambjóðendum í hin ýmsustu embætti Framsóknarflokksins. Reyndar mun Jón Sigurðsson ekki angra fréttahlustendur mikið, enda kom skýrt fram í viðtali að hann sjái litla ástæðu til að svara spurningum um hin og þessi mál - enda standi hann á öðru þekkingarstigi en almenningur.

En Jónína Bjartmarz hefur sem sagt ákveðið að bjóða sig fram til varaformanns. Þetta reyndist fyrsta frétt á Sjónvarpinu og hún fékk langt Kastljósviðtal um hversu mikil tíðindi hér væru á ferðinni. - Ekki sá hins vegar neinn þeirra fréttamanna sem ræddi við Jónínu ástæðu til að minnast á að þetta væri jú í ANNAÐ sinn sem hún gæfi kost á sér í djobbið og að síðast hafi hún tapað illa fyrir Guðna Ágústssyni...

**Stefán Pálsson á kaninka.net/stefan**

### Styrkur Framsóknar

Það er aðeins liðið rúmt ár frá því friðun Þjórsárvera var tekin upp á flokksþinginu. Fyrir þeim sjónarmiðun hefur síðan verið talað innan flokksins og í opinberri umræðu. Á þessum skamma tíma er alger stefnubreyting orðin staðreynd eins og staðfest er í yfirlýsingum ráðherranna tveggja. Það er mikill árangur og sýnir áhrifamáttt skoðana og málflutnings.

Ég held reyndar að almennt sé það frekar stjórnmálaflokki til styrktar að málsvarar ýmissa sjónarmiða finni sér vettvang í honum, láta í sér heyra leynt og ljóst og hafi áhrif á stefnuna með marktækum hætti. Lýðræðislegir starfshættir styrkja og efla stjórnmálastarf og eru besta tryggingin að menn uni niðurstöðunni hverju sinni og vinni að framgangi hennar. Ekki má gleyma því að stjórnmálaflokkur er hreyfing fólks en ekki fótgönguliðar herforingja.

**Kristinn H. Gunnarsson á kristinn.is**

### Tollar og höft

Markmiðið með verndarstefnunni í landbúnaðinum er að gera innlendar landbúnaðarafurðir seljanlegri í samanburði við erlendu afurðirnar. Þetta er gert með aðgerðum sem hækka verð erlendu afurðanna. Svona einfalt er þetta. Hafi landbúnaðarráðherra hins vegar rétt fyrir sér um það að verndarstefna gagnvart landbúnaði hafi ekki tilætluð áhrif hljóta menn að spyrja hvers vegna haldið sé fast við þessa stefnu. Og menn hljóta þá líka að spyrja hvernig það megi vera að gjöld sem lögð eru sérstaklega á erlendu vörurnar skili sér ekki út í verðlagið.

**Vefþjóðviljinn á andriki.is**



Útsala
26"hjól
City Racer
Dempari á hnakkstöng
Breiður hnakkur
Sér mótaðar höldur
fyrir betra grip
Bjöllur fylgja öllum
Prostyle hjólum
Rafdrifin lukt með
dínamó
Bögglaberi
Dempari á gaffli
Rafdrifin lukt
með dínamó
Hæðarstillir á stýri
Bretti að framan og
að aftan
Lás fylgir öllum
Prostyle hjólum
Breið dekk fyrir
betra grip
Álgjarðir
Munstruð dekk fyrir
malbik
Glitaugu í pedölum
og gjörðum
40% afsláttur af öllum
hágæða Prostyle hjólum
One
16"hj
16"hjól 5-7 ára
Bremsur: Handbremsur að
framan og fótbremsur að
aftan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í
pedölum, gjörðum,
framan og að aftan,
lás, bjalla, bretti að
aftan og framan,
hjálpar-
dekk,
keðjuhlíf.
Princess
16"hjól 5-7
Hjólinu fylgir
pedölum, gjörðum,
aftan og að framan,
lás, bjalla, bretti
að aftan og að
framan,
keðjuhlíf,
hjálpar-
dekk.
26"hjól
Gírar: 21 gíra
Tegund gíra: Shimano
Bremsur: Handbremsur
að framan og að aftan,
diskabremsur.
Gaffall: Demparagaffall
stillanlegur
Hjólinu fylgir:
Glitaugu í
pedölum,
gjörðum,
að aftan
og að
framan,
bjalla,
lás.
Tiger
20"hjól 7-9 ára
Bremsur: Handbremsur að aftan og að
framan
Dekk: Breitt 20" dekk að aftan, 24" dekk
að framan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í
pedölum, gjörðum, aftan
og að framan,
lás, krómbretti
að aftan,
keðjuhlíf,
bjalla.
Eos Cruiser
ODDI V084282
Gildir til 17. júlí eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**FRIDA KAHLO (1907-1954) LÉST ÞENNAN DAG**



*„Ég mála hvorki drauma né martraðir. Ég mála minn eigin veruleika.“*

*Frida Kahlo var mexíkanskur málari og málaði aðallega sjálfsmyndir.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST 13. JÚLÍ 1793

# Marat stunginn til bana í baðkeri



Þennan dag árið 1793 var byltingarmaðurinn Jean-Paul Marat myrtur. Hann var vísindamaður og læknir, fæddur í Sviss hinn 24. maí árið 1743, en er þó þekktastur fyrir byltingarstarf sitt meðal hóps sem var kenndur við Jakobína á tímum frönsku byltingarinnar.

Í frönsku byltingunni helgaði Marat sig algjörlega stjórnmálastarfi. Hann hóf blaðaútgáfu og gagnrýndi blað hans valdhafa í Frakklandi harkalega. Eitt sinn neyddist hann til að fela sig fyrir óvinum sínum í Katakómbunum, grafhýsum í París, en þar fékk hann húðsjúkdóm sem plagaði hann til æviloka.

Marat tók sæti í Parísarkommúnunni og skrifaði „dauðalista“ yfir þá sem hann taldi að væru pólitískir andstæðingar og hvatti til að þeir yrðu drepnir. Hann varð harður andstæðingur Gírondína seinustu ár sín og taldi þá vera á móti lýðveldinu.

Eitt sinn var stúlku að nafni Charlotte Corday hleypt inn til hans þegar hann var í baði til að lina óþægindin vegna húðsjúkdómsins, en Marat spurði hana að nöfnum yfirboðara hennar og sagði að þeir yrðu allir sendir fyrir fallöxina. Þá tók Charlotte upp hníf og stakk hann til bana. Charlotte var Gírondíni og urðu gjörðir hennar til þess að fjölmargir andstæðingar Jakobína voru teknir af lífi og hún sjálf send í fallöxina fjórum dögum eftir morðið. Við réttarhöldin sagðist hún hafa „drepið einn mann til að bjarga hundrað þúsund“.

## MERKISATBURÐIR

**1908** Konur keppa í fyrsta skipti á nútíma Ólympíuleikum, í London.

**1923** Hollywood-skiltið er vígt í hæðunum fyrir ofan Hollywood. Upphaflega stóð Hollywoodland en fjórir síðustu stafirnir voru teknir út árið 1949.

**1959** Eyjólfur Jónsson syndir frá Vestmannaeyjum til lands á fimm og hálfri klukkustund en leiðin er um tíu og hálfur kílómetri.

**1973** Nýja eldfjallið á Heimaey hlýtur nafnið Eldfell, að tillögu Örnefnanefndar.

**1977** Rafmagnið fer af New York í 25 klukkustundir

**1985** Live Aid tónleikarnir fara fram meðal annars í London, Philadelphiu og Sydney.



*Ástkær og góð eiginkona, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Gísladóttir**

Hrafnistu, Reykjavík,

sem lést sunnudaginn 9. júlí á Landspítalanum, Hringbraut, verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju þriðjdaginn 18. júlí kl. 15.00.

**Jósef Halldórsson**
**Guðni Dagbjartsson** **Elísabeth Dagbjartsson**
**Guðrún Katrín Dagbjartsdóttir**
**Gísli Dagbjartsson**
**Sigurður Dagbjartsson**
**Baldur Dagbjartsson** **Soffía Þórissdóttir**



*Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,*

**Sigrún Hjördís Eiríksdóttir**

Hlíðarhjalla 61, Kópavogi,

sem andaðist á hjúkrunarheimilinu Víðinesi föstudaginn 7. júlí, verður jarðsungin frá kapellunni í Fossvogi föstudaginn 14. júlí kl. 15.00.

**Haraldur Gunnarsson** **Lilja Hólm Ólafsdóttir**
**Eiríkur Haraldsson**
**Ólafur Aron Haraldsson**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Valgarður Stefánsson**

eðlisfræðingur og framkvæmdastjóri Alþjóðlegu jarðhitasamtakanna IGA,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi aðfaranótt mánudagsins 10. júlí.

**Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir**
**Ásdís Ingibjargardóttir**
**Guðlaugur Valgarðsson** **Guðrún Helga Stefánsdóttir**
**Lárus Valgarðsson**
**Valgerður R. Valgarðsdóttir**
**og afabörn.**



*Ástkær eiginmaðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Andrés Andrésson**

fyrrverandi sjómaður, Miðvangi 41, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 14. júlí kl. 15.

**Oddný Pétursdóttir**
**Valdís Ólafsdóttir**
**Sigurður Ólafsson** **Ásdís H. Finnbogadóttir**
**Örn Ólafsson** **Margrét Bledhill**
**Ólafur Þröstur Ólafsson** **Agnes Sigurðardóttir**
**Valur Ólafsson**
**Barnabörn og barnabarnabarn.**



**INGIBJÖRG FYRIR FRAMAN LAUFÁS** Elli fór aldrei til Vesturheims eins og hann ætlaði sér heldur til Eyjafjarðar þar sem hann bjó og starfaði í yfir þrjátíu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

## ELLADAGUR: RÁÐSMANNSINS Í LAUFÁSI MINNST

# Dálítið sérstakur kall

Í kvöld stendur Minjasafn Akureyrar fyrir kvöldvöku í Gamla bænum í Laufási þar sem sagðar verða sögur af Elís Gíslasyni sem var ráðsmaður í Laufási en hann fæddist þennan dag fyrir 109 árum. „Elli var dálítið sérstakur kall og við höfum verið að fá ýmsa gripi sem hann átti og fengið sögur af honum líka,“ segir Ingibjörg Svafa Siglaugsdóttir, safnvörður Minjasafnsins á Akureyri.

„Hann var ættaður að austan og fór suður til þess að vera á þjóðhátíð árið 1930 en allt hans fólk hafði farið til Vesturheims og hann ætlaði að hitta systur sína sem ætlaði að koma á þjóðhátíðina og fara með henni til Vesturheims. Systirin veiktist og kom ekki þannig að hann var svona úrræðalaus á þessari hátíð og þá hitti frændi prestsins í Laufási hann, en hann var ættaður þarna að austan líka og spurði hvort hann vildi ekki verða ráðsmaður í eitt ár í Laufási. Hann sló til og ætlaði bara að vera í eitt ár en þau urðu þrjátíu og sex,“ segir Ingibjörg.

Hún segir að Elli hafi verið nokkuð ýkinn en meðal hluta sem hann kom með norður var forláta byssa. „Þar sem ég sit núna í Laufási og horfi yfir Eyjafjörðinn er Hjalteyri beint á móti mér. Þetta eru nokkuð margir kílómetrar og maður sér verksmiðjuna á Hjalteyri eins og kannski einn fjórða úr tíeyringi, hún er svo pínulítil, en Elli sagði að hann hefði einu sinni skotið hrafn sem sat á þakinu þar, af hlaðinu í Laufási. Eins hafi hann drepið ref sem var hinum megin við fjörðinn og hann var svo hittinn að hann hitti hann beint á milli augnanna,“ segir Ingibjörg og hlær.

Elli var ráðsmaður, sem þýddi að hann var verkstjóri yfir vinnufólkinu en sjálfur var hann ókvæntur og barnlaus. Árið 1966 flutti Elli frá Laufási eftir að hafa búið þar í yfir þrjátíu ár og flutti til Reykjavíkur þar sem hann starfaði sem stöðumælavörður. Hann kom síðan aftur norður til þar sem hann lést á elliheimilinu í Skjaldarvík árið 1970.

Gamli bærinn í Laufási er í eigu Þjóðminjasafns Íslands og er rekinn af Minjasafninu en gestir þess voru sextán þúsund í fyrra. Ingibjörg segir að árið 1994 hafi hafist miklar endurbætur sem er ekki enn lokið en til stendur að byggja allan bæinn upp.

Minjasafnið hefur staðið fyrir kvöldvökum á fimmtudögum í sumar og hefst vakan klukkan hálf níu í kvöld en Ingibjörg telur líklegt að Elladagur verði að árlegum viðburði í safninu.

**gudrun@frettabladid.is**



# 90 ára afmæli

*Í dag er 90 ára*

**Sigurjón Guðmundsson**

*Hólmgarði 24, Reykjavík, fyrrverandi kranamaður.*

*Hann er að heiman í dag.*


**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI**



Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is





# *Til hamingju íbúar í Fjarðabyggð*

***Laugardaginn 15. júlí kl. 13:30 verða tvö glæsileg íþróttamannvirki vígð við hátíðlega athöfn í Neskaupstað.***

**Við Sundlaug Neskaupstaðar er búið að reisa líkamsræktarstöð, gera glæsilega búningsaðstöðu og koma fyrir tveimur heitum pottum.**

**Gervigrasvöllurinn er sá fyrsti sinnar tegundar á Austurlandi og verður mikil lyftistöng fyrir knattspyrnu í Fjarðabyggð. Völlurinn er gerður af Fjarðabyggð og SÚN, Samvinnufélagi útgerðarmanna á Norðfirði.**

**Hátíðardagskrá:**

- Vígsluathöfn við nýja sundlaugarmannvirkið kl. 13:30.
- Hátíðarboðsund í boði sunddeildar Þróttar.
- Skrúðganga út á gervigrasvöll og afhending vallarins.
- Vígsluleikur að hætti knattspyrnudeildar Þróttar.
- Stórleikur Knattspyrnuliðs Fjarðabyggðar gegn gullaldarliði Þróttar 1976-1980.
- Grill og veitingar í boði Fjarðabyggðar.

**Við óskum Fjarðabyggð til hamingju með glæsileg íþróttamannvirki.**

**Knattspyrnuskóli fyrir börn sem æfa knattspyrnu verður á nýja gervigrasvellinum laugardaginn 15. júlí frá kl. 10:00 – 12:30**

**Landsþekktir þjálfarar:**

- Eyjólfur Sverrisson
- Helena Óladóttir
- Birkir Kristinsson
- Bjarni Jóhannsson
- Njáll Eiðsson



MCC polytan KOLLGÁTA arkitektúr - hönnun

FJARÐABYGGÐ | *þú ert á góðum stað* **fjardabyggd.is**

Mjóifjörður Neskaupstaður Eskifjörður Reyðarfjörður Fáskrúðsfjörður Stöðvarfjörður

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS FJA 33426 07/2006






## STUÐ MILLI STRÍÐA: Nýtt nafn - ný manneskja

**RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR** ER ÁNÆGÐ MEÐ NÖFNIN SÍN



Mér þykir vænt um nafnið mitt, eða nöfnin mín tvö, og er ánægð með val foreldra minna. Fæstir af vinum og vandamönnum nota seinna nafnið en ég hef það alltaf með í skrifum og þegar ég kynni mig fyrir nýju fólki fylgir Signýjarnafnið með. Mér þykir ekki síður vænna um það enda er Signý frumlegi hlutinn af mér; sá hluti sem er ekki erfður frá ættingjum mínum.

Ég lenti í því óhappi á dögunum að Signý skolaðist eitthvað til á prentinu og breyttist allt í einu í Guðnýju (ég tek það fram að svoleiðis ósköp gerast ekki á Fréttablaðinu). Ég starði á blaðsíðuna og kannaðist bara ekkert við manneskjuna sem fjallað var um. Ég er ekki Rósa Guðný, hugsaði ég sármóðguð, og þó hef ég ekkert nema gott um Guðnýjarnafnið að segja, enda heitir mamma mín Guðný. Það er greinilegt að þessir þrír stafir sem greina nöfnin að ráða úrslitum fyrir sjálfsmyndina. Mér leið svolítið eins og Signýju í sögunni um Ásu, Signýju og Helgu, sem missti nefið í átökum við skessu, þurfti að fá trénef og missti þar með sjarmann.

Ég á þess vegna bágt með að skilja allar Hollywood-stjörnurnar sem nota listamannsnöfn til að þóknast markaðslögmálum. Er Madonna innst inni Madonna Louise Ciccone eða bara Madonna? Hvort skyldi Paul David Hewson líða eins og Bono eða Paul David Hewson? Það getur svo sem vel verið að það sé betra að hafa listamannsnafn sem býr til einhvers konar grímu og verndar sjálfið fyrir ruglinu í bransanum. Nýtt nafn skapar nýja manneskju.

Við nánari umhugsun er kannski allt í lagi að umrætt blað hafi afskræmt nafnið mitt. Það voru nefnilega fleiri rangfærslur í greininni sem í raun afskræmdi persónuleika minn svo úr varð önnur manneskja. Rósu Guðnýju hef ég nefnt hana, og ég þekki hana ekki.

# myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**!** **Kl. 17.00**

*Hljómsveitin Shadow Parade og tónlistarmaðurinn Bela koma fram í tónleikaröð Grapevine og Smekkleysu. Tónleikarnir fara fram í Galleríi Humri eða frægð og aftur kl. 21.30 á Café Amsterdam í Hafnarstræti.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Alþjóðlegt orgelsumar*

Orgelleikarinn Lenka Mátéová leikur á hádegistónleikum Alþjóðlegs orgelsumars í Hallgrímskirkju í dag kl. 12. Lenka starfar sem organisti Fella- og Hólakirkju,

Á efnisskrá Lenku eru fjögur verk eftir Felix Mendelssohn, Johann Sebastian Bach, Bohuslav Martinu og Max Reger.

Lenka Mátéová er fædd í Tékkóslóvakíu. Hún lauk kantorsprófi við Tónlistarháskólann í Kromeríz og mastersnámi við Tónlistarakademíuna í Prag og vann til fjölda verðlauna á námsárunum sínum.

Lenka hefur starfað á Íslandi frá 1990.

Hún hefur haldið fjölda einleikstónleika hér á landi og víða um Evrópu og leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna. Að undanförnu hefur hún verið í samstarfi við marga kóra, t.d. Drengjakór Reykjavíkur, Hljómeyki, Karlakór Reykjavíkur og tekið þátt í frumflutningum tónverka eftir íslenska höfunda sem hafa verið hljóðritaðir fyrir útvarpið og á geislaplötur.



**LENKA MÁTÉOVÁ ORGELLEIKARI** Leikur á hádegistónleikum í Hallgrímskirkju.

### > Ekki missa af...

söngleiknum **Footloose** í Borgarleikhúsinu. Fyrirtaks afþreying og frábærir dansarar á fjölunum í sumar.

metalhátíðinni **Eistnaflugi** í Neskaupstað um helgina. Ekkert árans Supernova heldur **Innvortis**, **Morðingjarnir**, **I Adapt** og **Denver** í góðum félagsskap. Allir í rútuna.

trúbadornum **Helga Val** á skemmtistaðnum **Yello** í Keflavík í kvöld.

# Hátíð harmonikunnar um helgina

**Það verður hátíðarstemning í Árbæjarsafni um helgina. Í tilefni af Harmonikuhátíð í Reykjavík verður efnt til tónleika og samspils á sunnudaginn.**

„Dagskráin í Árbæjarsafni er miðpunktur hátíðarinnar,“ útskýrir Jónatan Karlsson skipuleggjandi hennar. „Venju samkvæmt verða margir hljóðfæraleikarar á hátíðinni – bæði einstaklingar og hópar sem flestir koma úr Harmonikufélaginu Hljómi.“ Þetta er í áttunda skipti sem hátíðin er haldin og undanfarin sumur hefur þessi háttur verið hafður á og fallið vel í kramið hjá gestum á safninu þegar harmonikuleikaranir dúkka upp og leika um allt safnasvæðið. „Þetta hefur verið með albestu dögum í safninu síðustu sumur.“

Jónatan útskýrir að allskonar músík verði leikin og að gestir hátíðarinnar, harmonikusnillingurinn Ottar Johansen og Ivar Th. Dagenborg, útgefandi norska harmonikublaðsins „Nygammalt“, muni líka láta í sér heyra. Svo gæti jafnvel farið að hlustendur tækju sporið ef veðrið verður gott. „Það hefur komið fyrir,“ segir hann sposkur.

Jónatan tekur undir að áhuginn á hljóðfærinu fari sífellt vaxandi. „Sérstaklega hjá krökkum og ungu fólki sem hefur verið að bætast við. Fyrir nokkrum árum voru þetta eiginlega bara gamlir karlar – nú er töluvert af ungum dömum sem spila með okkur af fullum krafti.“

Á sunnudagskvöldið munu norsku gestirnir síðan halda tónleika í Norræna húsinu og leika af hjartans list en þess má geta að Ottar er líklega þekktasti nemandi hins víðfræga Toralfs Tollefsen, sem margir íslenskir harmonikuunnendur þekkja.

Skipuleggjandinn á ekki langt að sækja harmonikuáhugann því hann er sonur eins af ástsælustu harmonikuleikurum Íslands, Karls Jónatanssonar. „Ég veiti Harmonikumiðstöðinni forstöðu og hef séð um þessa hátíð í nokkur ár. Ég hef erft þetta pínulítið þó ég spili ekki sjálfur,“ segir Jónatan sem kveðst þó spila á trommur því einhver þurfi jú að annast undirleikinn.



**HARMONIKUTÓNAR ÚR HVERJU SKÚMASKOTI** Félagar úr Harmonikufélaginu Hljómi halda uppi fjörinu á Árbæjarsafni. MYND/ INGI KARLSSON

kristrun@frettabladid.is



# Tilfinningatónleikar hjá Láru

Lára Rúnarsdóttir heldur tónleika í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld í tilefni af útkomu plötu hennar Þögn. „Við unnum að plötunni allt síðasta sumar. Svo fór hún í smá bið því það eru svo margir sumarsmellir á henni," segir Lára hlæjandi. „Annars er þetta er svona lágstemmd melódísk tilfinningaplata – svona tilfinningamúsík."

Tólf lög eru á plötunni og eru þau öll eftir Láru. Flest þeirra eru sungin á íslensku. Lára gaf út plötuna Standing Still fyrir þremur árum en þá söng hún einungis á ensku. „Ég sem alltaf á ensku en ákvað að breyta til fyrir nýju plötuna og semja nýja íslenska texta við lögin. Það gekk í 60-70 prósentum tilvika. Hin lögin urðu bara óþjál og því eru þau á ensku," segir Lára en á nýju plötunni syngur hún mikið um sínar daglegu hugsanir. „Á þeim tíma sem ég var að semja lögin var ég að velta fyrir mér ýmsum spurningum sem ég skildi ekki þá en skil betur í dag."

Lára lék á nokkrum tónleikum í Los Angeles fyrir skömmu og gekk að eigin sögn nokkuð vel. „Ég spilaði á svona litlum sætum klúbbum í Hollywood. Það gekk rosalega vel og fór í reynslubankann. Það er ágætt að spila fyrir aðra en nánustu vini og fjölskyldu," segir Lára sem er á leið til Spánar sem skiptinemi en hún er í tónlistarkennaranámi í Kennaraháskóla Íslands.

Bræðurnir Birkir og Daði Birgissynir, úr hljómsveitinni Jagúar, unnu með Láru að plötunni sem og trommuleikarinn Kiddi, sem áður var í Hjálmum, og bassaleikarinn Pétur Sigurðsson. Þeir munu allir spila með Láru á tónleikunum í kvöld sem hefjast kl. 21. **- kh**



**LÁRA RÚNARSDÓTTIR** Lára segist ekki vita hvort hún muni syngja á ensku eða íslensku í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Tvöföld skemmtun

Í dag troða hljómsveitin Shadow Parade og tónlistarmaðurinn Bela upp á vegum tónleikaraðar tímaritsins The Reykjavík Grapevine og útgáfufyrirtækisins Smekkleysu. Fyrri tónleikarnir fara fram í Gallerí Humri eða frægð í gamla Kjörgarði kl. 17 en um kvöldið færist fjörið niður í bæ því síðari tónleikarnir verða á Café Amsterdam í Hafnarstræti kl. 21.30.

Hljómsveitin Shadow Parade leikur lágstemmt nýbylgjurokk. Bela er listamannsnafn Baldvins Ringsted en í tónlist sinni blandar hann saman gömlu rokki og nýju.

Tónleikarnir eru haldnir í samstarfi við Rás 2. **-khh**



**BELA LEIKUR ÁSAMT SHADOW PARADE** Sumartónleikar Grapevine og Smekkleysu.



**SIGTRYGGUR BERG SIGMARSSON MYNDLISTARMAÐUR** Sýningum er að ljúka í Galleríi Dvergi.

# Bölvun aflétt

Einkasýningu Sigtryggs Bergs Sigmarssonar „The Curse of Sigtryggur Berg Sigmarsson" lýkur á laugardaginn en hún hefur staðið yfir í sýningarýminu Gallerí Dvergur, í kjallara bakhúss að Grundarstíg 21 í Þingholtunum.

Sigtryggur sýnir ljósmyndir, texta- og vídeóverk en hann hefur einnig flutt gjörninga í tengslum við sýninguna. Sigtryggur Berg Sigmarsson stundaði myndlistarnám í Hannover en áður stundaði hann nám í sonologiu í Hollandi.

Sigtryggur hefur bæði sýnt verk sín og komið fram á hljómleikum víða, jafnt undir sínu eigin nafni sem og með hljóðtilrauna-dúettnum Stilluppsteypu.

Fyrr í júnímánuði tók Sigtryggur þátt í listahátíðinni „Sonambiente" í Berlín, þar sem hann sýndi vídeóverk, teikningar, ljósmyndir og texta, sem hann hefur verið að vinna með síðustu tíu árin og er sýningin í Gallerí Dvergi nokkurskonar smá útgáfa af þeirri sýningu.

Sýningin verður opin frá 17-19 á morgun og laugardag.





Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi
Sýningar í júlí

[redacted]

| | | | |
|---|---|---|---|
| Föstudag | 14. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Laugardag | 15. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Sunnudag | 16. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Föstudag | 21. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Laugardag | 22. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Sunnudag | 23. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Föstudag | 28. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Laugardag | 29. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Sunnudag | 30. júlí | kl. 20 | laus sæti |

LEIKHÚSTILBOÐ
Tvíréttaður matur, miði og frítt í Göngin til baka í boði Landnámsseturs
Frá kr. 4000 - 4800
MIDAPANTANIR Í SÍMA 437 1600



120 1886 2006




Við bjóðum þér á fund við Kjarval

Landsbankinn fagnar 120 ára afmæli um þessar mundir. Af því tilefni höfum við opnað sýninguna „Kraftur heillar þjóðar" þar sem gefur að líta hið einstaka safn af verkum Jóhannesar S. Kjarvals sem bankinn hefur eignast í gegnum tíðina. Einnig höfum við opnað myndlistarvef á landsbanki.is þar sem verk Kjarvals og umfjöllun um þau er að finna.

**Verið velkomin á fund við meistara Kjarval í Gerðarsafni í Kópavogi.**

Boðið er upp á leiðsögn listfræðinga um sýninguna og mun Aðalsteinn Ingólfsson fræða áhugasama um verk Kjarvals næstkomandi laugardag, 15. júlí kl. 15.00.

*Ókeypis aðgangur.*
*Opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17.*
*Sýningin stendur til loka júlímánaðar.*

LISTASAFN KÓPAVOGS GERÐARSAFN

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

**Djass** á
Veitingahúsinu Horninu
Hafnarstræti 15
í kvöld kl 21
Seth Sharp
söngvari frá USA
og hljómsveit




Stórmarkaður
í stofunni
heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ



**KIRKJUGARÐURINN VIÐ SUÐURGÖTU** Skartar sínu fegursta. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Kærkomin kvöldganga

Á fallegu sumarkvöldi er tilvalið að rölta um miðbæjarsvæðið og ekki er verra að hafa leiðsögn og góðan félagsskap. Í kvöld býður Borgarbókasafn Reykjavíkur til kvöldgöngu um gamla kirkjugarðinn við Suðurgötu.

Skáldin og bókaverðirnir Einar Ólafsson og Jónína Óskarsdóttir leiða gönguna, en hún er hluti af göngudagskrá menningarstofnana borgarinnar, Kvöldgöngur úr Kvosinni, sem nú er boðið upp á annað árið í röð. Í Hólavallagarði hvíla mörg skáld og ætla Jónína og Einar að leiða gesti um garðinn og staldra við hjá nokkrum þessara skálda, segja af þeim sögur og lesa úr verkum þeirra. „Þessi skáld eru flest í eldri kantinum því lítið hefur verið jarðað í garðinum síðan á fyrri hluta síðustu aldar,“ útskýrir Einar Ólafsson og nefnir dæmi af skáldunum Þorsteini Erlingssyni, Hannesi Hafstein, Sigurði Breiðfjörð og Benedikt Gröndal. „Svo eru tvö svokallaðra atómskáldanna sem einnig hvíla þarna, þeir Jón Óskar og Einar Bragi og þar komumst við kannski nær nútímaskáldunum,“ segir Einar.

Borgarbókasafnið hefur staðið fyrir gönguferðum með menningarívafi síðan 2004 og eru þær yfirleitt mjög vel sóttar. Erlendir gestir geta líka fengið að kynnast borginni í gegnum bókmenntirnar því skipulegar gönguferðir eru haldnar fyrir útlendinga á hverjum fimmtudegi.

Í kvöld verður lagt upp frá Grófinni, á milli aðalsafns Borgarbóksafns og Listasafns Reykjavíkur kl. 20 og tekur gangan um eina klukkustund. Ekki er þörf á að skrá sig og eru allir velkomnir.

- khh



HALLDÓR GUÐMUNDSSON
> SKRIFAR UM BÓKMENNTIR

# Skáldasetur

*Maður í regnkápu*
*kann að vera rigningarlegur*
*en hann er ekki regn*

*Hann er ekki regn*
*handa gróindum*

*Hann er með hettu*
*sem hnýtt er undir kverk*

Þetta flippaða ljóð, sem ber heitið Sýnd, er úr síðustu ljóðabók Stefáns Harðar Grímssonar, Yfir heiðan morgun. Ég held það sé eitt af þessum ljóðum sem borgar sig ekkert að vera að túlka um of, þetta er bara skemmtileg mynd sem kom í hugann í þessari eilífu súld sem við Íslendingar köllum sumar. Það hefur verið rigningarlegt vikum saman, og maður sér þá úti um allt í bænum, túristana í litsterku regnkápunum sínum, með hetturnar hnýttar undir kverk. Það er ekki annað hægt en að hafa samúð með t.d. þýsku fjölskyldunni sem leggur sitt sparifé í rándýra Íslandsferð og fylgir síðan gangi lægðanna hringinn í kringum landið. Þarna gætu verið fossar og fjöll, gljúfur og fuglabjörg, en maður sér það bara ekki. Og svo fara þau kannski aftur og hafa ekki annað uppúr ferðinni en óljósan grun um íslenska náttúru.

## Engin hversdagssál

En við þurfum ekki að láta rigna inn. Óháð veðri geta Íslendingar nú með sýningum gefið útlendingum nasasjón af því sem þeir eru líka stoltir af einsog náttúrunni, bókmenntunum. Það eru starfandi þrjú skáldasetur tileinkuð 20. aldar höfundum í landinu. Það síðasta, setur helgað Þórbergi Þórðarsyni frá Hala í Suðursveit, var einmitt opnað á æskustöðvum hans þann 30. júní - í ausandi rigningu. Húsið, sem teiknað er af Sveini Ívarssyni dóttursyni Þórbergs, blasir við af þjóðveginum og snýr heilum vegg af bókum að forvitnum vegfaranda. Glöggir menn geta séð að þetta eru ekki núverandi kilir verkanna sem þarna sjást, heldur önnur hönnun sem myndi henta vel á nýja heildarútgáfu bóka Þórbergs.

Innandyra er stór kaffistofa, góður sýningarsalur með ljósmyndum úr Suðursveit en öðru fremur feiknavel heppnuð upplifunarsýning í stærsta salnum, sem Jón Þórisson á veg og vanda af. Þar má sjá margar vörður á ævibraut Þórbergs: Baðstofuna á Hala, Bergshús, íbúðina á Hringbraut, í baksýn er strönduð skúta og stjörnuhiminninn sem hann sýndi elskunni sinni forðum. Það er hægt að horfa á sjónvarps- og kvikmyndaupptökur með þessum sérstæðasta höfundi Íslendinga og fræðast um líf hans og verk á sýningarspjöldum. Hali er í þjóðbraut hringvegarins, svo á ferðalagi er öldungis upplagt að forða sér inn úr rigningunni og skoða þessa sýningu, sem krakkar geta líka haft hina bestu skemmtun af. Þá geta þeir kannski séð með eigin augum að bækur eru svosem nógu saklausir hlutir, en rithöfundar eru ægilegar verur, einsog Þórbergur orðaði það sjálfur forðum. „Oss vantar ekki menn, sem hugsa og breyta eins og allir aðrir“, skrifaði hann í Bréfi til Láru: „Borgaralegar hversdagssálir eru hér nógar.“ Það var Þórbergur sannarlega ekki.

## Setrin þrjú

Skáldasetrin hafa hvert til síns ágætis nokkuð: Á Gljúfrasteini má sjá heimili Halldórs og Auðar Laxness í hálfa öld, en þar vantar betri aðstöðu fyrir veitingar, sýningar og samkomuhald. Á Skriðuklaustri er hægt að skoða bæinn sem Gunnar Gunnarsson reisti þegar hann flutti heim og var svo stór að meira að segja Jónasi vini hans frá Hriflu blöskraði og allir bankar landsins urðu að leggjast á eitt til að fjármagna bygginguna. Þar er líka fínt kaffihús og góð aðstaða fyrir fræðimenn. Stærsta sýningin er hins vegar á Þórbergssetrinu; og reyndar er bændagisting á næsta bæ, búið að merkja gönguleiðir um nágrennið svo gestir geta sökkt sér ofan í bakgrunn Þórbergs, og kannað hvort það er rétt sem hann sagði sjálfur í Bréfi til Láru, að hann væri einn af mestu ritsnillingum sem ritað hafa á íslenska tungu: „Og sál mín er víð og djúp eins og alvaldið.“

Svo látum ekki á okkur fá þótt hann sé rigningarlegur. Nú er bara að hnýta hettu undir kverk og drífa sig austur.

**Halldór Guðmundsson**

NASA
FÖSTUD. 14. JÚLÍ 2006
SÁLIN
HÚSIÐ OPNAR KL. 23 / MIÐAVERÐ 1900 KR.
FORSALA Á NASA FÖSTUDAG KL. 13-17
LAUGARD. 15. JÚLÍ 2006
SKÍTA MÓRALL
HÚSIÐ OPNAR KL. 23 / MIÐAVERÐ 1000 KR.
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA
NASA
ÞAR SEM ÍSLENDINGUM
FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA



**ÞREMENNINGASAMBANDIÐ** Skapandi sumarhópur sem leikur klassíska tónlist.

# Afrakstur sumarsins

Uppskeruhátíð Skapandi sumarhópa Hins hússins og Reykjavíkurborgar verður haldin í Ráðhúsinu í kvöld en þar gefst áhugasömum unnendum menningar kostur á að kynnast frumleika og krafti listamanna framtíðarinnar.

Tuttugu hópar hafa starfað að margskonar listrænum verkum á vegum Hins hússins í sumar og munu þeir allir stíga á stokk í kvöld og sýna hvað í þeim býr. Dagskráin er afar fjölbreytt og því ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Fjöllistahópurinn Grísalappalísur fremur gjörning, Götuleikhúsið sveimar um og Íslenska hreyfiþróunarsamsteypan sýnir nútímadans. Rannsóknarsvið íslenskrar þjóðmenningar og forsprakkar femíníska veftímaritsins Lata stelpan munu kryfja samtímann á frumlegan hátt og afsprengi hugsunar hönnunartvíeykisins Stígvéls verða til sýnis.

Fjörið hefst kl. 20 í kvöld.

- khh

# Áhrifarík sýning og fanta vel skrifað verk

**LEIKLIST**

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

**Vér morðingjar**

Sjóminjasafnið Grandagarði 8

**Penetreitor** eftir Anthony Neilson

**Leikarar**: Jörundur Ragnarsson/ Vignir Rafn Valþórsson/Stefán Hallur Stefánsson **Leikmynd**: Vér morðingjar **Hljóðmynd:** Karl Newman **Leikstjóri**: Kristín Eysteinsdóttir **Þýðandi**: Vignir Rafn Valþórsson.

Það eru nokkuð brotnir ungir menn sem mætast í þessu verki. Vinirnir Maggi og Alli deila saman íbúð. Líf þeirra einkennist af innihalds- og tilgangsleysi. Þeir stefna ekkert. Maggi er tiltölulega nýfráskilinn, hefur ekkert fyrir stafni; sefur, les tímarit, reykir, drekkur bjór, fær sér í hausinn. Alli er ekki eins illa staddur. Hann hefur eiginlega tekið Magga að sér. Maggi misnotar sér góðmennsku hans með algeru aðgerðarleysi. Dag einn er barið á dyr og til þeirra er kominn Stinni, gamall vinur Magga og biður um gistingu í eina nótt. Alla líst ekki á hann, en Maggi veitir leyfi sitt án þess að hugsa. Það er ljóst frá byrjun að það er eitthvað meira en lítið að Stinna sem hefur um skeið verið í herþjálfun.

Smám saman er fortíðarvinátta Magga og Steina afhjúpuð; fortíð sem felur í sér ofbeldi, grimmd, valdbeitingu og það er ljóst að Maggi er ennþá vanmáttugur gagnvart Steina. Of vanmáttugur til að nýta sér stuðning Alla.

Penetreitor er fantavel skrifað verk, auk þess að vera vel þýtt og staðfært. Því er ætlað að sýna áhorfandanum við hvað aðstandendur geðsjúkra mega oft búa – og tekst það svo um munar. En það er ekki bara vel skrifað, heldur skila þremenningarnir því óaðfinnanlega. Stefán Hallur Stefánsson skilar hinum geðsjúka Stinna af miklu öryggi. Öll tjáning er svo vel unnin að maður trúir því alveg að hann sé súrrandi galinn. Það verður forvitnilegt að sjá Stefán í næsta hlutverki. Vignir Rafn er í hlutverki góða, feimna og einlæga stráksins – sem er almennt ekki þakklátt hlutverk – og gerir það mjög svo eftirminnilega. Í hlutverki miðjumannsins, Magga, er Jörundur Ragnarsson. Tilfinningalíf Magga er all sveiflugjarnt; það er eins og hann hafi engan grunn til að standa á, ekkert fast land undir fótum – en reyni að komast af. Það er langfljótlegast að segja að Jörundur leikur hlutverkið af stakri snilld. Hann hefur afar sterka nærveru, svo sterka að það jaðrar við að leikrýmið í húsi Sjóminjasafnsins sé of lítið fyrir hann. Ég sé ekki betur en að hér sé kominn fram á sjónarsviðið leikari á borð við þá bestu sem við eigum í dag. Það verður virkilega spennandi að fylgjast með honum á næstu árum.

Það er fagmannlega að öllum þáttum sýningarinnar staðið. Leikmyndin hentar verkinu vel og leikstjórinn hefur greinilega góðan skilning á persónunum og nær dýpt þeirra út úr leikurunum.



**FAGMANNLEG SÝNING SEM ENGINN ÆTTI AÐ MISSA AF** Leikfélagið Vér morðingjar sýnir Penetreitor.FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Penetreitor er ein af þessum sýningum sem enginn ætti að missa af. Innihald verksins á erindi við okkur öll. Það opnar augu okkar fyrir því að það njóta ekki allir sömu gæfunnar í því staðlaða gildismati sem við höfum búið okkur til. Það fýkur bátur á svo marga í æsku.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

10 11 12 **13** 14 15 16

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

- 12.00 **Lenka Máteóvá**, organisti Fella- og Hólakirkju, leikur á hádegistónleikum **Alþjóðlegs orgelsumars í Hallgrímskirkju**.
- 17.00 Hljómsveitin **Shadow Parade** og tónlistarmaðurinn **Bela** koma fram í tónleikaröð **Grapevine** og **Smekkleysu**. Tónleikarnir fara fram **í Gallerii Humri eða frægð** kl. 17 og á **Café Amsterdam** í Hafnarstræti kl. 21.30.
- 21.00 Hljómsveitartónleikar á **Draugabarnum** á **Stokkseyri** í Tilefni af **Bryggjuhátíð**.
- 21.30 Kvartett **Eriks Qvick** leikur í **Deiglunni** á Akureyri. Með trommaranum geðþekka leika **Thomas Markusson**, **Haukur Gröndal** og **Ásgeir Ásgeirsson**.

### LEIKLIST

- 10.00 Brúðubíllinn sýnir leikþáttinn **Týnda eggið** við **Austurbæjarskóla** kl. 10 og á torginu við **Miðberg** kl. 14.

### OPNANIR

- 18.00 Börn sem tóku þátt í listasmiðju í **Þorlákshöfn** í sumar sýna afrakstur af starfi sínu í **Galleríinu undir stiganum** í **Bæjarbókasafni Ölfuss**.

### SKEMMTANIR

- Trúbadorinn **Helgi Valur** skemmtir á skemmtistaðnum **Yello** í Keflavík.

### ÚTIVIST

- 20.00 **Fræðslusamstarf skógræktarfélaganna** og **KB banka** stendur fyrir **Græna trefils göngu** í samstarfi við **Skógræktarfélag Garðabæjar**. Göngustjóri er **Barbara Stanzeit** líffræðingur.

### SAMKOMUR

- 17.00 **Félagið Ísland-Palestína** stendur fyrir mótmælafundi á **Austurvelli** vegna stríðsglæpa Ísraelshers á **Gaza**. **Guðrún Ögmundsdóttir** og **Sveinn Rúnar Hauksson** flytja ávörp og um tónlistaratriði sjá hljómsveitin **Llama** og **KK**.

### UPPÁKOMUR

- 20.00 **Fimmtudagsskemmtun** og uppskeruhátíð **Skapandi sumarhópa Hins Hússins** í hátíðarsal **Ráðhúss Reykjavíkur.**
- 20.30 **Minjasafnið á Akureyri** stendur fyrir kvöldvöku í **Gamla bænum** í **Laufási**.

### KVÖLDGÖNGUR

- 20.00 **Iðnaðarsafnið á Akureyri** býður til gönguferðar umhverfis verksmiðjusvæðið á **Gleráreyrum** á **Akureyri**.
- 20.00 **Borgarbókasafn Reykjavíkur** býður til kvöldgöngu um gamla kirkjugarðinn við **Suðurgötu**.

### LEIKLIST

- 20.30 Alþjóðleg **Döffleiklistarhátíð** er haldin í **Ríminu** hjá **Leikfélagi Akureyrar**. Flutt verður leikritið **This side up** eftir Ramesh Meyyappan frá Singapúr.

RISA
LAGER ÚTSALA
OPNAR Í DAG
Fatnaður á alla fjölskylduna í tugþúsundatali fyrir spott-prís
Jakkaföt - Stakir jakkar - Frakkar - Buxur - Skyrtur - Bindi
Bolir Peysur - Kápur - Blússur - Pils - Kjólar - Toppar - Sokkar
Hanskar - Treflar - Vettlingar - Húfur - Nærfatnaður á alla fjölskylduna - Sængurföt - Lök og handklæði
Opið: Virka daga 11 - 19
Laugardaga og sunnudaga 12 - 18
Fyllið fataskápinn fyrir smápening!
Næg bílastæði


FATAMARKAÐUR
HÖFÐABAKKI 9

*You think you can catch Keyser Soze? You think a guy like that comes this close to getting fingered and sticks his head out? If he comes up for anything, it will be to get rid of me. After that, my guess is you´ll never hear from him again.*

Verbal Kint útskýrir fyrir lögreglumanninum Kujan hversu erfitt það sé að ná í Keyser Soze í Usual Suspects sem verður minnst fyrir óvænt endalok.

# bíó

bio@frettabladid.is

KVIKMYNDANJÖRÐURINN: ÓMAR ÖRN HAUKSSON

## *Mikill hryllingsmyndaaðdáandi*

**Eftirlætis kvikmynd?**
„Þær eru margar en í fyrsta sæti er örugglega Night of the Creeps. Þetta er svona b-hryllingsmynd sem kom og fór og fáir vissu af henni, en hún er bara svo fáránlega vel skrifuð. Hún blandar saman nokkrum vinsælum stílum frá þessum tíma, háskólamyndum, nördamyndum og auðvitað hryllingsmyndum“

**Eftirminnilegasta atriðið?**
„Það er til dæmis hægt að kvóta mikið í Night at the Creeps. Í einu atriðinu eru háskólastúlkurnar í systrafélaginu að bíða eftir strákunum sem eru að koma að sækja þær á lokaballið, nema hvað að þeir eru allir dánir og orðnir uppvakningar. Lögreglumaður kemur upp að stelpunum og segir þeim að hann hafi góðar fréttir og slæmar fréttir. Góðu fréttirnar séu þær að strákarnir séu komnir, en slæmu fréttirnar eru þær að þeir eru allir dánir og orðnir uppvakningar“

**Uppáhalds leikstjóri?**
„Guillermo del Toro sem leikstýrði meðal annars Hell Boy. Hann er mikill snillingur, algjör hrillingsmyndanörd eins og ég. Hann leggur ofboðlsega mikið í myndirnar sínar. Fred Dekker sem leikstýrði einmitt Night at the Creeps er líka í uppáhaldi.



**ÓMAR ÖRN HAUKSSON** Ómar Örn er mikill aðdáandi hryllingsmynda.

**Mesta hetja hvíta tjaldsins?**
„Bruce Campell úr Evil Dead myndunum er algjör spaði, hann er samt ekkert mjög góður leikari en mikill töffari.“

**Mesti skúrkurinn?**
„svarthöfði úr Star Wars.“

**Hvaða persóna fer mest í taugarnar á þér?**
„Ace Ventura var ótrúlega óþolandi maður. Jim Carrey hefur samt batnað mikið með árunum.“

**Ef þú fengir að velja kvikmynd til að leika í, leikstjóra og mótleikara, hvernig mynd yrði það?**
„Ég myndi vilja gera horror mynd og leikstjórinn yrði Guillermo del Toro. Svo myndi einhver flott gella leika á móti mér, eða nei Bruce Campell yrði mótleikarinn minn“

# Hryllingurinn heldur áfram í bíó

Hryllingsmyndasumarið heldur áfram á Íslandi en aðdáendur þeirra ganga væntanlega flestir ánægðir frá borði eftir árið. Varla hefur liðið sú vika að ekki hefur verið frumsýnd ein hrollvekja til að hræða líftóruna úr kvikmyndahúsagestum. Að þessu sinni er það See No Evil sem skartar fjölbragðaglímuhetjunni Glen Jacobs í aðalhlutverki. Vegur þeirra í kvikmyndum hefur oft verið þyrnum stráður en þessi sér-ameríska íþróttagrein nýtur mikilla vinsælda vestan hafs. Margir muna eflaust eftir Hulk Hogan sem lamdi mann og annan á árum áður að ógleymdum The Rock sem reyndar fór hamförum í Be Cool.



**SEE NO EVIL** Fjöldamorðingi gengur laus á yfirgefnum búgarði og þarf lögreglumaðurinn Jacob Goodnight að taka á öllu sínu til að hafa sigur.

See No Evil segir frá átta ungmennum sem stytta fangelsisvist sína með því að gista á yfirgefnu sveitabýli ásamt einhenta lögreglumanninum Jacob Goodnight. Sá glataði hendinni í baráttu við stórhættulegan fjöldamorðingja sem Goodnight taldi sig hafa sigrað fyrir mörgum árum. Þegar unglingunum í hópnum fækkar óðfluga gerir Goodnight sér grein fyrir því að enn og aftur þarf hann að taka á stóra sínum til að hafa sigur á hinu illa.

Leikstjórinn Gregory Dark er fæstum kunnur, en hann hefur lengi starfað með kvikmyndafyrirtækinu Dark Brothers sem framleiðir klámmyndir. Hann var áður giftur klámmyndastjörnunni Star Chandler og hefur leikstýrt mörgum af stærstu nöfnunum í heimi klámsins. Dark hefur hins vegar verið að færa sig fjær þessum milljarðaiðnaði og leikstýrði meðal annars myndbandi fyrir Britney Spears en það vakti mikla athygli á sínum tíma.








**OFURMENNIÐ SVÍFUR YFIR JÖRÐINNI** Hvort Clark Kent sé ofur-gyðingur eða venjuleg ofurhetja skal ósagt látið en vinsældir Ofurmennisins eru ótvíræðar.

# Svífur um loftin blá

**Nítján ár eru liðin síðan Christopher Reeve flaug um himininn og bjargaði heiminum frá Lex Luthor sem hafði þá komist yfir kjarnorkusprengju. Nú snýr Brandon Routh aftur í hlutverki Ofurmennisins en þessarar endurkomu hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu.**

í Superman Returns er Ofurmennið horfið eftir að hafa verndað borgina sína Metrópolis og Lois Lane frá óþjóðalýð heimsins. Það leitar að öðrum sem hugsanlega gætu hafa lifað af tortímingu Krypton en kemst í raun um að hann er sá eini. Þegar Ofurmennið snýr aftur hefur borgin og ástin í lífi hans lært að lifa án hans. Heimurinn þarf ekki á ofurhetju að halda fyrr en Lex Luthor og gengi hans snýr aftur og hyggst láta til sína taka í borginni. Ofurmennið verður því enn og aftur að sýna hvað í því býr.



**LEX LUTHOR** Snýr aftur eftir langa dvöl í fangelsi og hyggst klekkja á erkióvini sínum.

### Erfið fæðing

Eftir að Christopher Reeve hafði gert þessari þekktustu persónu teiknimyndabókanna nánast ódauðleg skil efuðust menn um að hægt væri að gera mynd um Ofurmennið aftur. Vafalítið hefur velgengni ofurhetja að undanförnu heillað Warner-kvikmyndaverið auk þess sem tæknibrellunum hefur fleygt svo mikið fram að þeim hefur fundist tími til kominn að heimsbyggðin fengi að sjá hina bláklæddu hetju fljúga á ný.

Fæðingin var þó langt frá því að vera auðveld. Í fyrstu leitaði Warner til Kevins Smith sem ætlaði að láta Ofurmennið deyja. Það myndi síðan lifna aftur við og þá mun öflugra en nokkru sinni áður. Tim Burton hafði lýst yfir miklum áhuga á að leikstýra myndinni eftir handriti Smiths og hefði verið fróðlegt að sjá þá útkomu. Warner leist mjög vel á þetta til að byrja með og lét prenta plaköt með silfurlituðu „S“ en þá var myndin sögð væntanleg árið 1998. Sögusagnir um að Nicholas Cage hefði samþykkt að taka að sér hlutverkið fóru af stað en þegar ljóst varð að Burton ætlaði að klæða Ofurmennið í svart sögðu jakkafataklæddu mennirnir stopp og verkefninu var ýtt til hliðar. Í kjölfarið var JJ Abrams fenginn til að skrifa handrit sem væri í stíl við upphaflegu myndirnar en hann er að góðu kunnur fyrir sjónvarpsþættina Lost og Alias. Brett Ratner var orðaður við leikstjórastólinn.

Abrams var síðan rekinn og Bryan Singer ráðinn í leikstjórastólinn. Hann kom í kjölfarið með allt gengið sitt frá X-Men myndunum og þeirra á meðal voru handritshöfundarnir Dan Harris og Michael Dougherty sem réðust strax í að gera handritið sem Superman Returns er gerð eftir. Tíu ár og þrjá leikstjóra þurfti því til að koma myndinni loksins á koppinn. Singer ákvað síðan að taka þann pólinn í hæðina að leita eftir ungum leikara sem enginn þekkti. Sama fyrirkomulag hafði verið árið 1978 en Christopher Reeve hafði eingöngu leikið í einni mynd áður en hann fékk að klæðast búningnum bláa. Brandon Routh hreppti hlutverkið en meðal annarra leikara má nefna Kate Bosworth og Kevin Spacey sem bregður sér í hlutverk Lex Luthor.

### Sviknir af útgáfunni

„Einkenni ofurhetja er að þú hefur ofurhetjuna og síðan þann sem birtist dagsdaglega meðal fólksins. Leðurblökumaðurinn er Bruce Wayne og Köngulóarmaðurinn er Peter Parker þegar hann vaknar á morgnana. Hann þarf að fara í búning til að verða Köngulóarmaðurinn. Hvað þetta varðar er Ofurmennið ólíkt þeim báðum. Ofurmennið fæddist sem Ofurmennið. Þegar Clark Kent vaknar á morgnana er hann í raun Ofurmennið. Búningurinn með stóra rauða S-inu sem Kent-fjölskyldan fann hann í eru föt Ofurmennisins. Þegar Ofurmennið fer í búning, setur hann upp gleraugu og fer í jakkaföt. Það er búningur

# Slagur á tvíslá

Kvikmyndin Stick It segir frá Haley Graham er gömul fimleikadrottning sem yfirgaf liðsfélaga sína á ögurstundu og rústaði þar með orðspor sitt í íþróttinni. Hún er iðinn við að koma sér í klandur með hverskyns tilraunum í jaðaríþróttum sem ögra bæði þyngdarlögmálinu og hinum almennu lögum.

Einstæður pabbinn hennar á í mestum erfiðleikum með að halda dóttur sinni á mottunni og dag einn kemur áhættufíknin Haley um koll þegar eitt af áhættuatriðum hennar endar fyrir unglingadómstól. Dómarinn hefur ekki mikla samúð með Haley og dæmir hana í fimleikaflokkinn Vickerman en þar ræður harðhausinn Burt Vickerman ríkjum.

Vickerman sér hæfileika í Haley og ákveður að koma henni aftur til metorða, hvort sem ólátabelginum líkar það betur eða verr en það kann að kosta Haley blóð, svita og tár enda þarf hún að keppa við eina efnilegustu fimleikakonu hópsins, Joanne Charis. Vickerman gerir Haley grein fyrir því að hún fái að ráða sér sjálfri, svo lengi sem hún skaði ekki sjálfa sig og ekkert blóð komi á áhöldin og upphefst þá sannkölluð öskubuskusaga Haley Graham í fimleikaheiminum.

Það er handritshöfundurinn Jessica Bendinger sem leikstýrir Stick it en hún skrifaði einmitt handritið að klappstýrumyndinni Bring It On. Hin unga Missy Peregrym leiðir fríðan flokk ungra kvenna sem ætla sér sigur á landsmótinu og gæðaleikarinn Jeff Bridges fer með hlutverk Vickermans þjálfara.



**STICK IT** Fjallar um ólátabelginn Haley Graham sem er dæmd til að æfa með Vickerman-fimleikahópnum.

# Stolin hugmynd?

Handritshöfundurinn Royce Mathew hefur kært Walt Disney og framleiðandann Jerry Bruckheimer fyrir að hafa stolið hugmyndinni sinni um sjóræningjana í Pirates Of The Caribbean.

Mathew heldur því fram að hann hafi skrifað handrit sem gekk undir vinnuheitinu Supernatural Pirate Movie og segir að þar hafi skip sjóræningjans jafnframt heitið Black Pearl, líkt og skip Jacks Sparrow í fyrstu myndinni.

Mathew segist einnig hafa notast við nöfnin Elizabeth og Will Turner í sínu handriti og krefst himinhárra skaðabóta frá Disney og Bruckheimer enda hefur framhaldsmyndin, Dead Man´s Chest, malað gull í Evrópu og Bandaríkjunum.



**PIRATES OF THE CARIBBEAN** Kannski var Jack Sparrow stolin persóna frá handritshöfundinum Royce Mathew.

Ofurmennisins og þannig sér Clark Kent jarðarbúa. Og hver er Clark Kent? Hann er veiklulegur og með lítið sjálfstraust, í raun heigull. Clark Kent er gagnrýni Ofurmennisins á mannkynið sjálft.“ Þannig útskýrir leigumorðinginn Bill hugmyndir sínar um hvað Ofurmennið er í hans huga fyrir Beatrix Kiddo, rétt áður en hún drepur hann.

Ofurmennið er eitt stærsta popp-tákn allra tíma og er á sama stalli og Coka Cola og Elvis Presley. Það birtist fyrst árið 1938 á síðum Action Comics sem gefið var út á vegum Detective Comics en þá höfðu höfundarnir tveir, þeir Jerry Siegel og Joe Schuster, gengið með þessa persónu í kollinum í átta ár. Reyndar var Ofurmennið fyrst hugsað sem illmenni sem ætlaði að koma til jarðar og ná þar undirtökunum en Siegel umbreytti henni til góðs.

Ofurmennið var selt til Detective Comics fyrir 130 dali árið 1938 en fljótlega kom í ljós að útgáfan sveik þá félaga um höfundarlaun og birtist meðal annars frétt um málið í Saturday Evening Post árið 1941. Siegel og Schuster fóru í mál við fyrirtækið en það var leyst áður en það fór fyrir dómstóla. Siegel og Schuster græddu aldrei mikið á Ofurmenninu og þeir uppskáru ekki laun erfiðis síns fyrr en fyrsta kvikmyndin var gerð árið 1978 en þá greiddi Warner-fyrirtækið þeim 35 þúsund dollara hvor auk þess að sjá um heilbrigðistryggingar þeirra.

**Ofurgyðingurinn Clark Kent?**

Mikið hefur verið skrifað um persónuna Ofurmennið sem margir vilja líkja við Jesú Krist enda var Ofurmennið sent til jarðar af föður sínum. Í DVD-hátíðarútgáfu af fyrstu myndinni kemur fram að handritshöfundarnir hafi hugsað Krypton sem biblíulegan stað þar sem allir hafi talað fágaða ensku. „Líkingin er augljós þegar Jor-El sendir Ofurmennið til jarðar, rétt eins og Guð sendi Krist til að bjarga mannkyninu,“ segir Tom Mankiewicz í heimildarmyndinni.

Reyndar má þess geta að bæði Siegel og Schuster voru gyðingar og segir sagan að þeir hafi hugsað Ofurmennið sem svar við gyðingahatri Hitlers. Þorkell Ágúst Óttarsson skrifar um fyrstu myndina á vef Deus ex Cinema og segir þar að höfundarnir tveir hafi viljað sýna hann sem Messías sjálfan sem kæmi til jarðar og gerði hana að réttlátum og kærleiksríkum stað.

Vissulega má túlka Ofurmennið sem Krist. Þeir eru báðir sendir til jarðar og þeim er ætlað að vernda íbúa plánetunnar frá hinu illa. Þorkell Ágúst bendir reyndar á að Ofurmennið sé mun meira í ætt við Messíasar-hugmyndir gyðinga. „Þetta sést hvað best í því að hjálpræðisverk Ofurmennisins svipar mjög til messíasarvæntingar gyðinga. Hann er sterkur og útsjónarsamur og leysir vandann með því að yfirbuga kúgarana og illþýðið. Hvað þetta varðar minnir hann lítið á Krist guðspjallanna, sem beitti aðeins einu sinni ofbeldi,“ skrifar Þorkell Ágúst og útskýrir jafnframt að gyðingar til forna hafi átt mjög erfitt með skilja hvernig herkonungurinn Messías gat dáið á drápstóli kúgaranna án þess að lyfta sverði.

- fgg




> Prófaðu...



*að setja hunangsmelónubita og ristaðar möndluflögur í salatið, ásamt þremur teskeiðum af ferskum lime safa, einni teskeið af sykri, örlítið af söxuðum ferskum engifer og ólífuolíu.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN ELÍN MARÍA BJÖRNSDÓTTIR DAGSKRÁRGERÐARKONA

## *Dádýrasteik með andapaté í uppáhaldi*

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Mjólkur. Það er mikið drukkið af mjólk, léttmjólk, á mínu heimili.

**Fyrsta minning um mat?**
Kjötbollur í brúnni sósu á sunnudögum hjá mömmu þegar ég var lítil.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Ég held að það séu dádýralundir. Ég elda þær sjálf og hef þá með andapaté í forrét. Ég kaupi villiandapaté og svo bý ég til sultaðan lauk með.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Svið, það er eitthvað sem ég hef reynt að borða en get það ekki.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?**
Ég fæ mér oft suðusúkkulaði. En svo er sniðugt að nota hindberjaedik í matargerð, til dæmis er það frábært út á sallat.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Mér finnst geðveikt að vefja hráskinku utan um camembert ost og basilikum lauf og setja þetta inn í ofn í pínustund. Þetta er hrikalega gott.



**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?**
Ég á alltaf mjólk, jógúrt fyrir börnin og ávexti.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Ætli maður myndi ekki taka með sér hveiti til að geta bakað eitthvað.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Það er sennilega innan úr ígulkeri, beint upp úr sjónum, með fullt af Tabasco sósu með. Þetta var alveg ágætt.



ÞRÚGUR GLEÐINNAR

> EINAR LOGI VIGNISSON

## Ítölsku sumarvínin

Nýverið hófust þemadagarnir „sumarvín" í vínbúðunum og fást vín á kynningarverði fram að verslunarmannahelgi. Hér er ekki um að ræða daga tengda svæðum eða þrúgum (á vordögum voru slíkir dagar haldnir Chile og S-Afríku til vegsauka) heldur er hér einfaldlega verið að kynna hin og þessi vín og kynningunni pakkað inn í sumarumbúðir. Vínin eru að jafnaði með ríflega 100 kr. afslætti en sá afsláttur er allur frá umboðsaðilum og framleiðendum kominn, ríkið lækkar sína álagningu ekkert. Neytendur fagna þessu en margir spyrja sig kannski af hverju ríkið leggi ekki sitt af mörkum til að auka afsláttinn þannig að um afslátt sem einhverju skiptir sé að ræða en ástæðan er sögð lagabókstafir sem varna vínbúðunum að veita afslátt. Sjálfur kysi ég að vínbúðirnar gerðu meira af því að vera með þemadaga sem þjóna einhverjum menningarlegum tilgangi og létu afsláttardaga á sumar- og jólavínum eiga sig.

Hvimleiður fylgifiskur þessara árstíðabundnu þemadaga er sá að umboðsaðilarnir setja vín frá sömu framleiðundunum fram aftur og aftur. Þeir vilja verja sterkustu merkin sín og kerfið er óhagstætt stærstu umboðunum þar sem kvóti er á því hversu mörg vín hvert umboð má tilnefna. Minni umboðin með sérhæft framboð njóta sín hins vegar og er ánægjulegt að sjá að sum þeirra nota sumardagana til að kynna virkilega áhugaverð vín. Eitt hlutverk mitt í þessum pistlum er auðvitað að benda fólki á það sem áhugavert er og lýk ég því aðfinnslum mínum um fyrirkomulag þemadaga og sný mér að vínunum sem eru á boðstólum!

Afar viðeigandi er að fagna heimsmeistaratitli Ítala í fótbolta með ítölskum vínum. Sé rennt yfir þau vín sem í boði eru á sumardögunum eru ítölsk vín nokkuð áberandi og það sem meira er, ansi mörg af vínum sem vekja sérstakan áhuga eru ítölsk. Mörg eru frá eldhuganum Arnari Bjarnasyni sem rekur innflutningsfyrirtækið Vín og matur. Arnar bjó um nokkurt skeið á Ítalíu og breiðir fagnaðarboðskap ítalskrar matar- og víngerðar út af miklum móð eins og lesa má á síðu hans, vinogmatur.is. Frá honum er t.d. hið prýðilega hvítvín Casal di Serra (1.390 kr.) úr verdicchio þrúgunni skemmtilegu. Einnig tvö fyrirtaks chianti-vín, Fontodi (1.690 kr.) og Castello Di Querceto (1.590 kr.).

Sumardagarnir ganga út á að gera góð kaup og þau verða vart mikið betri en í Farnese Sangiovese á 850 kr. Einnig eru á kynningarverði flott vín frá þekktum framleiðendum á borð við Banfi, Dievole, Masi, Pasqua og Tommasi.



**VERT AÐ SPÁ Í:**
Ítölsku sætvínin sem kölluð eru því helga nafni Vin Santo eru skemmtileg sem fordrykkur eða eftir mat. Eitt slíkt er í boði á sumardögum, Vin Santo Sommavite á aðeins 990 kr.


GLÆNÝTT
VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ
Í ÁSKRIFT MEÐ
30% AFSLÆTTI
Á AÐEINS 489 KR.
EINTAKIÐ OG FÁÐU
VEGLEGA GJÖF
Í KAUPBÆTI



VEGGFÓÐUR.
ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS


# Lúxushamborgari með sætum kartöflum

**Brynja Baldursdóttir, deildarstjóri hjá Símanum, er þekkt fyrir góða takta í eldhúsinu meðal vina og vandamanna. Hér gefur hún uppskrift þar sem einfaldleikinn er í fyrirrúmi.**

„Ég smakkaði þennan borgara fyrst á lítilli hamborgarabúllu í Los Angeles, Father's Office. Vinkona mín sem býr í LA var svo snjöll að finna út hvað var í borgaranum. Það er rúmlega ár síðan ég fékk uppskriftina en ég breytti henni svolítið og púslaði þessu saman," segir Brynja, en lúxushamborgararnir vekja alltaf mikla lukku í matarboðum Brynju. „Ég hef eldað þetta mjög oft og viðheld þeirri reglu sem er á veitingastaðnum að það er ekki hægt að breyta eða bæta. Þetta er bara hinn fullkomni hamborgari, hin eina og sanna uppskrift," segir Brynja. Hún segir að meðlætið, sætar kartöflur með hvítlauksrjómaosti og sýrðum rjóma, sé ómissandi, en það er einnig ættað frá Father's Office.

Brynja er dugleg að prófa eitthvað nýtt þegar hún eldar. „Ég er hrifnust af réttum þar sem hráefnið fær að njóta sín og einfaldleikinn er í fyrirrúmi. Ég vil ekki drekkja hráefninu í kryddi og sósum," segir hún. Hún mælir með lúxushamborgarakjöti frá Gallerí Kjöti en ciabatta brauðin er hægt að fá í flestum bakaríum og stórverslunum.

**LA BORGARI FYRIR FJÓRA:**
**4 200 gr. hamborgarar**
**4 ciabatta brauð**
**Rucola salat**
**Gráðaostur**
**Salt**
**Pipar**

**SULTAÐUR LAUKUR:**
**2 laukar**
**hálft box sveppir (má sleppa)**
**5-6 msk púðursykur**



**BRYNJA BALDURSDÓTTIR** Hinn fullkomni borgari á rætur sínar að rekja til lítillar hamborgarabúllu í Los Angeles. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

**MEÐLÆTI:**
**2-3 sætar kartöflur**
**ein dós hvítlauksrjómaostur (t.d. Boursin)**
**ein dós sýrður rjómi**

„Aðalatriðið er sultaði laukurinn. Það má alveg setja nóg af púðursykri og ég set stundum miklu meira en ég tilgreini hér," segir Brynja. Fyrst eru laukurinn og sveppirnir skornir í hæfilega bita og brúnaðir á pönnu í ólífuolíu þangað til laukurinn er gylltur. Þá er púðursykrinum bætt út í. Gott getur verið að setja eina til tvær matskeiðar af sjóðandi vatni á pönnuna um leið og sykurinn er settur út á. Þá er lok sett á pönnuna og þetta látið malla í minnst hálftíma.

Hamborgararnir eru grillaðir á útigrilli en hægt er að steikja þá á pönnu ef veðrið býður ekki upp á grill. Hamborgararnir eru saltaðir og pipraðir og undir lokin er gráðaosti bætt ofan á. Hamborgararnir eru bornir fram í ciabatta brauðinu með rucolasalati og sultaða lauknum.

Kartöflurnar eru skornar í ræmur eða bita og settar í eldfast mót. Þá er ólífuolía sett út á og sjávarsalt mulið yfir.

Þetta er bakað við háan hita í ofni í ca. hálftíma. Hvítlauksrjómaostinum og sýrða rjómanum er blandað saman og sósan er borin fram með kartöflunum.

rosag@frettabladid.is

VEITINGASTAÐURINN SYSTRAKAFFI, KLAUSTURVEGI 13, KIRKJUBÆJARKLAUSTRI,

## *Fjölbreyttur matseðillinn við þjóðveginn*

Á Kirkjubæjarklaustri er að finna veitingastaðinn Systrakaffi sem er tilvalinn áningarstaðar fyrir ferðalanga sem orðnir eru leiðir á hinu klassíska sjoppufæði. Matseðill staðarins er afar fjölbreyttur og freistandi og staðurinn býður líka upp á góða aðstöðu til setu utandyra og er einnig með leikhorn fyrir börnin. Systrakaffi reynir að tengja sig við sögu nunnuklausturins sem var á Kirkjubæjarklaustri í eina tíð með því að skreyta veitingastaðinn með nunnustyttum en í raun mætti ganga enn lengra í því og til dæmis láta starfsfólkið klæðast nunnukyrtlum. Í heild er staðurinn hlýlegur en kannski fullmikið af dúlleri á staðnum.

**Matseðillinn:** Matseðilinn er afar girnilegur og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Hvernig væri til dæmis að prófa pítsurnar Abbadísin og tvær nunnur og ein í fríi? Klausturbleikjan er einnig freistandi sem og skaftfellskt þurrkað og hangið lambalæri sem borið er fram með brennivínsstaupi. Svo er líka bara hægt að fá sér salat og beyglu.

**Verð:** Verðið er svipað og á veitingastöðum í höfuðborginni. Súpa dagsins kostar 850 kr, enskur morgunverður fæst á 1300 krónur, hamborgari á 950kr og glóðarsteikt kjúklingabringa á 2.600 kr.



SYSTRAKAFFI Á KIRKJUBÆJARKLAUSTRI

**TOPPSKÓRINN OUTLET**
HEFUR OPNAÐ Á NÝJUM STAÐ Í
**GRAFARHOLTINU**
(VIÐ HLIÐINA Á HÚSASMIÐJUNNI)



Frábær tilboð - Mikið úrval af Ecco, Lloyd og Ara - Frábær tilboð

# SKÓSPRENGJAN

## HEFST í DAG
## KL. 10:00

LÁGMARK
# 50%
AFSLÁTTUR

Útsöluvörur frá Steinar Waage, Ecco búðunum og Eurosko kringlunni

*Nýtt kortatímabil

*Höfum fyllt á 1000 kr. borðin

PETER KAISER ecco ara LLOYD ZINDA

FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL - FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL - FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL

Toppskórinn Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109




OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 19, LAU. 10 - 16

fjörið ... **fólk**
folk@frettabladid.is

# Tímaþjófur á Ölstofunni

**Gestum á Ölstofu Kormáks og Skjaldar varð bylt við á dögunum þegar klukku staðarins var stolið. Veitingamennirnir Kormákur Geirharðsson og Skjöldur Sigurjónsson eiga hins vegar hauk í horni þar sem ítalski barþjónninn Fabio la Marca er, því hann gerði sér lítið fyrir og hafði upp á þjófnum og endurheimti klukkuna.**




**ÖLSTOFA KORMÁKS OG SKJALDAR** Barnum er lokað klukkan eitt á virkum dögum en klukkan fimm um helgar. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

Uppi varð fótur og fit aðfaranótt laugardags þegar gestir á Ölstofunni tóku eftir því að klukka staðarins var horfin af veggnum sem hún hangir venjulega á. Eftir að hafa leitað klukkunnar dyrum og dyngjum lék ekki vafi á að henni hafði verið stolið en þegar barþjónar staðarins voru orðnir úrkula vonar um að sjá gripinn nokkurn tímann aftur hljóp hins vegar á snærið hjá þeim.

„Ég var í pásu og brá mér aðeins út fyrir til að fá mér ferskt loft," segir Fabio la Marca, barþjónn á Ölstofunni. „Þá tók ég eftir ungum manni þarna fyrir utan en hann hafði verið inni fyrr um kvöldið. Ég sá að hann var að reyna að fela eitthvað innan undir jakkanum sínum og þegar betur var að gáð sást að þetta var klukkan."



Þegar Fabio kallaði til mannsins og bað hann um að skila klukkunni tók tímaþjófurinn til fótanna. Fabio beið þá ekki boðanna heldur stökk á eftir honum og hljóp þjófinn uppi á örskotstundu. „Ég greip í hann og bað hann um að skila mér klukkunni sem og hann gerði mótþróalaust. Ég spurði hann hvað hann væri eiginlega að spá í að stela klukku og hann svaraði að sig hefði bara langað í hana. Hann var greinilega vel við skál," segir Fabio, sem minnnist þess ekki að hafa séð þennan bíræfna gest á Ölstofunni áður.

Rummungurinn slapp þó með skrekkinn í þetta sinn því Fabio, sem fastagestir Ölstofunnar lýsa sem manni sátta, ákvað að kæra þjófnaðinn ekki til lögreglunnar. „Mér fannst nóg að fá klukkuna aftur. Þetta var bara eitthvert fyllerísrugl og maðurinn skammaðist sín greinilega."

Fabio var tekið sem hetju þegar hann sneri aftur með klukkuna og klöppuðu gestir Ölstofunnar honum lof í lófa. Sjálfur gerir hann þó lítið úr afreki sínu. „Ég sá bara að hann var með klukkuna og ákvað að ná henni aftur. Þetta var ekkert stórmál."



**KLUKKA STAÐARINS** Úrverk Ölstofunnar mun ekki vera sérstaklega dýrt en gerir tilætlað gagn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Klukkan er nú komin aftur á sinn stað upp á vegg og þurfa gestir Ölstofunnar því ekki að hafa áhyggjur af því að sitja of lengi fram eftir við ölið. **bergsteinn@frettabladid.is**

## Æstir aðdáendur



**KIDMAN OG URBAN** Fengu ekki frið fyrir æstum aðdáendum á þjóðhátíðardag Bandaríkjamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hin nýgiftu Nicole Kidman og Keith Urban hafa ákveðið að setjast að í heimabæ Urbans, Nashville í Bandaríkjunum vegna þess að þau telja sig fá meiri frið fyrir fjölmiðlum þar en annars staðar. Ekki var það samt alveg raunin á þjóðhátíðardag Bandaríkjamanna, 4. júlí, þegar skötuhjúin fóru á útsýnispall í áðurnefndum bæ og voru að horfa á flugeldasýningu. Margmennið sem þar var samankomið endaði með því að snúa baki í flugeldana og taka aðeins myndir af þeim hjónum. Urban og Kidman giftu fyrir stuttu í Ástralíu.



# ÚTSALA

## Enn meiri lækkun

## 50 til 90 %

ZIKZAK

TÍSKUHÚS

Mörkinni • Brekkuhúsum • Hamraborg • Firðinum • Selfossi • Keflavík








## FRÉTTIR AF FÓLKI



Sá kvittur er kominn á kreik að **Madonna** sé í þann mund að ganga af trúnni. Poppstjarnan hefur verið dyggur fylgismaður Kabbalah-trúar, sem er afbrigði af gyðingdómi, en sagan segir að fjárausturinn sem fylgir því að breiða út boðskapinn sé farinn að valda henni hugarvíli. Þá er Guy Ritchie, eiginmanni Madonnu, víst lítið um trúfestu spúsu sinnar gefið og brestir komnir í sambandið milli þeirra og barnanna, sem þykir miður að þurfa að missa af jólunum. Sagt er að Madonna vilji ólm treysta fjölskylduböndin á ný og íhugi að segja skilið við Kabbalah. Talsmaður söngkonunnar segist þó ekki hafa heyrt af neinu slíku enn sem komið er.



**Keith Richards** úr Rolling Stones steig fyrst á svið í Mílanó á dögunum eftir að hafa hlotið höfuðáverka þegar hann féll úr tré í apríl. Hljómsveitin þurfti að fresta fimmtán tónleikum vegna óhappsins en er nú mætt til leiks á ný í A Bigger Bang túrnum. Richards gerði lítið úr slysinu á blaðamannafundi fyrir tónleikana í Mílanó, en hann þurfti á sínum tíma að fara í aðgerð á Nýja-Sjálandi við höfuðmeiðslunum. Mick Jagger sló einnig á létta strengi og líkti Richards við ítalska fótboltamanninn Materazzi. „Materazzi og Richards eiga eitthvað sameiginlegt – þeir lentu báðir í vandræðum tengt höfðinu,“ sagði hann og vísaði þar með í átök Materazzi og Zinedine Zidanes.





**Dagskrá Húnavöku**

**Föstudagur 14. júlí**

20:00-20:30 **Setningarathöfn** í Brautarhvammi.
20:30-22:00 **Sundlaugarpartý** fyrir 12-16 ára.
20:30-21:30 **Tónleikar í Blönduóskirkju.** Harpa Þorvaldsdóttir sópransöngkona.
21:00-23:00 **Skemmtikvöld** í Félagsheimilinu undir stjórn Ómars Ragnarssonar.
22:00-23:30 **Djasstríóið Mixo's** á veitingastaðnum Við árbakkann.
22:00-01:00 **Unglingadansleikur** í risatjaldi í Brautarhvammi. Ingó Idol og Veðurguðirnir ásamt hljómsveitinni Mömmustrákum.
23:00-01:00 **Harmónikkudansleikur** með hljómsveit HUH í Félagsheimilinu.
23:30-03:00 **Stuðdúettinn Haldapokarnir** á veitingastaðnum Við árbakkann.

**Laugardagur 15. júlí**

11:00-13:00 **Áheyrnarprufur í Míkró-húninum** – söngkeppni barna og unglinga á útisviði í Brautarhvammi. Þeir bestu fá að syngja skemmtidagskrá síðar um daginn og fá glæsileg verðlaun að auki.
11:00-15:00 **Hestar fyrir börnin** í Brautarhvammi.
11:00-17:00 **Barnaleiktæki** í Brautarhvammi, hoppkastalar, trampolín og risastór hringekja (Ath. kostar kr. 200 í hringekjuna).
13:00-15:00 **Blönduhlaup.** Ræsing kl. 13:00 við KB banka.
13:30-17:00 **Markaðstjald** í Brautarhvammi. Allt milli himins og jarðar. Húnvetnsk framleiðsla, hugvit og handverk.
13:30-17:00 **Fjölskylduskemmtun á útisviði:** Ingó Idol, ungir harmónikkusnillingar, Ronja ræningjadóttir, Ardís Ólöf, Bangsímon og félagar , Míkró-Húnninn, söngkeppni barna og unglinga og Lúðrasveit Tónlistarskóla A-Hún.
17:00-18:00 **Tónleikar í Blönduóskirkju.** Jóna Fanney Svavarsdóttir sópransöngkona og Erlendur Þór Elvarsson tenór.
18:00-20:00 **Hátíðarmatseðill** á veitingastaðnum Við árbakkann.
18:00-20:15 **Hverfagrill** Grillkóngar og drottningar þriggja hverfa Blönduóss kalla saman fólkið í sínu hverfi og svo er grillað kjöt frá SAH og Kók drukkið með. Endar með skrúðgöngum úr hverju hverfi niður í Fagrahvamm.
20:30-23:00 **Kvöldvaka og Bakkasöngur** í Fagrahvammi: Lúðrasveit Tónlistarskóla A-Hún, sigurvegarar úr söngkeppninni fyrr um daginn taka lagið, Ardís Ólöf syngur, Hundur í óskilum group og Bakkasöngur.
23:00-03:00 **Dansleikur með Stuðmönnum** í Félagsheimilinu.

**Sunnudagur 16. júlí**

11:00-12:00 **Messa** í Blönduóskirkju.
13:00-16:00 **Opið hús í Leikskólanum** Barnabæ. Skralli trúður mætir klukkan 14:00 og skemmtir börnunum.
14:00-15:30 **Tónleikar í Blönduóskirkju.** Ari Jóhann Sigurðsson tenór, Halldóra Á Heyden Gestsdóttir sópran og Þórhallur Barðason barítón.
14:00-17:00 **Dagskrá í Heimilisiðiðnaðarsafninu.** Konur sýna hannyrðir, spinna, kemba, prjóna, sauma út, hekla og fl.

Auk þess verða á boðstólnum alls kyns athyglisverðar sýningar í Hafíssetrinu, á veitingahúsinu Við árbakkann, í Heimilisiðnaðarsafninu, í Hnitbjörgum og íþróttamiðstöðinni.

**Verið velkomin!**

NÝPRENT ehf.





# Penetreitor vel tekið

Leikritið Penetreitor var frumsýnt í Sjóminjasafni Reykjavíkur á þriðjudagskvöld. Leikendur í verkinu eru þrír af efnilegri leikurum yngri kynslóðarinnar og þykir Penetreitor bera gróskunni í leikhúsheiminum góðan vitnisburð. Penetreitor hefur verið lofað í hástert og virtust gestir sammála gagnrýnendum á frumsýningunni.



**FULLTRÚAR UNGU KYNSLÓÐARINNAR** Þau Anna Sigríður og Tómas Lee voru ánægð með sýninguna.



**HRESSAR** Kristrún Sigursteinsdóttir og Guðlaug Gísladóttir skáluðu á frumsýningunni.



**MENNINGARPAR** Borgarstjórinn Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Guðrún Kristjánsdóttir, unnusta hans, virtust hæstánægð með Penetreitor. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**Á HEIMASLÓÐUM** Páll Pétursson, fyrrum alþingismaður og ráðherra, fylgdi Sigrúnu Magnúsdóttur, eiginkonu sinni, á frumsýninguna, en hún er forstöðumaður Sjóminjasafns Reykjavíkur þar sem Penetreitor er sýnt.



**SPENNT** Nanna Gunnarsdóttir, Jóhann Ingi Gunnarsson sálfræðingur og Eygló Svava biðu spennt eftir því að sýningin hæfist.









# Kynlífsbann

Nú hefur hótelerfinginn og partíljónið Paris Hilton sett sjálfa sig í eins árs kynlífsbann. Þetta ætlar hún að gera í þeim tilgangi að gera sig að sterkari persónu.

„Þegar ég er í sambandi við karlmann verð ég mjög rómantísk og gef honum allan minn tíma og orku. Núna verð ég að fara að hugsa um sjálfa mig og veita mér athygli. Kynlífsbann er eina leiðin til þess,“ segir Hilton og ætlar sér greinilega að vera sjálfhverf og ekki hugsa um hitt kynið næsta árið.



**PARIS HILTON** Er búin að setja sjálfa sig í kynlífsbann næsta árið.







**FRÖKK BLAÐAKONA** Eydís er nýr penni hjá tímaritinu Bleikt og blátt og hún kallar svo sannarlega ekki allt ömmu sína þrátt fyrir ungan aldur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Kennir þjóðinni að stunda kynlíf

Í nýjasta eintaki af Bleikt og blátt er ung blaðakona kynnt til leiks bæði í máli og myndum. Þessi frakka blaðakona, Eydís Eir Björnsdóttir, líkir sjálfri sér við sögupersónur hinnar vinsælu þáttaraðar Sex and the City og segist vera mjög lík Carrie í gerðum en Samönthu í hugsun. Eydís er að klára stúdentinn frá Fjölbraut í Ármúla en stefnir á háskólanám í fjölmiðlafræði. Í næstu tölublöðum Bleikt og blátt mun hún birta hugleiðingar sínar og sögur af kynlífssviðinu en þrátt fyrir að vera ung að árum telur hún sig hafa ýmislegt að miðla þjóðinni á því sviði.

„Allir hafa áhuga á kynlífi og þetta er ekkert tabú umræðuefni lengur. Róbert Marshall byrjaði nú sinn feril á Bleikt og blátt þannig að það er ekki leiðum að líkjast,“ segir Eydís Eir og hlær. Á meðan Eydís skrifar undir fullu nafni í blaðið og pósar munúðarfull fyrir framan myndavélina eru allar aðrar greinar blaðsins nafnlausar, hvað þá að birtar séu myndir af höfundunum. „Ég vil beita mér fyrir því að blaðið verði kvenlegra og mér finnst líka að þeir sem eru að skrifa í blaðið eigi að gera það undir nafni. Það er allskonar fólk að skrifa greinar í blaðið, bæði húsmæður og viðskiptafræðingar og það er ekkert til að skammast sín fyrir,“ segir Eydís og hlakkar til að gefa þjóðinni nytsamleg kynlífsráð. -snæ

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Jessica Simpson** mun þurfa að horfast í augu við Nick Lachey og nýju kærustuna hans á Teen Choice Awards í ágúst en Nick og Jessica skildu formlega 30. júní. Jessica verður kynnir á hátíðinni og er auk þess tilnefnd til nokkurra verðlauna. Nick er einnig tilnefndur sem heitasti karlleikarinn og kærastan hans, Vanessa Minnillo, er tilnefnd til verðlauna sem besti sjónvarpsmaðurinn.



Fönkþátturinn á X-inu 977 verður sendur beint út frá Barnum á Laugavegi í kvöld. Þátturinn er á dagskrá frá klukkan 22 til miðnættis og er stefnt að því að útvarpa alvöru klúbbastemningu næstu fjögur fimmtudagskvöld í þættinum. Það er sem fyrr **Baldur Baldursson**, eða Balli fönk, sem stjórnar Fönkþættinum.









## Marko Pavlov til Mallorca

Íslenski unglingalandsliðsmaðurinn Marko Pavlov er genginn í raðir spænska liðsins Mallorca en hann hefur skrifað undir eins árs unglingasamning við félagið. Marko er átján ára og hefur verið búsettur hér á landi í átta ár.

**sport**

sport@frettabladid.is

ÓLAFUR INGI SKÚLASON: Á FULLRI FERÐ EFTIR KROSSBANDASLIT

# *Spilaði fyrsta leikinn í 11 mánuði*

Ólafur Ingi Skúlason hefur nú jafnað sig á krossbandaslitum í hné sem hann varð fyrir í leik með enska 2. deildarfélaginu Brentford í ágúst síðastliðnum. Það var einn af hans fyrstu leikjum með félaginu en hann hefur nú náð sér að fullu.

„Ég hef verið að æfa á fullu með félaginu og spilaði um daginn minn fyrsta leik í ellefu mánuði,“ sagði Ólafur við Fréttablaðið í gær. „Eins og staðan er í dag gengur allt vel og ekkert sem er í rauninni að angra mig. Ég þarf bara halda áfram að byggja mig upp. Það vantar kannski aðeins upp á leikformið hjá mér en það kemur vonandi til á undirbúningstímabilinu.“

Ólafur segir að ellefu mánuðir séu óvenjulega langur tími fyrir meiðsli af þeim toga sem hann hlaut en bæði hann og þjálfarar liðsins voru sammála um að það væri betra að flýta sér hægt og vera þá orðinn 100 prósent klár í upphafi nýs tímabils. En skyldi hann bera sig öðruvísi eftir meiðslin?

„Nei, í sjálfu sér ekki. Ég er svo sem ekkert að henda mér í allar tæklingar en það á við alla leikmenn enda vilja allir vera heilir í upphafi tímabilsins. Ég gleymi þessu um leið og ég er kominn inn á völlinn og er það mjög þægilegt.“



Þegar Ólafur kom til félagsins þá var Martin Allen knattspyrnustjóri liðsins en hann hætti í vor eftir að liðinu mistókst að vinna sér sæti í ensku 1. deildinni. Allen hafði miklar mætur á Ólafi Inga og var einna fyrstur manna að votta Ólafi samúð sína þegar hann meiddist í haust.

Við liðinu er tekinn Leroy Rosenior sem var áður þjálfari 3. deildarliðsins Torquay í fjögur ár. Ólafur er ánægður með eftirmann Allens og segir hann leggja áherslu á leikstíl sem henti honum vel.

### > Akureyri handboltafélag

Ekki er enn búið að binda alla lausa enda í sameiningu handknattleiksliða Þórs og KA fyrir næsta tímabil. Þau mál eru þó öll á lokastigi og er ný reiknað með að allt verði komið á hreint í næstu viku. Allt útlit er fyrir að þetta sameiginlega lið muni einfaldlega heita Akureyri líkt og bæjarfélagið og þá segja sögur að litur búningsins verði í takt við skjaldarmerki Akureyrar. Rúnar Sigtryggsson mun líklega þjálfa Akureyri handboltafélag.



**HANNES Þ. SIGURÐSSON** Skoraði fyrir Stoke City í æfingaleik. NORDIC PHOTOS/GETTY

Æfingaleikur hjá Stoke:

## Hannes skoraði

**FÓTBOLTI** Hafnfirðingurinn Hannes Þ. Sigurðsson var á skotskónum fyrir Stoke City í fyrradag er liðið vann Chester 2-0 í æfingaleik. Hannes skoraði annað mark sinna manna í leiknum. Stoke hélt í gær til Austurríkis í æfingaferð.

**- esá**

Körfuboltalið KR styrkir sig:

## Hafþór til KR

**KÖRFUBOLTI** Unglingalandsliðsmaðurinn Hafþór Björnsson hefur gengið til liðs við úrvalsdeildarliðs KR í körfubolta en hann lék með liði FSu á síðasta ári. Hafþór er uppalinn í Breiðabliki en ákvað að leika með KR-ingum á næstu leiktíð. Hann átti við meiðsli að stríða í vetur og var af þeim sökum lengi frá.

**- esá**

# Íslenska landsliðið aldrei neðar

**Nýr styrkleikalisti FIFA var gefinn út í gær og er íslenska landsliðið í 107. sæti listans. Eggert Magnússon, formaður KSÍ, segist aldrei hafa tekið mikið mark á þessum lista og það breytist ekki nú.**

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið í knattspyrnu er nú metið það 107. besta í heiminum af Alþjóðaknattspyrnusambandinu, FIFA. Skiptar skoðanir erum téðan styrkleikalista en mörgum finnst að hann gefi ekki rétta mynd af styrkleika landsliða í heiminum. Einn þeirra er Eggert Magnússon, formaður KSÍ, en aldrei áður hefur Ísland fallið fyrir neðan 100. sæti listans.

„Ég hef aldrei haft miklar áhyggjur af þessum lista og tek aldrei mark á honum,“ sagði Eggert við Fréttablaðið í gær. „Þar að auki sá ég að það stæði til að breyta þeim forsendum sem listinn er reiknaður á en ég veit ekki hvernig það mál stendur. En það segir vissulega ákveðna sögu að lið falla niður þennan lista án þess að spila nokkurn leik.“

Það er vissulega rétt, Ísland hefur ekki spilað landsleik fyrr en það tapaði fyrir Trínidad og Tóbagó í lok febrúar síðastliðnum en næsti leikur liðsins verður gegn Spáni þann 15. ágúst á Laugardalsvelli.

Ísland er þó ekki eina landið sem fellur niður listann án þess að spila leik. Dæmi eru um aðrar Evrópuþjóðir sem taka stór stökk niður á við, svo sem Færeyjar og San Marínó sem hvor falla um 30 sæti. Lúxemborg datt niður um 41 sæti.

Átta Evrópuþjóðir eru neðar á listanum en Ísland og hlýtur það að segja sína sögu, hvaða skoðun sem menn hafa á listanum. En Eggert segir það ekki tilefni til að spila fleiri landsleiki. „Ég hef oft sagt að vináttuleikir hafi ekki mikla þýðingu og þar að auki er áhuginn á þeim oft mjög takmarkaður. En það má alltaf deila um þetta. Mér finnst til að mynda það hafa reynst mjög vel þegar landsliðið hefur spilað á litlum mótum yfir vetrartímann og þá með leikmönnum sem eiga ekki alltaf fast sæti í liðinu. En ég gef ekki mikið fyrir að spila vináttulandsleiki bara til að spila vináttulandsleiki. Og ég gef enn minna fyrir þennan FIFA-lista.“

**eirikur.asgeirsson@frettabladid.is**

**EFSTU LIÐ FIFA-LISTANS**

| SÆTI | LIÐ | BREYTING |
|---|---|---|
| 1. | BRASILÍA | 0 |
| **2.** | **ÍTALÍA** | **+11** |
| 3. | ARGENTÍNA | +6 |
| **4.** | **FRAKKLAND** | **+4** |
| 5. | ENGLAND | +5 |
| **6.** | **HOLLAND** | **-3** |
| 7. | SPÁNN | -2 |
| **8.** | **PORTÚGAL** | **-1** |
| 9. | ÞÝSKALAND | +10 |
| **10.** | **TÉKKLAND** | **-8** |
| 11. | NÍGERÍA | 0 |
| **12.** | **KAMERÚN** | **+3** |
| 13. | SVISS | +22 |
| **14.** | **ÚRÚGVÆ** | **+8** |
| 15. | ÚKRAÍNA | +30 |
| **16.** | **BANDARÍKIN** | **-11** |
| 17. | DANMÖRK | -6 |
| **18.** | **MEXÍKÓ** | **-14** |
| 19. | PARAGVÆ | +14 |
| **20.** | **FÍLABEINSSTRÖNDIN** | **+12** |

**NÆSTU LIÐ FYRIR OFAN ÍSLAND**

**ÞAU 20 LIÐ SEM ERU Í SÆTUM 86-106:**
OMAN, ÍRAK, KÍNA, SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN, NORÐUR-KÓREA, KÝPUR, ALSÍR, BAREIN, MIÐBAUGSGÍNEA, GABON, KÚBA, JÓRDANÍA, ÚGANDA, KÚVÆT, EÞÍÓPÍA, GRÆNHÖFÐAEYJAR, RÚANDA, BOTSVANA, ARMENÍA, BENÍN.



**FORMAÐURINN OG ÞJÁLFARINN** Eggert Magnússon formaður KSÍ og Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari karla. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR





Við mismunandi veðurskilyrði þarf málningu sem endist vel

Útitex er mjög sterk utanhússmálning sérhönnuð á steypu. Hún hefur sterkt yfirborð og fæst að sjálfsögðu í hundruðum Flügger lita.

Flügger litir

Flügger ehf
Stórhöfða 44
110 Reykjavík
Sími 567 4400

Reykjavík
Kópavogur
Hafnarfjörður

Keflavík
Akureyri
Selfoss

Borgarnes
Hvolsvöllur

104730




**SPILA Í DANAVELDI Í DAG** Frá leik Vals og ÍA í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Bikarmeistarar Vals og ÍA í eldlínunni:

## Valur og ÍA spila í Danmörku í dag

**FÓTBOLTI** Valur og ÍA hefja í dag leik í forkeppni UEFA-bikarkeppninnar þegar þau mæta dönsku liðunum Bröndby og Randers ytra. Valsmenn mæta liði Bröndby sem er vitanlega fornfrægt félag og hefur gengið hvað best af dönskum liðum í Evrópukeppninni. Mörgum er enn í fersku minni þegar liðið sló Liverpool úr UEFA-bikarkeppninni árið 1994 en undanfarin ár hefur liðið ekki átt jafn góðu gengi að fagna og til að mynda mistekist að vinna sér þátttökurétt í aðalkeppni Meistaradeildarinnar.

Þjálfari liðsins er René Meulensteen en hann tók við liðinu í vor af Michael Laudrup eftir að liðinu mistókst að verja meistaratitil sinn og lenti í 2. sæti deildarinnar.

„Það er klárt mál að þeir eru líklegri til sigurs á heimavelli og við þurfum fyrst og fremst að verjast vel,“ sagði Willum Þór Þórsson í gær. „En það eru allir heilir og ég hlakka til leiksins.“

ÍA mætir Randers sem vann heldur óvænt dönsku bikarkeppnina í vor en liðið lék þá í 1. deildinni og vann sér svo sæti í úrvalsdeildinni.

„Við vitum svo sem ekki mikið um liðið en úrslit FH í Eistlandi gefa okkur byr undir báða vængi,“ sagði Arnar Gunnlaugsson þjálfari. „Það eru allir heilir, meira að segja ég og Bjarki og þá er mikið sagt,“ bætti Arnar við í léttum tón.

**- esá**



**BJARNI ÞÓRÐUR** Er ánægður með að vera kominn á æfingasvæðið á nýjan leik.

Bjarni Þórður Halldórsson:

## Kominn 91,3 prósent í stand

**FÓTBOLTI** „Ég er kominn 91,3 prósent í stand en er til í allt eins og staðan er í dag," sagði sláttuvélarsölumaðurinn Bjarni Þórður Halldórsson við Fréttablaðið í gær. Bjarni meiddist illa í nára en eftir tvær vikur er nákvæmlega ár frá því það gerðist.

„Ég er nýkominn í ágætis stand en þetta hefur verið erfið törn. Það er um mánuður síðan ég byrjaði að leika mér með bolta en er nýbyrjaður að sparka almennilega. Ég gerði ekkert ráð fyrir því að vera í fótbolta í sumar og ég er því mjög ánægður með að vera að æfa á fullu núna," sagði Bjarni sem getur nú farið að setja pressu á Fjalar Þorgeirsson um byrjunarliðssæti í Fylkisliðinu. Fylkismenn hafa hug á því að lána markmanninn efnilega Jóhann Ólaf Sigurðsson og er líklegt að hann fari til liðs í neðri deildunum út sumarið. - hþh

Daninn Morten Overgaard:

## Semur líklega við Grindavík

**FÓTBOLTI** Líklegt er að Grindvíkingar semji við danska varnar- og miðjumanninn Morten Overgaard út tímabilið. Sigurður Jónsson, þjálfari Grindavíkur, sagði við Fréttablaðið í gær að Overgaard væri stór og sterkur leikmaður sem gæti hjálpað liðinu mikið í sumar.

„Við höfum verið óheppnir með meiðsli. Paul McShane var tæklaður fáránlega í leiknum á móti ÍA, þar sem var dæmt á hann í þokkabót sem var fáránlegur dómur. Hann er með skurð á hnénu og er óvíst hvað hann verður lengi frá, sömu sögu er að segja af David Hannah. Hann er líka meiddur en prófar að æfa um helgina. Óli Stefán Flóventsson er kinnbeinsbrotinn og Mounir Ahandour gæti verið frá í 3-4 vikur. Við höfum verið óheppnir en vonandi fer lukkan að snúast okkur í hag núna," sagði Sigurður í gær en auk þess seldi liðið Sinisa Kekic til Þróttar.

Overgaard kemur frá AB í Danmörku en hefur áður leikið með Lyngby, Herfølge og Køge í Danmörku þar sem hann á að baki 252 leiki. Hann hefur leikið tvo unglingalandsliðsleiki fyrir Dani en hann var á sinni fyrstu æfingu með Grindvíkingum í gærkvöldi. - hþh

Gíneubúinn Sam Bangoura:

## Ekki mættur til æfinga

**FÓTBOLTI** Enn og aftur er Gíneubúinn Sam Bangoura til vandræða hjá gamla Íslendingafélaginu Stoke City. Bangoura hefur ekki enn mætt til æfinga hjá félaginu síðan sumarfríi lauk fyrir tveimur vikum og veit enginn hvar hann er niðurkominn. Liðið hélt til Austurríkis í gær í æfingaferð án Bangoura.

Hann mætti einnig of seint til félagsins eftir að hann var keyptur sem og eftir Afríkukeppnina í febrúar síðastliðnum en þá sagðist hann hafa þurft að dveljast heima fyrir vegna „fjölskylduvandræða".

Bangoura er dýrasti leikmaður Stoke frá upphafi. Hann var keyptur á 1,25 milljónir evra frá belgíska félaginu Standart Liege í fyrra. - esá

Þjálfari TVMK Tallinn var ekki nægilega sáttur eftir 3-2 tapið gegn Íslandsmeisturum FH á þriðjudaginn:

# Er alls ekki bjartsýnn fyrir Íslandsförina

**FÓTBOLTI** Vjatšeslav Bulavin, þjálfari eistneska liðsins TVMK Tallinn, var ekki nægilega sáttur eftir að lið hans tapaði gegn Íslandsmeisturum FH í fyrstu umferð Meistaradeildar Evrópu á þriðjudaginn. Atli Guðnason skoraði sigurmark FH á 93 mínútu leiksins í 3-2 sigri en síðari leikurinn fer fram þann 19. júlí. Tryggvi Guðmundsson og Sigurvin Ólafsson skoruðu hin tvö mörk FH.

„Ég hefði verið sáttur með að ná 2-2 jafntefli en eftir tapið erum við alls ekki sáttir. Varnarmaðurinn sem leyfði Guðnasyni að skora gerði fáránleg mistök. Íslenska liðið getur kennt okkur mikið. Fyrsta markið var skólabókardæmi um það hvernig á að spila knattspyrnu og skora mark. Boltinn gekk vel á milli manna sem voru á réttum stöðum og sendingarnar voru góðar og frábærlega tímasettar. Við vorum ekki að spila nógu vel og það vantaði alla hreyfingu í liðið," sagði Bulavin við Fréttablaðið í gær.



**1-0** Tryggvi Guðmundsson skorar hér fyrsta mark FH í leiknum af þremur. Þjálfari eistneska liðsins hreifst mjög af markinu. JOOSEP MARTINSON/ESTONIAN DAILY NEWSPAPER

„Við horfðum á myndbönd af FH og okkur fannst þeir alltaf vera miklu ákveðnari í fyrri hálfleiknum en þeim síðari, þessvegna byrjuðum við rólega og spiluðum sókndjarfara í síðari hálfleiknum. Það vantaði um tíu leikmenn í liðið auk þess sem sumir spiluðu tæpir en vonandi verðum við með fullskipað lið á Íslandi en ég er reyndar ekki mjög bjartsýnn á góð úrslit þar," sagði Vjatšeslav Bulavin.

Miðjumaðurinn Kert Haavistu var heldur ekki sáttur. „Við ætluðum okkur kannski um of undir lokin en sigurmarkið var mjög klaufalegt. Við gerðum mistök undir lokin opg það var mjög svekkjandi að fá á sig þetta mark," sagði Haavistu. - hþh





**FYLKIR OG FH Í SUMAR** Guðni Rúnar Helgason og Allan Dyring í baráttunni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

10. umferðin klárast í kvöld:

# Tvö efstu liðin í sérflokki

**FÓTBOLTI** Í kvöld klárast 10. umferð Landsbankadeildar karla þegar Keflavík og ÍBV mætast en bæði lið eru með 11 stig eftir níu leiki. Hvernig sem fer í kvöld er ljóst að þegar tíu umferðir eru búnar af Íslandsmótinu eru aðeins tvö lið sem hafa náð betri en 50 prósenta árangri í sumar. FH-ingar eru enn taplausir og hafa einungis gert tvö jafntefli og Fylkismenn, sem eru í öðru sæti, hafa unnið einum leik meira en þeir hafa tapað auk þess að gera eitt jafntefli.

Hin liðin átta í deildinni hafa náð 50 prósenta árangri eða þaðan af verra. Víkingur, Grindavík og Valur hafa unnið jafn marga leiki og liðin hafa tapað og vinni annaðhvort Keflavík eða ÍBV leikinn í kvöld getur það bæst í þennan hóp. Önnur lið eru með neikvæðan árangur það sem af er sumri. - esá



**ÞJÁLFARINN** Einar Árni Jóhannsson þjálfar U20 landsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

U20 landsliðið í körfubolta:

# Evrópumótið hefst á morgun

**KÖRFUBOLTI** Evrópumót U20 landsliða karla í körfubolta hefst á morgun í Lissabon í Portúgal og mun það standa yfir í níu daga. Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkur, þjálfar einnig U-20 ára landsliðið og fer hann með tólf manna leikmannahóp á mótið en þar á meðal er Pavel Ermolinskij en hann er sá eini í hópnum sem hefur spilað fyrir A-landsliðið og einnig sá eini sem spilar erlendis.

Í hópnum eru Jóhann Árni Ólafsson, Kristján Sigurðsson og Daníel Guðmundsson úr Njarðvík, Adolf Hannesson og Heiðar Lind Hansson úr Skallagrími, Darri Hilmarsson úr KR, Elvar Guðmundsson úr ÍR, Steingrímur Ingólfsson úr Val, Birgir Björn Pétursson úr KFÍ, Pavel Ermolinskij úr Unicaja Malaga og þeir Alexander Dungal og Vésteinn Sveinsson sem eru í körfuboltaakademíunni á Selfossi. - egm

Birgir Leifur Hafþórsson:

# Einum undir pari á Ítalíu

**FÓTBOLTI** Birgir Leifur Hafþórsson lék fyrsta hringinn á opna Texbond-mótinu á Ítalíu í gær á einu höggi undir pari en mótið er liður í áskorendamótaröð Evrópu. Birgir hóf leik á 10. braut, byrjaði vel og fékk fugla á annarri og þriðju braut. Samtals var hann á einum undir á leiðinni út en stóð svo á sléttu á fyrstu níu holum vallarins þó svo að hafa aðeins parað tvær holur. Þar að auki fékk hann fjóra skolla, einn örn og tvo fugla. Sannarlega sveiflukenndur leikur hjá Birgi sem var í um 50. sæti ásamt fjöldamörgum kylfingum. - esá

Það eru ekki öll ítölsku toppliðin sem eru í fréttum vegna mútumála:

# Inter getur hugsað um aðra hluti

**FÓTBOLTI** Á meðan fótboltaunnendur bíða spenntir eftir að dómur verði kveðinn upp í stóra mútumálinu sem skekur ítalska fótboltann eru forráðamenn Internazionale allir hinir rólegustu og eru með hugann við leikmannamarkaðinn. Inter er ekki meðal þeirra liða sem bíða dóms og hélt félagið blaðamannafund í gær þar sem þrír nýir leikmenn voru kynntir. Það eru þeir Olivier Dacourt, Maicon Douglas Sisenando og Maxwell Scherrer Cabelino Andrade.

Samningur Dacourts við Roma rann út fyrr í sumar og voru forráðamenn Inter ekki lengi að hafa samband við þennan 32 ára leikmann. Það var þó ekki gengið endanlega frá málum fyrr en í gær. Maicon er brasilískur 25 ára leikmaður sem kemur frá franska liðinu Monaco og getur spilað í hægri bakverði og á hægri kantinum. Maxwell er einnig brasilískur leikmaður sem Inter hefur fylgst grannt með í eitt ár og hefur verið viðriðinn landsliðið.



**TIL INTER?** Zlatan Ibrahimovic er orðaður við Inter. NORDICPHOTOS/AFP

Þá eru blöð á Ítalíu og í Svíþjóð að halda því fram að sóknarmaðurinn Zlatan Ibrahimovic sé á leið í raðir Inter. Zlatan hefur verið orðaður við hin ýmsu lið í sumar en hann stóð ekki undir væntingum í herbúðum Juventus á síðasta tímabili eftir að hafa sýnt ótrúleg tilþrif á tímabilinu á undan. Þá olli hann einnig vonbrigðum á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi en hann leikur með sænska landsliðinu. Talsmaður Juventus sagði í gær að félagið væri enginn stórmarkaður þótt það væri að bíða eftir dómi.

Alvaro Recoba skrifaði í gær undir nýjan samning við Inter en framtíð hans var talin í óvissu. Recoba er uppáhaldsleikmaður Massimo Moratti, eiganda Inter. Bakvörðurinn Fabio Grosso, sem fór á kostum með ítalska landsliðinu á HM er nýgenginn í raðir Inter og þá eru viðræður í gangi um kaup félagsins á sóknarmanninum Luca Toni frá Fiorentina. - egm



**BÁÐIR HÆTTIR** Jürgen Klinsmann í forgrunni og Marcello Lippi, landsliðsþjálfarar Þýskalands og Ítalíu, eru báðir hættir. Hér eru þeir í leik liðanna í undanúrslitum HM. NORDIC PHOTOS/AFP

# Lippi og Klinsmann hættir

**Þeir Marcello Lippi og Jürgen Klinsmann, landsliðsþjálfarar Ítalíu og Þýskalands, hafa báðir ákveðið að láta af störfum. Báðir náðu þeir frábærum árangri á HM og gerði Lippi lið sitt að heimsmeisturum.**

**FÓTBOLTI** Marcello Lippi, þjálfari heimsmeistara Ítala, hefur ákveðið að segja starfi sínu lausu þrátt fyrir mikinn þrýsting heima fyrir að halda áfram með liðið. Hið sama má segja um Þjóðverjann Jürgen Klinsmann.

„Ég held að ég hafi náð þeim markmiðum sem ég ætlaði mér með ítalska landsliðinu," sagði Lippi en hann hefur ásamt mörgum öðrum verið nefndur í tengslum við spillingarmálið sem skekur nú ítalska knattspyrnu. Hann var áður en HM hófst yfirheyrður vegna þeirra ásakana um að hann hefði verið neyddur til að velja ákveðna leikmenn í ítalska landsliðið. Sonur hans, Davide, starfar hjá umboðsmannaskrifstofu á Ítalíu, og hefur verið sakaður um að beita bolabrögðum í sínu starfi.

Lippi átti í gær að mæta á fund með Giancarlo Abete, varaforseta ítalska knattspyrnusambandsins, en lét aldrei sjá sig. Abete sagði í fjölmiðlum í gær að hann hefði fengið að heyra frá Lippi áður en útsláttarkeppnin hófst á HM að hann ætlaði að hætta með landsliðið sama hvernig færi.

„Ég vil þakka knattspyrnusambandinu fyrir það traust sem það hefur sýnt mér undanfarin tvö ár sem náði hápunkti með árangri sem verður skráður í sögubækur ítalskrar knattspyrnu og í minnum hafður um ókomin ár," sagði Lippi. Hann sagði eftir úrslitaleikinn á sunnudag að sigurinn á HM hefði verið stærsta stund lífs síns.

Joachim Löw, aðstoðarþjálfari Jürgens Klinsmann undanfarin tvö ár með þýska landsliðinu, hefur tekið við starfinu eftir að Klinsmann ákvað að halda ekki áfram í starfi. „Mín stærsta ósk er að fara til baka til fjölskyldu minnar og eiga venjulegt líf með þeim," sagði Klinsmann en fjölskylda hans býr í Bandaríkjunum og hefur gert undanfarin ár. „Það eina skynsamlega í stöðunni var að biðja Joachim um að leiða liðið áfram," sagði Klinsmann um eftirmann sinn. „Ég er mjög ánægður með að hann hefur tekið þeirri áskorun. Ég hef alltaf sagt að hann væri mikilu meira en aðstoðarþjálfari. Hann var ávallt góður félagi. Mitt hlutverk var meira yfirmannslegt."

Allir 23 leikmenn þýska landsliðsins óskuðu þess að Klinsmann myndi halda áfram í starfi og kannanir sýndu að 93 prósent þjóðarinnar vildu það einnig. Margir af hans hörðustu gagnrýnendnum fyrir mót óskuðu þess einnig.

Þjóðverjar mæta Svíum í vináttulandsleik þann 16. ágúst næstkomandi en undankeppnin fyrir EM 2008 hefst svo núna í september.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Miklar gleðifréttir fyrir finnska knattspyrnu:

# Finnar halda EM kvenna 2009

**FÓTBOLTI** Finnska þjóðin fékk stórar og miklar gleðifregnir í gær þegar landið var valið til að halda úrslitakeppni EM kvenna árið 2009. Finnar sóttu hart eftir því að halda keppnina og lögðu fram tilboð sem knattspyrnusamband Evrópu gat ekki hafnað.

„Þetta er gríðarlega mikil lyftistöng fyrir finnska knattspyrnu," sagði Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, og lofaði Finna mikið fyrir það tilboð sem þeir lögðu fram. „Þetta er mjög ánægjulegt fyrir öll Norðurlöndin." Valið stóð á milli Finna og Hollendinga en það var framkvæmdanefnd UEFA sem valdi endanlega staðsetningu. Eggert Magnússon, formaður KSÍ, á sæti í nefndinni.

Finnar hafa náð langt í kvennaknattspyrnunni undanfarið og náðu til að mynda að vinna sér sæti á EM í fyrra eftir að hafa unnið Rússa í umspilsleikjum um laust sæti í úrslitakeppninni. Þar komu þeir öllum að óvörum þegar liðið vann Danmörku í lokaumferð riðlakeppninnar og tryggði sér þar með sæti í undanúrslitum keppninnar. Þar mætti liðið Þýskalandi sem reyndist of sterkur andstæðingur.



**ÞÝSKAR** Fagna hér Evrópumeistaratitli sínum í Englandi árið 2005. NORDICPHOTOS/AFP

Liðið stendur einnig ágætlega í undankeppninni fyrir HM í Kína á næsta ári. Ef liðið nær fjórum stigum úr viðureignum sínum gegn Danmörku á næstunni mun liðið hafa tryggt sér farseðilinn til Kína.

Ísland mun á næsta ári halda úrslitakeppni Evrópumóts landsliða kvenna skipuð leikmönnum 19 ára og yngri á 60 ára afmæli KSÍ. - esá



**BJARNI** Er meiddur enn og aftur.

Bjarni Þorsteinsson, KR:

# Vika í að hann geti æft á fullu

**FÓTBOLTI** Óheppni Bjarna Þorsteinssonar, leikmanns KR, heldur áfram. Hann hefur verið einstaklega óheppinn varðandi meiðsli en hann var frá í nánast allan vetur vegna aðgerðar sem hann fór í vegna liðbanda í hné. Hann sneri síðan aftur í leiknum gegn Grindavík í Landsbankadeildinni og var í byrjunarliðinu gegn Val í leiknum þar á eftir. Þar gat hann þó aðeins spilað í tæpar tuttugu mínútur áður en hann fór meiddur af velli.

„Þetta er mjög leiðinlegt fyrir Bjarna. Þá er það einnig mjög slæmt fyrir okkur að geta ekki nýtt hæfileika hans því hann er mjög góður fótboltamaður. Ég vona að það sé vika í að hann geti æft af krafti með okkur en það er allavega ljóst að hann spilar ekki næstu leiki," sagði Teitur Þórðarson, þjálfari KR, en Bjarni meiddist á læri í leiknum gegn Val. - egm



**TAKK FYRIR LEIKINN** Cristiano Ronaldo og Gary Neville eftir leik Englands og Portúgals á HM. NORDIC PHOTOS/AFP

Yfirlýsing frá Man. United:

# Ronaldo er ekki til sölu

**FÓTBOLTI** Forráðamenn Manchester United hafa engan áhuga á að selja Portúgalann Cristiano Ronaldo sem hefur undanfarið lýst áhuga á að yfirgefa félagið og leika með annaðhvort Real Madrid eða Barcelona á Spáni. Ronaldo sagði að aðstæður væru ekki réttar svo að hann geti snúið aftur til félagsins en hann hefur mátt þola mikla gagnrýni fyrir ýmis umdeild atvik á HM, ekki síst hans meinta hlut í rauða spjaldinu sem Wayne Rooney fékk í leik Englands og Portúgals á HM.

„Cristiano skrifaði nýlega undir samning sem bindur hann við félagið til 2010 og félagið býst við að hann muni efna þann samning. Félagið mun ekki hlusta á nein tilboð í Cristiano," sagði í yfirlýsingunni. - esá

Fyrstu deildarlið Sunderland:

# Hver tekur við?

**FÓTBOLTI** Þeir eru ófáir sem hafa undanfarið verið nefndir sem kandídatar í stöðu knattspyrnustjóra hjá enska 1. deildarfélaginu Sunderland. Sá sem þykir líklegastur í augnablikinu er Sam Allardyce, stjóri Bolton, en forráðamenn þess félags hafa vísað því á bug. „Þetta eru bara sögusagnir," sagði talsmaður Bolton við BBC. Aðrir sem hafa verið orðaðir við stöðuna eru Martin O`Neill, Roy Keane, Alan Curbishley og Alex McLeish. - esá

# Zidane baðst afsökunar

Zinedine Zidane sagði ekki nákvæmlega frá því í gær hvað Marco Materazzi sagði við hann í úrslitaleik HM. Hann baðst þó afsökunar á hegðun sinni.

**FÓTBOLTI** Franski knattspyrnumaðurinn Zinedine Zidane hélt blaðamannafund í gærkvöldi þar sem hann ræddi hið umdeilda atvik í úrslitaleik heimsmeistarakeppninnar þegar hann skallaði hinn ítalska Marco Materazzi í bringuna og fékk að líta rauða spjaldið. Zidane vildi ekki segja nákvæmlega frá því hvað það var sem Materazzi sagði sem varð til þess að hann brást svona við en sagði að það hefði verið mjög alvarlegt og snert móður hans og systur.

„Ég reyndi að hlusta ekki á hann en hann endurtók þetta aftur og aftur. Viðbrögð mín eru óafsakanleg en ég er enn á þeirri skoðun að Materazzi sé sá seki. Ég vil nota tækifærið og biðja öll börn sem urðu vitni að þessu afsökunar, svona á ekki að hegða sér,“ sagði Zidane á fundinum en þrátt fyrir atvikið var hann valinn maður heimsmeistarakeppninnar. Sepp Blatter, forseti FIFA, hefur reyndar gefið það í skyn að svo gæti farið að Zidane missi þann titil vegna hegðunar sinnar.

Materazzi sjálfur vill ekki gefa upp hvað hann sagði við Zidane en segir að það hafi verið ummæli sem fótboltamenn eigi að vera vanir að heyra í nánast hverjum leik. Á blaðamannafundinum í gær sagði Zidane að þetta atvik hefði ekki átt sér lengri aðdraganda og samskiptin milli þeirra tveggja hefðu hafist örfáum sekúndum áður en hann skallaði Materazzi í bringuna.

BBC fékk til sín varalesara til að skoða upptöku af atvikinu og er niðurstaða hans sú að Materazzi á að hafa sagt við Zidane: „Þú ert sonur hryðjuverkahóru,“ og hafa nokkrir aðrir varalesarar haldið því sama fram. Þá halda sumir fjölmiðlar því fram að Materazzi hafi sagt: „Ég gerði þetta bara eins og mamma þín vill hafa það,“ eftir að hafa klipið í geirvörtu franska leikmannsins. Materazzi hefur neitað báðum þessum ummælum en hann missti móður sína þegar hann var fjórtán ára gamall.

elvargeir@frettabladid.is



**ZIDANE** Er hér á blaðamannafundinum í gær með atvikið í baksýn en hann segir að Materazzi hafi látið alvarleg orð falla um móður sína og systur.NORDICPHOTOS/AFP



**GRIKKLAND** Fær að taka þátt í mótum á vegum UEFA og FIFA.NORDICPHOTOS/AFP

Gleðitíðindi fyrir Grikkland:

## Banninu aflétt

**FÓTBOLTI** Alþjóðaknattspyrnusambandið FIFA hefur ákveðið að aflétta banninu sem það setti á Grikkland í síðustu viku. Samkvæmt því banni átti að meina Grikklandi allri þátttöku í mótum á vegum FIFA og UEFA, bæði landsliðinu og grískum félagsliðum. Ástæðan var sú að ríkisstjórn landsins var talin hafa of mikil áhrif innan knattspyrnuhreyfingarinnar í landinu.

Bannið var sett í síðustu viku en því hefur þegar verið aflétt eftir að gríska þingið ákvað að hætta afskiptum sínum af knattspyrnumálum. „Reglurnar í Grikklandi eru nú í samræmi við reglur FIFA og UEFA, því hefur banninu verið aflétt,“ sagði í fréttatilkynningu frá FIFA. - egm

Beenhakker til Póllands:

## Rijsbergen tekur við af Leo

**FÓTBOLTI** Í fyrradag var það kunngjört að Leo Beenhakker hafði verið ráðinn landsliðsþjálfari Póllands en hann stýrði liði Trínidad og Tóbagó á HM í sumar en íslenska landsliðið mætti liðinu í febrúar síðastliðnum í Lundúnum. Við starfi hans tekur aðstoðarþjálfarinn Wim Rijsbergen en hann lék með hollenska landsliðinu á HM 1974. - esá



**CISSE OG FRÚ** Yfirgefa hér Elysee-torgið í París, eftir heimkomu franska landsliðsins frá HM, með Thierry Henry í baksýn. NORDICPHOTOS/AFP

Djibril Cisse:

## Lánaður til Marseille

**FÓTBOLTI** Franski sóknarmaðurinn Djibril Cisse gekk í gær frá lánssamningi við Marseille í heimalandi sínu. Líklegt er að Cisse skrifi síðan undir annan samning við Marseille sem er líklegt til að borga Liverpool átta milljónir punda fyrir kappann, eftir tímabilið.

„Þetta er mjög gott fyrir Djibril af því hann þarf að fá að spila. Það mun henta honum vel að fara aftur til Frakklands,“ sagði Rafael Benítez, stjóri Liverpool, um Cisse. Hann kostaði Liverpool fjórtán milljónir punda þegar hann kom frá Auxerre en hefur verið óheppinn með meiðsli og meðal annars fótbrotnað í tvígang. Hann getur byrjað að spila aftur í október þar sem hann er enn að jafna sig af seinna brotinu.

Liverpool er talið vera nálægt því að klófesta Daniel Alves, leikmann Sevilla, sem er hægri kantmaður. Þá má leiða líkur að því að Benítez snúi sér að hollenska sóknarmanninum Dirk Kuyt, sem hann hefur lengi haft augastað á. - hþh




1329 kr. kg
1899
Krónu lambagrillsneiðar
30% afsláttur
749 kr. kg
942
SS Pylsupartý
Pylsur Remúlaði Sinnep
Tómatsósa
1119 kr. kg
1598
Krónu lambaframpart sneiðar
30% afsláttur
Krónan hentar þér!
Toro Pizza Pronto
299
kr/stk
2 tilbúnir botnar
+ sósa
Hrefnukjötið komið
VEISLA Á GRILLIÐ EÐA Á PÖNNUNA
299 kr. kg
598
Goða súpukjöt
Tagliatelle
Tortelloni
Lasagne
Cappaletti
25% afsláttur
Rana pasta 4 teg.
Fersk Jarðaber box
149
kr/pk
Konfektepli
149
kr/pk
Hunt's BBQ - sósa 4 teg.
169
kr/stk
Virk Sam-keppni
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
SKEIFAN: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-18
BÍLDSHÖFÐI: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
HRINGBRAUT: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
BREIÐHOLT: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
NORÐURBRÚN: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
HVALEYRARBRAUT: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
MOSFELLSBÆR: Allir dagar 12-23
SELFOSS: virkir dagar 11-19, föstudagar 11-20, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
VESTMANNAEYJAR: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
ÞORLÁKSHÖFN: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað


KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
40% afsláttur
389 kr. stk
649
Móa kjúklingalæri magnpakkningar
30% afsláttur
699 kr. stk
999
Goða frosnir hamborgarar 10 stk.
60% afsláttur
120 kr. stk
299
Móa kjúklingavængir magnpakkningar
Pepsi Max 2 Ltr
119 kr/stk
Bounty eldhúsrúllur
389 kr/pk
30% afsláttur
Goða kæfur
130 kr/stk
HOLLT & GOTT
Moulinex Juice Master safapressa
5490
Sunsweet ávextir
189 kr/stk
Barnamatur mikið úrval
79 kr/stk
Lífræn ræktun
Organic Baby
Alltaf frábær tilboð alla daga

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„We'll probably head over there, right after we bury your mom. „**

Svar: Mark í kvikmyndinni Garden State árið 2004.

# dagskrá

### VIÐ TÆKIÐ: BERGSTEINN SIGURÐSSON SÁ ENDANN Á TEYGÐUM LOPA

# *Loksins almennilegur Lífsháski*

Annarri seríu Lífsháska (Lost) lauk á Íslandi á mánudaginn (talsverðu eftir að henni lauk vestur í Ameríku). Fyrsta serían er með því allra besta sem sést hefur í sjónvarpi lengi en sú seinni ber þess greinileg merki að það var gefin skipun um að teygja lopann eins og hægt var og um miðbikið var atburðarásin komin á afskeiðisflan; endalaust slór á ströndinni og misáhugaverðar upprifjanir mismikilvægra persóna.

En undir lokin spýttu menn aldeilis í lófana og enduðu með bravúr á æsispennandi hátt. Nú er bara að sjá hvort þeir haldi dampi í þriðju seríu, sem Ríkissjónvarpið má skammast til að byrja að sýna sem allra fyrst.



**LOST** Loksins fór eitthvað að gerast.

Sömu sögu er að segja um þættina Flóttinn (Prison Break) á Stöð tvö. Sennilega var tíu þáttum ofaukið í þeirri seríu en nú er boltinn loksins farinn að rúlla aftur. Þetta er reyndar klassískt dæmi um þætti sem þola ekki meira en eina seríu.

Ég vakti fram eftir á þriðjudagskvöld og ákvað að horfa á Magna reyna að ganga í augun á Kananum á þriðjudagskvöld og hann kom bara skemmtilega á óvart. Hann var að minnsta kosti langt frá því að vera sístur þeirra sem komu fram. Það kemur reyndar á óvart hversu margir poppsöngvarar eru í keppninni miðað við rokkhundana sem skipa Supernova. En ég og hljómsveitin erum ósammála um ýmislegt; það má búast við að Johnny Cash hafi snúið sér í gröfinni eins og þvottavél í þeytivindu þegar einn keppandinn misþyrmdi Ring of Fire af slíkri kúnst að fangaverðir í Abu Ghraib myndu roðna. Bandinu fannst þetta hins vegar vera „awesome".

En þetta er ágætur þáttur, lagavalið til dæmis ólíkt skárra en í Idolinu, og væri hann sýndur á kristilegri tíma er ekki loku fyrir það skotið að ég myndi bera mig eftir að sjá hann frekar en að láta kylfu ráða kasti.



▶ 22.25 *Drama*

DESPERATE HOUSEWIVES



▶ 20.05 *Matreiðsla*

JAMIE'S GREAT ITALIAN ESCAPE



▶ 20.30 *Gaman*

TWINS



▶ 20.30 *Matreiðsla*

VÖLLI SNÆR



▶ 7.00 *Dægurmál*

ÍSLAND Í BÍTIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.25** Íþróttakvöld **16.40** Formúlukvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar (9:31)

**18.30** **Sögurnar okkar (6:13)** Jóhann G. Jóhannsson og Þóra Sigurðardóttir ferðast um Ísland og fjalla um merka staði sem tengjast þjóðsögum og alls kyns fólki og forynjum.
**18.40** **Andinn í bjöllunni**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
**20.10** **Hálandahöfðinginn (7:10)** (Monarch of the Glen VI)
**21.15** **Sporlaust (20:23)** (Without a Trace)
**22.00** **Tíufréttir**
▶ **22.25** **Aðþrengdar eiginkonur (47:47)** (Desperate Housewives II) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.10** Lífsháski (49:49) **23.55** Kastljós **0.30** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Martha **10.20** Alf **10.45** 3rd Rock from the Sun **11.10** Whose Line Is it Anyway? 3 **11.35** My Wife and Kids

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** My Sweet Fat Valentina **13.50** My Sweet Fat Valentina **14.35** Two and a Half Men **15.00** Related **16.00** Batman **16.25** Leðurblökumaðurinn **16.50** Fífí **17.00** Noddy **17.10** Yoko Yakamoto Toto **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** Simpsons

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.40** **Svínasúpan (e)**
▶ **20.05** **Jamie's Great Italian Escape (1:6)** (Ítalíuævintýri Jamie Olivers) Nýir og stórskemmtilegir matreiðsluþættir með hinum eina sanna Jamie Oliver. Ítalskur matur hefur alltaf verið í sérstöku uppáhaldi hjá þessum frægasta sjónvarpskokki í heimi.
**20.30** **Bones (12:22)** (Bein) Nýr hörkuspennandi bandarískur sakamálaþáttur.
**21.15** **Footballers' Wives (2:8)** (Ástir í boltanum)
**22.00** **For da Love of Money** (Allt fyrir aurana) Geggjuð gamanmynd, full af hipphopptónlist. Bönnuð börnum.

**23.40** Into the West (2:6) **1.10** Huff (5:13) (B. börnum) **2.05** The Package (Str. bönnuð börnum) **3.50** New Rose Hotel (Stranglega bönnuð börnum) **5.20** Fréttir og Ísland í dag **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.30** **Sushi TV (5:10) (e)**
**20.00** **Friends (15:17)** (The One Where Estelle Dies)
▶ **20.30** **Twins (7:18)** (Halloween, Boo) Það er hrekkjavökukvöld og Alan er að reyna að ná þeim sem hefur verið aðkasta eggjum í húsið hans.
**21.00** **Killer Instinct (7:13)** (Game Over) Hörkuspennandi þættir um lögreglumenn í San Francisco. Lögreglumaðurinn Jake Hale er ávíttur af deild sinni eftir að félagi hans var drepinn við skyldustörf. Bönnuð börnum.
**22.00** **Pípóla (1:8)**
**22.30** **X-Files** (Ráðgátur)

**23.20** Smallville (9:22) (e) **0.05** My Name is Earl (e) **0.30** Rescue Me (4:13) (e) **1.15** Weeds (4:10) (e) **1.45** Friends (15:17) (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Óstöðvandi tónlist

**16.00** Run of the House (e) **16.25** Beautiful People (e) **17.15** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö (e)

**19.00** **Beverly Hills 90210**
**19.45** **Melrose Place**
▶ **20.30** **Völli Snær** Undrakokkurinn Völundur er áhorfendum Skjás eins ekki að öllu ókunnugur og sumar sýnir Skjár einn glænýja þáttaröð um eldamennsku Völundar.
**21.00** **Everybody Hates Chris** Gamanættir með svörtum húmor byggðir á æsku grínleikarans og uppistandarans Chris Rock.
**21.30** **Rock Star: Supernova** Íslendingur er nú með í fyrsta sinn í einum vinsælasta þætti í heimi sem í ár er kenndur við hljómsveitina Supernova.
**22.30** **C.S.I: Miami** Sólin á Miami kemur ekki í veg fyrir að ódæðisverk séu framin. Sjarmörinn feimnislegi David Caruso er hér alveg frábær í hlutverki yfirvegaða lögreglumannsins Horatio Caine, en hann ásamt aðstoðarfólki sínu.

**23.20** Jay Leno **0.05** America's Next Top Model V (e) **1.00** Beverly Hills 90210 (e) **1.45** Melrose Place (e) **2.30** Óstöðvandi tónlist

## NFS

▶ **7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir / Markaðurinn / Íþróttir / Veður / Leiðarar dagblaða / Hádegið – fréttaviðtal **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30** **Kvöldfréttir**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.40** **Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.20** **Brot úr fréttavakt**
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **60 Minutes**
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.20** Beethoven's 5th **8.00** Drumline **10.00** Under the Tuscan Sun **12.00** The Terminal **14.05** Beethoven's 5th **16.00** Drumline **18.00** Under the Tuscan Sun **20.00** **The Terminal** (Flugstöðin) Myndin er lauslega byggð á sönnum atburðum og fjallar um Viktor Navorski, mann frá Austur-Evrópu, leikinn af Hanks, sem ferðast til Bandaríkjanna. Þegar hann er staddur á flugvellinum í New York berast þær fregnir frá heimalandi hans að borgarauppreisn sé hafin þar og að ríkið sé ekki lengur til að forminu til sem eitt af þjóðríkjum heims. **22.05** **Courage under Fire (e)** (Hetjudáð) Mögnuð bíómynd um ofurstann Nathaniel Serling. Aðalhlutverk: Denzel Washington, Meg Ryan. 1996. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** To Kill a King (Bönnuð börnum) **2.00** Scorched **4.00** Courage under Fire (e) (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** THS Tara Reid **15.00** 50 Best Chick Flicks: Sex, Cries & Videotape **17.00** Girls of the Playboy Mansion **17.30** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Kate Moss **20.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **21.00** Sexiest **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** THS Kate Moss **1.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **2.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **3.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15





BYRJAR Í KVÖLD KL 22

PÍPÓLA

ÞÆR VORU RÁÐNAR

Þær Elín og Sigurbjörg slógu út yfir 400 manns sem sóttu um að stjórna mest spennandi sjónvarpsþætti sumarsins! Í þættinum Pípóla (merking: leika, dansa, spila) munu Elín og Sigurbjörg kanna hina ýmsu króka og kima íslensks samfélags. Þær setja sig í ólíkleg hlutverk í einn dag og leyfa þannig áhorfendum að kynnast lífi ólíkra hópa á reykvískum sumardögum.

FYLGSTU MEÐ!

Nú ná rúmlega 90% heimila landsins Sirkus TV. Sirkus er á rás 15 á ADSL, 69 á Breiðbandinu, 5 á Digital Íslandi en einnig er víða hægt að ná útsendingum stöðvarinnar með venjulegu loftneti.

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Ítalíuævintýri Jamies Oliver **Stöð 2** kl. 20.05

### *Uppruni ítalskrar matargerðar*



Í þessari nýju þáttaröð sem nú er að hefjast heldur Jamie Oliver í pílagrímsferð til Ítalíu. Á námsárunum sérhæfði hann sig í ítalskri matargerð og því má segja að hann sé kominn á heimaslóðir. Jamie var í læri hjá hinum virta ítalska matreiðslumanni, Gennaro Contaldo, sem hann lítur enn á sem sinn lærimeistara og helsta áhrifavald. Markmið Jamies er að leita að uppruna nokkurra af þekktustu réttum ítalskrar matargerðar. Hann tekur hús á fólki sem hefur eldað þessa rétti kynslóð fram af kynslóð, kynnir sér rétta hráefnið og freistar þess að verða sér úti um hina einu sönnu uppskrift að sígildum ítölskum réttum.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 7 | | 4 | | | |
| | 7 | 2 | 9 | | 3 | 5 | 1 | |
| | 6 | | | | | | 9 | |
| | | 4 | | 3 | | 1 | | |
| | 8 | | | | | | 7 | |
| | | 3 | | 5 | | 8 | | |
| | 2 | | | | | | 4 | |
| | 3 | 9 | 6 | | 1 | 7 | 2 | |
| | | | 2 | | 9 | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | 1 | 3 | 6 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 9 | 5 | 7 | 1 | 4 | 2 | 6 | 3 |
| 3 | 2 | 6 | 5 | 9 | 8 | 4 | 1 | 7 |
| 5 | 3 | 7 | 6 | 8 | 9 | 1 | 2 | 4 |
| 6 | 1 | 4 | 2 | 7 | 3 | 5 | 8 | 9 |
| 9 | 8 | 2 | 1 | 4 | 5 | 3 | 7 | 6 |
| 7 | 5 | 8 | 9 | 3 | 1 | 6 | 4 | 2 |
| 2 | 4 | 9 | 8 | 5 | 6 | 7 | 3 | 1 |
| 1 | 6 | 3 | 4 | 2 | 7 | 9 | 5 | 8 |



▶ **21.10**

*Veruleiki*

SÆNSKU NÖRDARNIR

**SÝN** besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 HM 2006** (Mexikó – Íran)
**20.10 US PGA í nærmynd** (Inside the PGA)
**20.40 World's strongest man 2005** Keppnin um sterkasta mann heims er ávalt skemmtileg. Mótið fór fram í Kína í nóvember á síðasta ári.
▶ **21.10 Sænsku nördarnir** (FC Z) Hvað gerist þegar 15 nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspyrnu né sparkað í fótbolta mynda knattspyrnulið? Þeir eru þjálfaðir af topp þjálfara í þrjá mánuði og að lokum mæta þeir besta liði Svíþjóðar.
**22.00 A1 kappaksturinn 2005/2006**

**22.55 4 4 2** HM uppgjör dagsins.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Músík og mas **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **13.00** Sakamálaleikritið: Flugurnar hvísla **13.15** Á sumarvegi **14.03** Útvarpssagan **14.30** Parísardraumar **15.03** Tónlistarstundir í gömlu Reykjavík

**16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Á sumarvegi **19.30** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Tónlistarhornið **23.00** Töfrateppið **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Píkupopp **0.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónl starstöð n
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður






## HRÓSIÐ

*...fær Atli Guðnason, leikmaður FH, sem skoraði mark og tryggði FH 3-2 sigur á TMVMK Tallinn í sínum fyrsta Evrópuleik.*

# Zidane er niðurbrotinn maður

„Samkvæmt innanbúðarmanni okkar hjá Zidane er hann miður sín yfir þessu og niðurbrotinn maður," segir Sigurjón Sighvatsson sem frumsýndi nýstárlega heimildarmynd um knattspyrnukappann fyrr á þessu ári. Fátt hefur vakið jafn mikla athygli og rauða spjaldið sem Zidane fékk þegar hann skallaði ítalska varnarjaxlinn Materazzi í úrslitaleik heimsmeistaramótsins í knattspyrnu. Kvikmyndin um Zidane er á margan hátt mjög óvenjuleg en hún gerist á rauntíma, í leik Real Madrid og Villarreal. Hið merkilega er að þar fær Frakkinn einnig að líta rauða spjaldið eftir að hafa lent í útistöðum við Quique Alvarez, leikmann Villarreal. „Því verður ekki neitað að þetta atvik í Þýskalandi hefur aukið áhugann á myndinni," útskýrir Sigurjón. „Þrátt fyrir að leika mjög framarlega á vellinum hefur Zidane fengið fjórtán rauð spjöld á ferlinum en Sigurjón segir að sín fyrstu kynni af honum bendi alls ekki til þess að hann sé einhver skapofsamaður. „Þetta er mjög feiminn en um leið yfirvegaður maður með mikið keppnisskap," segir Sigurjón og bætir við að Zidane sé ákaflega stoltur af þessari mynd. „Hann hefur gefið okkur loforð um að kynna myndina með okkur í september og ég veit ekki betur en að það standi." **- fgg**



**AUKIN ATHYGLI** Sigurjón getur ekki neitað því að atvikið í Þýskalandi hafi aukið áhugann á heimildarmyndinni um Zidane.



**SKAPMAÐUR** Zidane hefur fengið fjórtán rauð spjöld á sínum ferli og í heimildarmyndinni fær hann að líta eitt slíkt eftir útistöður við Quique Alvarez.
FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES



**LÁRÉTT**
**2** teikniblek **6** dreifa **8** X **9** heyskaparamboð **11** tveir eins **12** gabba **14** nuddast **16** einnig **17** arinn **18** fát **20** gangþófi **21** traðkaði.
**LÓÐRÉTT**
**1** lofttegund **3** utan **4** seinasti **5** niður **7** frammistaða **10** titill **13** flan **15** fita **16** margsinnis **19** eldsneyti.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** túss, **6** sá, **8** tíu, **9** orf, **11** óð, **12** narra, **14** núast, **16** og, **17** stó, **18** fum, **20** il, **21** tróð.
LÓÐRÉTT: **1** óson, **3** út, **4** síðasti, **5** suð, **7** árangur, **10** frú, **13** ras, **15** tólg, **16** oft, **19** mó.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Mumbai á Indlandi.
2. Syd Barrett.
3. Snædís Guðnadóttir.








**GRÍMUR BRANDSSON** Bendir á turninn þar sem klukkan var. Grímur vann á sínum tíma við að setja upp klukkuna. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

BREYTINGAR VIÐ HLEMM: KLUKKURNAR ÚR SÉR GENGNAR

# Betra að vera klukkulaus en með vitlausa klukku

Klukkurnar sem staðið hafa við Hlemm eru horfnar. Ástæðan er einföld: „Klukkurnar voru ónýtar og við tókum þær niður. Úrverkið í þeim var úr sér gengið," segir Þórhallur Halldórsson, deildarstjóri farþegaþjónustu Strætó bs, sem sér um reksturinn á Hlemmi.

Hinar þríhyrndu klukkur sem gnæft hafa yfir torginu við Hlemm og mælt tímann í næstum þrjá áratugi hafa ekki gengið sem skyldi upp á síðkastið.

„Klukkurnar hafa verið meira og minna bilaðar síðustu ár. Þær hafa í raun gengið minna en meira," segir Þórhallur deildarstjóri. „Þegar þær gengu gengu þær sitt á hvað. Það var aldrei hægt að treysta á þær."

Í stað klukknanna í turninum voru settar upp þrjár stafrænar klukkur innandyra. Gömlu klukkurnar í turninum eru hins vegar komnar í geymslu í stöðvum Strætó bs. við Kirkjusand og alls óvíst hvað verður um þær.

„Ég veit ekki hvað verður um klukkurnar en ég reikna allavega ekki með því að við setjum þær aftur upp. Ef eitthvað annað kemur í staðinn verður það að vera huggulegra," segir Halldór hjá Strætó bs. „Það er nefnilega betra að vera klukkulaus en með vitlausa klukku."

Klukkurnar við Hlemm voru settar upp í kringum 1975 þegar Strætisvagnar Reykjavíkur, betur þekktir sem SVR, tóku yfir húsnæðið við Hlemm. Síðan þá hefur fyrirtækið fengið nýtt nafn. Það er því óhætt að segja að klukkurnar sem staðið hafa við Laugaveg 107 muni tímana tvenna.

kristjan@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Innan tíðar er von á fjölgun í fjölskyldu forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar. **Tinna Ólafsdóttir**, dóttir hans, á von á öðru barni sínu með eiginmanninum Karli Pétri Jónssyni, sem starfar sem fulltrúi forstjóra Dagsbrúnar. Fyrir eiga þau hjónakornin dótturina Katrínu Önnu sem er þriggja ára. Tinna er sögð vera komin rúmlega fjóra mánuði á leið og hafa þau tilkynnt sínum nánustu um þungunina. Karl Pétur vildi ekki ræða þetta við Fréttablaðið í gær, sagði einfaldlega að hann ræddi ekki einkamál fjölskyldu sinnar í fjölmiðlum.



Tónlistarmaðurinn **Sverrir Stormsker** er staddur á Íslandi um þessar mundir. Af og til hafa birst fréttir í fjölmiðlum af ferð Sverris um Asíu en þar hefur hann verið síðasta árið eða þar um bil. Þetta mun þó verða stutt stopp því Sverrir ætlar aftur út til Taílands bráðlega. Í Taílandi hefur hann náð sér í þarlenda konu sem hyggst flytjast með honum til Íslands innan tíðar.



Magni **Ásgeirsson** söng öðru sinni í Rockstar: Supernova aðfaranótt miðvikudags, að þessu sinni í beinni útsendingu á Skjá einum. Magni söng My Generation sem The Who gerðu frægt. Flutningur Magna mæltist misjafnlega vel fyrir hjá Supernova-hljómsveitinni. Þannig var Jason Newsted ánægður með drenginn en Tommy Lee var ekki nógu sáttur. Miklar umræður eru um frammistöðu söngvaranna á spjallborði þáttarins og þar hefur meðal annars verið stofnaður þráður þar sem Magna er spáð sigri. Skiptar skoðanir eru um þetta, eins og lesa má á heimasíðunni rockstar.msn.com.

**- hdm**






Á GRILLIÐ! NÝR HUMAR, LÚÐA, SÓLÞURRKAÐUR SALTFISKUR, SKÖTUSELUR OG KEILA.




Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14


# Íslensk barbiedúkka á e-bay

Barbiedúkka í íslenskum peysufötum er til sölu á uppboðsvefnum e-bay. Dúkkan var framleidd árið 1986 og er hluti af Heimsdúkkusafni Mattel-framleiðandans. Dúkkan er í upprunalegum umbúðum sem hafa aldrei verið opnaðar.

Að neðan er íslenska barbiedúkkan í bláu pilsi og með hvíta svuntu en að ofan í hvítri skyrtu og bláum upphlut. Á höfði ber hún bláa skotthúfu. Auk dúkkunnar fylgir landslagsveggmynd, kort og ferðahandbók af Íslandi, peningar, passi og flugmiðar fyrir dúkkuna góðu í pakkanum.

Um þrjúleytið í gær var hæsta boð í dúkkuna 25 dollarar, sem samsvarar tæpum tvö þúsund krónum en frestur til að bjóða í dúkkuna rennur út um klukkan hálf sjö í kvöld.




**ÍSLENSK BARBIE** Barbiedúkkan í peysufötunum sem er til sölu á e-bay.


Ný sending
Beint á útsöluna!
Nýtt kortatímabil
REGATTA
GREAT OUTDOORS ™
Opið
virka daga 10 – 18
laugard. 11 - 16
50-80%
afsl.
ÚTIVIST&SPORT
verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta
Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Akureyri Strandgata 3 S. 464-4450. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Á FERÐ OG FLUGI
– með ferðatösku frá FAXE



EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR FAXE TRAUSTUR FERÐAFÉLAGI




**BAKÞANKAR**
JÓNS GNARR

## *Mislyndi*

Ég er ákaflega skapgóður maður að eðlisfari. Ég reyni yfirleitt að vera elskulegur við fólk og gefa því tíma minn. Ef ég er eitthvað lumpinn eða illa fyrirkallaður þá hringi ég gjarnan í fólk og bið það fyrirgefningar eða útskýri fyrir því. Flestir vina minna eru eins. En þó ekki allir.

**Í** gegnum tíðina hef ég eignast nokkra vini og kunningja sem eru mislyndir. Eina stundina eru þeir hvers manns hugljúfi en þá næstu kannski eins og snúið roð í hund. Þeir leyfa sér að vera leiðinlegir og láta eins og það sé allt í lagi og skipti hreinlega ekki máli. Þegar ég hitti þá þá fæ ég gjarnan kvíða vegna þess að ég veit ekki hvernig skapi þeir eru í þá stundina.

**ÉG** á einn vin sem ég hitti nokkuð reglulega. Hann er yfirleitt elskulegur og ljúfur. En svo getur hann líka verið fálátur, afundinn og hranalegur og þá líður mér eins og ég sé ekki vinur hans heldur einhver sem hann þolir hreinlega ekki. En það er alls ekki málið. Fleiri hafa sömu sögu að segja. Stundum lætur hann bara skap sitt og fýlu bitna á öðrum. Hann einfaldlega notar aðra til að fá útrás á þeim.

**MÉR** líður oft illa eftir þessi samskipti. Ég velti því stundum fyrir mér hvort ég hafi gert honum eitthvað. Stundum fýkur hreinlega í mig.

**ÉG** hef haft langlundargeð gagnvart þessu fólki og umborið það á þeim forsendum að það væri bara svona. Ég hef varið það fyrir gagnrýni annarra og leyft því að nota mig vegna þess að mér fannst ég ekki eiga neitt betra skilið. En ekki lengur. Ég er hættur því. Ég hef ekki þörf fyrir að eiga vini sem láta mér líða eins og ég sé hálfviti. Mér finnst of vænt um mig til að leyfa einhverjum egóistum að koma illa fram við mig. Þetta er ekki vinátta. Ef fólki finnst í lagi að vera leiðinlegt við mig eða mína þá er það einfaldlega ekki vinir mínir.

**TÍMINN** er dýrmætur. Ég hef ekki tíma í svona samskipti. Ég nenni ekki einu sinni að segja þessu fólki hvað það er leiðinlegt. Ég vil ekki eyða tíma í það. Heimurinn er fullur af elskulegu fólki sem er ekki að kafna í naflalónni af sjálfu sér. Og mig langar að eyða meiri tíma með því. Ég þakka því öllum leiðindapokum og sérviskupúkum fyrir samfylgdina í gegnum árin. Gangi ykkur vel.





ÓKEYPIS ÍSETNING

2006 línan frá Pioneer



**Pioneer DEH-1800**
4 X 45 W magnari • D4O Digital • RDS Móttakari • FM/AM/LW • 18 stöðva minni



iPod tengi / DAB tengi*
*með IP-Bus millistykki

**Pioneer DEHP-4800MP - Spilar MP3/WMA/WAV**
Mosfet 4 X 50 W magnari • Útvarp FM/AM/LW • 18 stöðva minni • 3 Banda tónjafnari

ALVÖRU GRÆJUR Í BÍLINN
ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9 SMÁRALIND KEFLAVÍK AKUREYRI